Menningarminjar í Eiðaþinghá í Suður-Múlasýslu

Svæðisskráning

Orri Vésteinsson & Sædís Gunnarsdóttir

Fornleifastofnun Íslands
FS075-98084
Reykjavík 1999

Efnisyfirlit

Inngangur ____ *3*

Skrá um menningarminjar í Eiðahreppi ____ *3*

SM-001 Eyðar ____ **3**

SM-002 Ormstaðir ____ **14**

SM-003 Gröf ____ **18**

SM-004 Gilsárteigur ____ **20**

SM-005 Gilsárteigshjáleiga ____ **29**

SM-006 Brennistaðir ____ **29**

SM-007 Hjartarstaðir ____ **34**

SM-008 Hamragerði ____ **38**

SM-009 Hleinargarður ____ **40**

SM-010 Fljótsbakki ____ **43**

SM-011 Snjóholt ____ **46**

SM-012 Ásgeirsstaðir ____ **51**

SM-013 Tókastaðir ____ **58**

SM-014 Breiðavað ____ **60**

SM-015 Mýnes ____ **63**

SM-016 Þrándarstaðir ____ **67**

SM-017 Fossgerði ____ **69**

SM-018 Finnastaðir ____ **71**

SM-019 Finnastaðasel ____ **78**

SM-020 Eyvindará ____ **79**

SM-020b Þuríðarstaðir ____ **86**

SM-021 Uppsalir ____ **89**

SM-022 Miðhús ____ **93**

SM-023 Dalhús ____ **98**

SM-611 Fornleifar á fleiri en einni jörð ____ **101**

SM-612 Óstaðsetjanlegar fornleifar ____ **101**

Heimildaskrá ____ *102*

Inngangur

Nú er unnið að undirbúningi svæðisskipulags fyrir Fljótsdalshérað. Samkvæmt þjóðminjalögum er fornleifaskráning lögbundin þáttur í skipulagsstarfi og var leitað til Fornleifastofnunar Íslands um skráningu fornleifa á Héraði og í Borgarfirði eystra. Öll skráningarvinnan fór fram eftir kerfi Fornleifastofnunar Íslands og að henni lokinni eru til upplýsingar um fornleifar á öllu skráningarsvæðinu í einum gagnagrunni.

Í þessari skýrslu er birt minjaskrá Borgarfjarðarhrepps hins forna og skrá um þær heimildir sem notaðar voru. Nánari greinargerð um aðferðir þær sem beitt var, byggðasögu og sögu fornleifaskráningar er að finna í skýrslunni *Menningarminjar á Fljótsdalshéraði og í Borgarfirði eystra. Svæðisskráning*. Heildarfjöldi fornleifa í Eiðahreppi eru 693 staðir á 23 jörðum sem eru að meðaltali 21,4 fornleifar á jörð. Auk þeirra eru sex fornleifar sem ná yfir fleiri en eina jörð og eru það helst götur og vegir innansveitar sem utan. Einnig er einn minjastaður sem ekki var unnt að staðsetja innan ákveðinnar jarðar. Heimildarkönnunin var unnin af Sædísi Gunnarsdóttur sem vann þessa skýrslu ásamt Orra Vésteinssyni. Innan þessarar skýrslu er einnig að finna aðalskráningu fornleifa á Eyvindará, Þuríðarstöðum, Dalhúsum og Miðhúsum sem unnin var af Guðnýju Zoëga og Guðrúnu Kristinsdóttur árin 1996-1997 þegar unnin var skráninga á fornleifum innan bæjarmarka Egilsstaða en fyrrnefnar jarðir tilheyrðu áður Eiðahreppi.

Skrá um menningarminjar í Eiðahreppi

SM-001 Eyðar

60 hdr. 1568, 1696, 1847.. c. 1200: Kirkjunnar getið í kirknaskrá Páls, DI XII 4. Jarðarinnar er getið í Droplaugarsonasögu. IF XI, 168. 1436 er Eiða getið í kaupmálabréfi Þorvarðs Loftsstonar og Margrétar Vigfúsdóttur. DI IV, 562. 1551: Kaupir Vigfús Þorsteinsson Eiða af Margréti Þorvarðardóttur. DI XII, 309. 1564: Í tíundarreikningum í Múlaþingi: “Husfreyia ellefutigu hunndrud med Ejum Vijfilstodumm halfumm Hole. golldid j Jochimdal

ad vickt.” DI XIV, 325. 1651: “Sr. Ívar Haraldsson selur, í umboði Brynjólfs biskups Sveinssonar, Guðrún Árnadóttur hálfa jörðina Eiða, 15 hdr, að dýrleika fyrir Egilsstaði (N-Múl), 16 hdr. að dýrleika, og Ytrikleif, 9 hdr.” Jarðabréf 277.

1847, 1/2 kirkjueign, 1/2 bændaeign. Ormstaðir og Gröf hjáleigur. Upprekstrarland á Þuríðarstöðum og verstaða á Unaósi. “Eiðaland liggur milli Lagarfljóts og Gilsár, og er E eina jörð, sem á land að og veiðirétt í báðum vötnum. Að utan eru mörk við Hleinargarð eftir landamerkjagarði, líklega ævagömlum, við Grafarveg vestur í na-horn Eiðavatns, en grafarmörk milli vatns og fljóts, nokkuð innan við nv horn vatnsins. Landið er um 6 km út og fram af veginum, en 4-5 km við fljótið. Landið er að miklu leyti lágt og þurrlent holta- og ásaland. Milli ásanna eru víða mýrarauðasund, sums staðar mýrar allstórar, víða votlendar og tjörnóttar, en annars staðar hálfdeig höll og þurrlend niður við fljót. ... Vestan lækjar er Fit, 100 hesta engi fyrr, núi ræktuð, en heldur vont tún.” SJM II, 248-251.

1918: 10 ha, garðar 4300 m2. “Gamla túnið er vestan í hæðinni og nú nokkur hús, presthúsið innst.” 1918: “Tún sumpart snögglendir brunahólar, sumpart ræktað upp úr þurrlögðum járnsýrumýrum, 9/10 hlutar sléttir, hitt greiðfært. Engjar fremur snögglendar, allvíðáttu miklar mýrar í bithaga. ... Ræktun eftir 1945: Jón lét víða vinna í túni og græddi töluvert út m.a. bakka neðan lækjar og lét grafa með skurðgröfu mestan hluta af “Fit”, 100 hb. engi neðan við læk. Sigurður ræktaði allmikið, einkum vestan fyrir læk og brúaði lækinn. Eyjólfur ræktaði mest fyrir ofan íþróttavelli báðumegin lækjar. Þórarinn Sveinsson kennari hafði dálítinn kúabúskap um tíma og ræktaði m.a. túnblett á Uxagerði.” SJM II, 248-252.

SM-001:001 *Eyðar* bæjarhóll bústaður
“Gamli bærinn stóð ásamt elsta skólahúsinu, Jónatanshúsi, örskammt vestan kirkjunnar, traðarsund og stétt á milli, norðamn undir Borgarhól.” segir í Sveitum og jörðum. “Í torfbænum var m.a. eldhús og öll mötuneytisaðstaða.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: Túnakort 1918; SJM II, 250, 255

SM-001:002 heimild kirkja
Kirkjunnar er getið í kirknatali Páls biskups Jónssonar. Vilchinsmáldaga 1397. “Sóknarkirkjan byggð 1886 252 m3, timburbygging upphaflega á hlöðnum grunni úr hleðslugrjóti og timburskúfur á þaki. Gagngerðar endurbætur hafa farið fram á kirkjunni nú síðustu árin, grunnurinn steyptur, skipt um þakjárn og glugga, einangruð, rafhituð o. fl. Kirkjugarðurinn umhverfis kirkjuna var sléttaður og snyrtur 73.” Segir í Sveitum og jörðum.
EIÐAR Í EIÐAÞINGHÁ (SM) -Maríu
c. 1200: graftarkirkja; Kirknaskrá Páls, DI XII 4
[1367]: clix. Mariukirkia a eydum a heimalad halftt med gognum og giædum. og holsland halftt med ollum gognum og giædum sem þar fylgia.

les wilchinsbok; Hítardalsbók DI III 232
1397: a heimaland halft med gognumm oc giædum oc Hols land halftt med ollum gognumm oc giædumm þeim sem þar fylgia. fiordung j Ormstodumm.

þangad liggia xvj bær ad tiundumm oc lysitollumm. iiij. bænhvs. takast af einu xij aurar. mork audru. af tveimur vj aurar af hveriu.

Halfkirkia oc takast af iij merkur.

þar skal vera prestur.

Karl Arnorsson lagdi til xiijc og vc firir skogarspell oc jord a Holi.

Þorvardur lagdi til [ornamenta]

portio fiell nidur oll su sem fallid hafdi medann Karl. Þorvardur oc Pall hafa buid firir kirkiu vppgiaurd; Máld DI IV 220-221
1398: [Páll gaddur Guðmundsson komst í kirkju á Eiðum í Fljótsdalshéraði en var borinn út

úr kirkjunni sofandi og höggvinn í Húnavatnsþingi]; Lögmannsannáll, IA, 285
1523: Máld DI VIII 185-186
1856: Eiðasókn lögð undir Hjaltastað; (PP, 15)
16.11.1907: Eiða- og Hjaltastaðasóknir lagðar undir Kirkjubæ; (PP, 15) [lög] Túnakort 1918; SJM II, 252

SM-001:003 heimild rétt
Heimildir: Túnakort 1918

SM-001:004 garðlag túngarður
Heimildir: Túnakort 1918

SM-001:005 garðlag vörslugarður
Heimildir: Túnakort 1918

SM-001:006 heimild útihús
Heimildir: Túnakort 1918

SM-001:007 heimild útihús
Heimildir: Túnakort 1918

SM-001:008 heimild útihús
Heimildir: Túnakort 1918

SM-001:009 heimild útihús
Heimildir: Túnakort 1918

SM-001:010 heimild útihús
Heimildir: Túnakort 1918

SM-001:011 heimild útihús
Heimildir: Túnakort 1918

SM-001:012 garðlag landamerki
"Að utan eru mörk við Hleinargarð eftir landamerkjagarði, líklega ævagömlum." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 250

SM-001:013 *Jónatanshús* heimild
"Gamli bærinn stóð ásamt elsta skólahúsinu, Jónatanshúsi, örskammt vestan kirkjunnar, traðarsund og stétt á milli, norðan undir Borgarhól." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 250

SM-001:014 *Smiðjuhóll* örnefni smiðja
"Ungmeyjarfans skólans er nú geymdur á vetrum, þar sem áður hét Smiðjuhóll, og stóð þar skólahúsið, sem byggt var 1908, og brann vorið 1960." segir í Sveitum og jörðum. ÁG: "Smiðjuhóll, nú kallaður Þórarinshóll, við skólahúsið á Eiðum. Skjal undirritað af ÞM 30.09.1985."
Heimildir: SJM II, 250; ÁG: Skrá um friðlýstar fornleifar, 59

SM-001:015 *Smiðjuhóll* örnefni smiðja
NM: “Svo í plöggum skólans, en ástæða til að ætla, að eldri Smiðjuhóll hafi verið austar, ummerki um járnsmíði og rauðablástur raunar ótvíræð.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 250 NM

SM-001:016 *Grafarvegur* vegur leið
“Eftir yztu og austustu öxlinni og austan í henni lágu götur í Hjartarstað, Hjartarstaðavegur, en norðan undir Sólheimás Grafarvegur.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Eiðar, 8

SM-001:017 heimild áveita
“Austan við Hraungarð standa járnmöstur útvarpsins í miðri Vallablá, en þar var fyrr aðaláveitusvæði Búnaðarskólans.” segir í Sveitum og jörðum. “[1884-1885] Byrjað að gera áveituengi í Vallablá með görðum og skurðum.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 250, 255

SM-001:018 garðlag nátthagi
1889-1890: Töluverðar jarðbætur, túnsléttur, skurðir og hlaðnir nátthagagarðar fyrir tanga á Eiðavatni.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 250, 255

SM-001:019 *Setta* heimild draugur
ÞJÁ: Draugurinn Setta elti Eirík nokkurn frá Skálholti til Eiða og sótti fast að honum. Náði hún á endanum að kyrkja prestinn, en reimleika varð vart framundir aldamótin 1800.
Heimildir: ÞJÁ III, 329

SM-001:020 *Uxagerði* bæjarstæði býli
“Afbýli var á Uxagerði spölkort inn af vesturálmu Eiðavatns og sagnir um annað, Sólheima í Austurröxlum. Á báðum stöðum voru síðan beitarhús.” segir í Sveitum og jörðum. “Þá [1939] voru beitarhús flutt af Uxagerði út á Sólheima.” segir í Sveitum og jörðum. HS: “Uxagerði, afbýli frá Eiðum.” 1892-1893: “Byggð tvístæðufjárhús f 120 og hlaða á Uxagerði.” “Þar kviknaði í húsatóttunum um ´45 og lifði eldur í veggjum og hólum (taðmold) nokkur ár, var því sléttað yfir rústirnar.” Minnst á býlið í eyðibýlaskrá Olavíusar. Segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 251-252, 256; Halldór Stefánsson: “Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum”, 181; ÓO II, 142

SM-001:021 *Sólheimar* bæjarstæði býli
“Afbýli var á Uxagerði spölkort inn af vesturálmu Eiðavatns og sagnir um annað, Sólheima í Austurröxlum. Á báðum stöðum voru síðan beitarhús.” segir í Sveitum og jörðum. “Þá [1939] voru beitarhús flutt af Uxagerði út á Sólheima.” segir í Sveitum og jörðum. 1895-1896: “Byggð hlaða á Sólheimum.”
Heimildir: SJM II, 251-252, 256

SM-001:022 *Fljótsbakkagötur* heimild leið
“Við Fljótsbakkagötur inn og niður af Húsatjörn eru rústir sem heita Geitagerði.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 251

SM-001:023 *Geitagerði* heimild geitakofi

“Við Fljótsbakkagötur inn og niður af Húsatjörn eru rústir sem heita Geitagerði. Þar á Margrét ríka að hafa haft geitur. Tættur eru glöggar og garðlag í kring, snotur staður.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 251

SM-001:024 *Hjartarstaðavegur* vegur leið

“Eftir yztu og austustu öxlinni og austan í henni lágu götur í Hjartarstað, Hjartarstaðavegur, en norðan undir Sólheimás Grafarvegur.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Eiðar, 8

SM-001:025 heimild rauðablástur

“Frá eldri tíð eru gjallhauga, óræk vitni járnvinnslu.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 251

SM-001:026 renna áveita

“Búskaparannáll frá 1918 - F´18: Lýsing Jónasar Eiríkssonar fv. skólastj.: ... Mannvirki síðustu 10 ára: Opnir og lokaðir skurðir 2895 m, flóðgarðar, varnargarðar ...” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 251

SM-001:027 garðlag

“Búskaparannáll frá 1918 - F´18: Lýsing Jónasar Eiríkssonar fv. skólastj.: ... Mannvirki síðustu 10 ára: Opnir og lokaðir skurðir 2895 m, flóðgarðar, varnargarðar ...” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 251

SM-001:028 garðlag

“Búskaparannáll frá 1918 - F´18: Lýsing Jónasar Eiríkssonar fv. skólastj.: ... Mannvirki síðustu 10 ára: Opnir og lokaðir skurðir 2895 m, flóðgarðar, varnargarðar ...” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 251

SM-001:029 heimild vað

“Bílfært heim ... um vað á Eiðalæk fram af Meðaltúni.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 252

SM-001:030 heimild

“Byggt [1884-1885] búr og mylla.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 255

SM-001:031 heimild mylla

“Byggt [1884-1885] búr og mylla.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 255

SM-001:032 heimild fjós

1886-1887: “Byggt fjós 14x6 álnir, “ágætlega gott”, með lofti, eins konar fjósbaðstofu, þar hafðir vinnumenn.” segir í Sveitum og jörðum. “Fjósið brann 4. febr. ... Endurbyggt fjósið sem brann [1894-1895]”

Heimildir: SJM II, 255-6

SM-001:033 heimild
1886-1887: “Byggður geymsluskúr norðan við íbúðarhús.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 255

SM-001:034 heimild kálgarður
1890-1891: “Jarðbætur túnsléttur gerður matjurtagarður og sáð næpum, rófum og kartöflum í 1300 fa2.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 255

SM-001:035 garðlag varnargarður
1890-1891: “Hlaðinn varnargarður sunnan við Meðaltún til að varna læknum út dældina.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 255

SM-001:036 heimild rétt
1890-1891: “Hlaðinn fjárrétt.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 255

SM-001:037 heimild fjárhús
1891-1892: “ ... byggð 2 fjárhús, skemma og smiðja.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 256

SM-001:038 heimild fjárhús
1891-1892: “ ... byggð 2 fjárhús, skemma og smiðja.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 256

SM-001:039 heimild skemma
1891-1892: “ ... byggð 2 fjárhús, skemma og smiðja.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 256

SM-001:040 heimild smiðja
1891-1892: “ ... byggð 2 fjárhús, skemma og smiðja.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 256

SM-001:041 heimild hesthús
1893-1894: Byggt hesthús f. 3 og hlaða.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 256

SM-001:042 heimild hlaða
1893-1894: Byggt hesthús f. 3 og hlaða.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 256

SM-001:043 garðlag kálgarður
1895-1896: “ ... hlaðinn sáðgarður.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 256

SM-001:044 garðlag varnargarður
1896-1897: “Hlaðnir flóðgarðar í blánni, 229 fa.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 256

SM-001:045 heimild

1897-1898: “Byggð “safngröf” fyrir áburð 974 fet3, veggir úr grjóti.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 256; Túnakort 1918

SM-001:046 heimild rétt

1902-1903: “... hlaðin hestarétt, byggð 4 útihús.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 257

SM-001:047 heimild útihús

Heimildir: SJM II, 257

SM-001:048 heimild útihús

Heimildir: SJM II, 257

SM-001:049 heimild útihús

Heimildir: SJM II, 257

SM-001:050 heimild útihús

Heimildir: SJM II, 257

SM-001:051 garðlag

1903-1904: “Algirtur Litlihagi með torf-grjótgarði.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 257

SM-001:052 heimild eldhús

1905-1906: “Byggt mjólkurhús og eldhús undir einu þaki.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 257

SM-001:053 varða landamerki

“Að framanverðu milli Eiða og Fljótsbakka, úr klöppinni við Lagarfljót á Hesteyrum þvert upp í Flötuklöpp, þar fyrir ofan, þaðan beina línu að merkjavörðu austan við Illutjörn ...” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Eiðar, 1

SM-001:054 varða landamerki

“Að framanverðu milli Eiða og Fljótsbakka, úr klöppinni við Lagarfljót á Hesteyrum þvert upp í Flötuklöpp, þar fyrir ofan, þaðan beina línu að merkjavörðu austan við Illutjörn og því næst í miðja Klofasteina; þaðan beina línu utan í Þorgeirshöfða í merkjavörðu á Einabúa um miðja Helmingatjörn ...” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Eiðar, 1

SM-001:055 garðlag landamerki

“Að framanverðu milli Eiða og Fljótsbakka, úr klöppinni við Lagarfljót á Hesteyrum þvert upp í Flötuklöpp, þar fyrir ofan, þaðan beina línu að merkjavörðu austan við Illutjörn og því næst í miðja Klofasteina; þaðan beina línu utan í Þorgeirshöfða í merkjavörðu á Einabúa um miðja Helmingatjörn, síðan beina stefnu fyrir Grundarlæk, yfir merkjagarðinn út í Mjóvatnsenda fremri ...” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Eiðar, 1

SM-001:056 *Hagagirðing* garðlag
“Örnefni í Neðra landi. Neðan við Eiðalæk er stór hálfdeig mýri (nú framræst tún) kölluð einu nafni Fit. ... Þar utan við var Hagagirðing.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Eiðar, 2

SM-001:057 *Bauluvað* heimild vað
“Örnefni í Neðra landi. Neðan við Eiðalæk er stór hálfdeig mýri (nú framræst tún) kölluð einu nafni Fit. ... Þar utan við var Hagagirðing. Austan við Bauluvaðsholt var Bauluvað yfir Eiðalæk. Það er nú aflagt, síðan 1939 ...” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Eiðar, 2

SM-001:058 heimild
“Örnefni í Neðra landi. ... Í Hagaklett er klöppuð áletrun frá 19. öld: “1866 xx o” og tæp tvö fet frá “P.P” Áletrunin er líklega gerð af Pétri Péturssyni Jökli.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Eiðar, 2

SM-001:059 *Bátavík* örnefni lending
“Út með vatninu frá Grænuvík heitir Barð, og yzti hluti Stórhaga heitir Hagasporður. Að austanverðu í haganum er Langaker, tjörn utarlega, Bátavík er innar.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Eiðar, 2

SM-001:060 *Hústjarnarholt* örnefni
“Neðan við Framfit er Hústjarnarholt ...” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Eiðar, 3

SM-001:061 heimild stekkur
“Norðan við holtin er allstór tjörn, sem heitir Hústjörn. Út af tjörninni er Hústjarnarsund, en út af því er Stekkjarmýri, og nær að Efrivatnsfæti. Utan við mýrina er Stekkur undir klettsnefi í hallanum fram af Hagakletti og sjást tætturnar.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Eiðar, 3

SM-001:062 garðlag
“Neðan við Uxagerðismýri er Fljótshall, öðru nafni Uxagerðisenni. Neðan við það er vik úr fljótinu, kallað Hesteyrakrókur. Utan við Fljótshall er Fisklækjarholt milli Lagarfljóts og Eiðavatns. Innan við Fisklækjarholt, hagar báða og austur í Eiðalæk á Bauluvaðsholti er gamall garður, enn sýnilegur ...” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Eiðar, 3

SM-001:063 varða landamerki
“Að utanveru milli Grafar og Eiða, frá Lagarfljóti austur yfir miðjan Stórás utan við Fiskilæk í vörðu að norðanverðu við Eiðavatn.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Eiðar, 1

SM-001:064 heimild mógrafir
“Inn af mýrinni [Uxagerðismýri] norðanverðri gengur sund, sem heitir Mósund, þar var tekinn upp svörður, og mun nafn þetta vera frá síðasta áratug 19. aldar.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Eiðar, 4

SM-001:065 þjóðsaga sel
“Austan við Mósund er Geitagerðisás. Framan við hann eru fornar rústir sem heita Geitagerði

[023] Þar var sagt að Margrét ríka á Eiðum hafi haft geitur sínar á vetrum, en í seli til fjalla á sumrum." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Eiðar, 4

SM-001:066 *Brúarsund* örnefni
"Inn af henni [mýri neðan við 023] er Brúarsund, að nokkru leyti í Fljótsbakkalandi." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Eiðar, 4

SM-001:067 heimild mógrafir
"Fremra land. Austan við Flagás er Flagásmýri og er hún víst líka að einhverju leyti fyrir utan hann. Framan við Eiðalæk inn af túni er Lækjarmelur. Inn af honum er Móholt, Mómýri og Mómýrartjörn. Þarna eru gamlar svarðargrafir." segir í örnefnalýsingu. Ekki gömul örnefni.
Heimildir: Ö-Eiðar, 4

SM-001:068 *Hringur* garðlag
"Hringur kallast gömul girðing fyrir framan læk inn af Gróðrarstöð. Innan Hringsins er harðvellisþýft með gömlum tóttarbrotum." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Eiðar, 5

SM-001:069 heimild mógrafir
"Utan við túnið í dæld út af Hraungarði [016] eru Mógrafir." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Eiðar, 5

SM-001:070 *Helgahaugur* örnefni legstaður
"Hrinutangi eða Hrinuhali var hryggur út af NV-horni Sundlaugarhússins og NV við hann Grátþúfur. Vestar nær læk var Helgahaugur, haugur Helga Ásbjarnasonar. Nú er búið að slétta þetta svæði fyrir löngu, og enginn veit glöggt hvar þessi örnefni voru." segir í örnefnalýsingu. "Utantil í Túninu sama stadar [þ.e. og Hringir] hefur verid - og er ennú - kalladur Helga haugur, hvar sagt er ad Helgi Ásbjarnarson, sem Fljótsdæla gétur umm ad véginn hafi verid í Reckju sinni af Grimi Droplaugarsyni, égi ad vera á 2r Stodum, enn þegar búid var ad grafa nidur 1 1/4 al: vard fyrir fastur Klettur, svo stór ad hvorki vard komist undir né i kríngum hann, gétur þad því varla verid satt ad nefndur Helgi Asbjarnarson haif þar nockurn tíma verid heygdur." [aftanmgr. 6: "Um víg H.Á. er getið í Dropls. sögu. Fljótsdæla saga kom ekki á prent fyrir en 1883enlíklegter að Dropls. hafi verið aukið aftan við Fljótsdælu í handriti því sem B.V. styðst við. Um handrit Fljótsdælu og Dropls. sjá formála Kaalunds í Fljótsdæla hin meiri, STUAGNL XI. Kh., 1883 og formála Jóns Jóhannessonar í Austfirðinga sögur, Rv., 1950, bls. XCVII.]
Heimildir: Ö-Eiðar, 5; FF I, 47

SM-001:071 heimild hesthús
"Út frá Heimavistarhúsi (mötuneytishúsi) er lágur hóll, sem heitir Hesthúshóll. Þar var Hesthús." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Eiðar, 5

SM-001:072 heimild lambhús
" ... austan við hann [Smiðjuhól] var Lambhúshóll. ... á Lambhúshól var Lambhús." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Eiðar, 5

SM-001:073 *Yztahús* heimild
"Út af Smiðjuhól voru: Yztahús, næst Baðhús og hrútakofi sambyggð." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Eiðar, 5

SM-001:074 *Baðhús* heimild bað
"Út af Smiðjuhól voru: Yztahús, næst Baðhús og hrútakofi sambyggð." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Eiðar, 5

SM-001:075 *Traðarhús* heimild hesthús
"Innan við veginn heim í Eiða voru þessi hús: Næst vegi og rétt neðan við túnhliði var Traðarhús á Traðarhúshól." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Eiðar, 6

SM-001:076 *Hólshús* heimild
"Innan við veginn heim í Eiða voru þessi hús: Næst vegi og rétt neðan við túnhliði var Traðarhús á Traðarhúshól. Fram og niður af Traðarhúsi var Hólhús á brattri hólbrún í miðjum túnbrekkunum." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Eiðar, 6

SM-001:077 *Fremstahús* heimild fjárhús
"Spölkort innan við Hólhús [077] er Fremstihúshóll. Þar stóð fjárhús, sem kallað var Fremstahús." segir í örnefnalýsingu. Gæti verið sama og 037-038.
Heimildir: Ö-Eiðar, 6

SM-001:078 *Kvíaból* örnefni kvíar
"Á Hraungarði út og austur af skólahúsunum var Kvíaból austan í hæðinni rétt sunnan við íbúðarhúsið, sem þar er nú, í dældinni við hlaðið." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Eiðar, 5

SM-001:079 *Kvíahvammur* örnefni kvíar
"Ofan við Traðarhúshól [075] og rétt við túnhliðið er djúp dæld, er hét Kvíahvammur. Síðar var Traðarhúsi breytt í hesthús, og þá farið að kalla hvamminn Hesthúsbotn." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Eiðar, 6

SM-001:080 garðlag
"Utan við Pálsskóg er ferkantað garðlag. Þar átti að vera grafreitur, en varð ekkert af því." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Eiðar, 6

SM-001:081 *Fljótsbakkavað* heimild vað
"Inn af Borgarhól er Fljótsbakkavað á Eiðalæk." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Eiðar, 6

SM-001:082 bæjarstæði býli
"Inn við lækinn [Vallalæk sama og Eiðalækur] framan í enda Neðrivallaáss er hálf hringlaga hvammur, sem heitir Brandshvammur. Þar bjó einhverntíma einsetumaður, sem Brandur hét, og sést enn móta fyrir garði í kringum hvamminn, og í honum eru kofarústir." segir í

örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Eiðar, 6

SM-001:083 *Mylluás* örnefni mylla
“Ofan við Ranablá er Mylluás, á landamerkjum Eiða og Ormsstaða.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Eiðar, 6

SM-001:084 heimild kláfferja
“Yzt á Mylluás er Dráttarklettur við Gilsá. Þar við er Dráttarhylur í ánni, þar var Kláfferja áður, nú brú.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Eiðar, 6

SM-001:085 *Helguvað* heimild vað
“Nokkru neðar [en 084] er Helguvað á Gilsá og norðan við vaðið Helgusteinn. Þegar vatnsborðið á ánni var orðið svo hátt, að steinninn fór í kaf, var orðið ófært.” segir í örnefnalýsingu. “Tildrög þessa nafns er þau, að stúlka, sem hét Helga, drukknaði í Innrilambadalsá á Gilsárdal. Lík hennar rak upp úr Gilsá við Helgustein.”
Heimildir: Ö-Eiðar, 6

SM-001:086 *Stíflulækur* heimild áveita
“Vatn af Eiðablá safnast í Sortukíl nálægt niðri blánni og fellur í Gilsá. Áður var veitt úr Gilsá á blána og var áveitulækurinn og kíllinn jafnvel líka kallaður Stíflulækur.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Eiðar, 7

SM-001:087 *Sortuvað* heimild vað
“Út og austur af Eiðablá fellur Gislá um eyrar og kvíslast stundum, heita þar Gilsáreyrar. Sortukílsklettar eru rétt við kílósinn við ána og Sortuvað á Gilsá þar hjá.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Eiðar, 7

SM-001:088 *Skjöldumýrarvað* heimild vað
“Út frá Eiðablá er grýtt hæð, sem er kölluð Hraun. Þar er Hraunbotn. Út frá Sortukýlsklettum er Silungshylur í Gilsá. Þar gengur sýrshall að ánni og heitir Kjöldumýrarenni. Niður af því er Skjöldumýri, þar er Skjöldumýrarvað á Gilsá.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Eiðar, 7

SM-001:089 *Stekkjarnes* örnefni stekkur
“Út frá Eiðablá er grýtt hæð, sem er kölluð Hraun. Þar er Hraunbotn. Út frá Sortukýlsklettum er Silungshylur í Gilsá. Þar gengur sýrshall að ánni og heitir Kjöldumýrarenni. Niður af því er Skjöldumýri, þar er Skjöldumýrarvað á Gilsá. Utan við vaðið er Stekkjarnes.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Eiðar, 7

SM-001:090 *Stekkjanesvað* heimild vað
“Út frá Eiðablá er grýtt hæð, sem er kölluð Hraun. Þar er Hraunbotn. Út frá Sortukýlsklettum er Silungshylur í Gilsá. Þar gengur sýrshall að ánni og heitir Kjöldumýrarenni. Niður af því er Skjöldumýri, þar er Skjöldumýrarvað á Gilsá. Utan við vaðið er Stekkjarnes. Utan við nesið er Stekkanesvað á Gilsá á kirkjugötum frá Brennistöðum.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Eiðar, 8

SM-001:091 tóftir

ÁG: “Eiðar 1) Tvær hringamyndaðar tóftir, fyrir utan túnjaðar.” FF: “ ... ad austannverdt vid Túnid á Eydum, edur áfast vid Vallargardinn, eru 2r svokallaðir Hríngir sa stærri 80, enn sá minni 40 Fadmar Ummáls, bádir ummgyrdtir med grjóthledslu, af stórum Steinum, mikid nidur socknum. Almenn Sogusogn er, ad svonefnd Ríka Margret Þorvaldsdóttir, er bjó á Eydum skommu fyrir Reformations Tid, hafi brúkad þann stærri Hríng fyrir Stód- og geldfjár-Rett, enn þann minni fyrir Fjárqvyar [aftanmg. 5. sagnir um M. í Sigf. Sigf. Ísl. þ. IX, 88-90 og Jón Árnas Þjóðs., II 1954, 132-3.]. Þad getur annars verid ekki svo ólíkleg Tilgáta, ad Hríngir þessir hafi adr fyrri kunnad ad vera Dómhríngir, hvar tilþeir hafa ecki so ólíklegt Utlit. Millum þeirra eru herummbil 15fadmar, og frá þeim stærri hefr legid breid og dugleg Tröd med grjóthledslu heim til Bæarins.” Samanber Kálund 1879-1882: 245. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930.

Heimildir: ÁG: Skrá um friðlýstar fornleifar, 59; FF I, 47

SM-001:092 heimild fjós

KK segir að fjárstóft sé sunnan við bærinn.

Heimildir: KK IV, 39

SM-001:093 heimild göng

KK segir að fjárstóft sé sunnan við bærinn. Þar eiga menn að hafa séð merki um jarðgöng Gríms.

Heimildir: KK IV, 39

SM-002 Ormstaðir

15 hdr. 1686. Jarðarinnar er getið í Fljótsdælasögu IF XI, 218. 1397 á kirkjan fjórðung í O. DI IV; 220-221. 1567 eru Ormastaðir nefndir í bréfi. DI XV, 6. Hjáleiga Eyða. “O eru uppi við fjall innan við Gilsá og landamörk að norðan og norðaustan við ána upp á móts við Innri-Lambadalsá. Mörk við Eiða eru frá Gilsárbrún og inn fyrir neðan Mjóavatn, um 400 m vestur af vatninu. ... Jörðin á spildu upp upp með Gilsá og innan við 1 km á breidd, m.a. nokkra hálsarana, sem liggja þvert á Gilsárgljúfur.” SJM II, 246-247. Fóru í eyði 1775 ekki skráð hvenær þeir byggðist aftur. ÓO II, 142.

1918: 2,9 ha, garðar 556 m2. “Gamla túnið var silukennt og svo þýft, að sagt var að kettir gætu fótbrotnað í því, engjar yfirleitt votar og þýfðar, nærtækar í neðra, langsóttari, en þeim mun heybetri uppi um brekkurnar. ... Sléttun lokið 1947.” SJM II, 247.

SM-002:001 *Ormsstaðir* bæjarhóll bústaður

“Gamli bærinn stóð austar [en 002]. Þar heitir nú bæjarhóll.” segir í örnefnalýsingu. “Torfbær aflagður til íbúðar ´24. Baðstofa portbyggð, tvískipt uppi og niðri, um 4 rúmlengdir, 4 burstir (timbur og torf) sneru vestur á hlað. Aleyddur nú.” Segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: Túnakort 1918; SJM II, 247; Ö-Ormsstaðir, 2

SM-002:002 *Lækjarhús* heimild fjárhús

“Örnefni í túni á Ormarsstöðum: Lækjarhús hétu fjárhús , sem stóðu þar, sem nú er íbúðarhús á Ormarsstöðum.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Ormsstaðir, 2

SM-002:003 *Kvíaból* örnefni kvíar

“Utan og ofan við tún, nálægt Gilsá, var Kvíaból.” segir í örnefnalýsingu. “Um 1911: Sauðaeign hætt og fráfærum um líkt leyti.” Segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: Ö-Ormsstaðir, 2; SJM II, 247

SM-002:004 *Skólahúsið* heimild fjárhús

“Við Kvíabólið var fjárhús, kallað Skólahús. Það var notað um tíma af skólabúinu á Eiðum,” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Ormsstaðir, 2

SM-002:005 *Eðvaldhús* heimild fjárhús

“Lambhúsás gengir inn í túnið efst. Þar stóð fjárhús, kallað Eðvaldshús (eða Lambhús). Kennt við Edvarð Eyjólfsson póst, sem bjó á Ormsstöðum 1896-7.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Ormsstaðir, 2

SM-002:006 renna áveita

“Áveituskurður “þvert yfir Dalinn” þ.e. milli ása sa. af bæ.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 247

SM-002:007 heimild beitarhús

“Jörðin á spildu upp upp með Gilsá og innan við 1 km á breidd, m.a. nokkra hálsarana, sem liggja þvert á Gilsárgljúfur. Sá neðst heitir Heimaháls, en efst eru Torfur. Beitarhús voru ofan við Heimaháls.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 247

SM-002:008 heimild stekkur

“Neðan við túnið er klettahryggur, sem heitir Hraungarður. Inn af honum er Nónhraun. Innar er Stekkjarklettur. Þar hjá er Stekkur.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Ormsstaðir, 2

SM-002:009 *Mylluás* örnefni mylla

“Neðan við túnið er klettahryggur, sem heitir Hraungarður. Inn af honum er Nónhraun. Innar er Stekkjarklettur. Þar hjá er Stekkur. Neðan við Hraungarð er Mylluás.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Ormsstaðir, 2

SM-002:010 *Hraungarðsvað* heimild vað

“Út frá Hraungarði [sjá 009], austast, er Hraungarðshylur í Gilsá. Neðan við hylinn er Hraungarðsvað.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Ormsstaðir, 3

SM-002:011 *Borgfirðingavað* heimild vað

“Neðan við Dráttarhyl er annað vað á Gilsá (ofan við Helguvað; sjá örnefni á Gilsárteig). Það kallar Þórhallur á Ormsstöðum Borgfirðingavað, og Borgfirðingagötur segir hann, að liggi um Mylluás.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Ormsstaðir, 3

SM-002:012 *Borgfirðingagötur* gata leið

“Neðan við Dráttarhyl er annað vað á Gilsá (ofan við Helguvað; sjá örnefni á Gilsárteig). Það kallar Þórhallur á Ormsstöðum Borgfirðingavað, og Borgfirðingagötur segir hann, að liggi um Mylluás.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Ormsstaðir, 3

SM-002:013 *Skólavað* heimild vað
"Út af Lambhúsás (áðurnefndum) rétt ofan við túnið, er vað á Gilsá, sem Ormastaðafeðgar nefna Skólavað." segir í örnefnalýsingu. "Snæþór í Gilsárteig segir að þetta vað heiti Borgfirðingavað [sjá 011] og Borgfirðingagötur [sjá 012] séu ofan við túnið á Ormsstöðum. Virðist það eðlilegra eftir staðháttum. Þetta var kaupstaðaleið Borgfirðinga til Eskifjarðar (Breiðuvíkurkaupstaðar) á einokunartímanum."
Heimildir: Ö-Ormsstaðir, 3

SM-002:014 *Borgfirðingagötur* gata leið
"Snæþór í Gilsárteig segir að þetta vað heiti Borgfirðingavað [sjá 011] og Borgfirðingagötur [sjá 012] séu ofan við túnið á Ormsstöðum. Virðist það eðlilegra eftir staðháttum. Þetta var kaupstaðaleið Borgfirðinga til Eskifjarðar (Breiðuvíkurkaupstaðar) á einokunartímanum." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Ormsstaðir, 3

SM-002:015 heimild rétt
"Ofan við Kvíaból er Réttarklettur. Þar var um tíma skilarétt. Hún eyðilagðist í vatnavöxtum 1950. Þá var réttin færð niður fyrir tún." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Ormsstaðir, 3-4

SM-002:016 *Nykurfossar* þjóðsaga skrímsli
"Ofan við gamla réttarstæðið er Réttarfoss (Eldri-Nykurfoss) í Gilsá. ... Stutt ofan við Réttarfoss er Efri-Nykurfoss í Gilsá." segir í örnefnalýsingu. "Munnmæli herma frá nykrum í fosshyljunum." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: Ö-Ormsstaðir, 4; SJM II, 266

SM-002:017 *Þrívörðuháls* örnefni
"Upp af Klofasteinahálsi er Þrívörðuháls. Fyrsti endi hans er í Ormsstaðalandi." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Ormsstaðir, 4

SM-002:018 kuml legstaður
"Fundust ´66 mannabein úr heiðni, öxi o. fl." segir í Sveitum og jörðum. KE: "Grafarstæði var um 200 m norðaustur frá gamla bænum eða staðnum þar sem hann var, því að hann er nú fyrir alllöngu þurrkaður út og nýtt íbúðarhús úr steini byggt á öðrum stað og nokkru fjær kumlastæðinu. Kumlið hefur verið gert á lágum hólrana alveg norður undir Gilsá. Aðeins 30-40 m eru frá kumlinu að ánni, og þar gengur skemmtilegur lágur klettapallur út í ána. Sunnan við holtið er svo mýri. ... Holtið mun stundum vera nefnt Kvíaból [003] en á því voru áður fjárhús hlaða og hesthúskofi. Bak við hlöðuna mátti sjá að væri gamalt umrót af manna völdum og það var einmitt þar, sem mannabeinin komu í ljós."

"Þegar ég kom á staðinn, sást í brotna höfuðkúpu, sem ætla mátti að væri óhreyfð að öðru leyti, og auk þess voru svo sýnd bein, sem jarðýtan hafði fært úr stað. Kom það líka undir eins í ljós, þegar farið var að skyggnast nánar eftir, að allur efri hluti beinagrindarinnar var óhreyfður að öðru leyti en því, að hauskúpan hafði brotnað, en aftur á móti hafði jarðýtan sópað burtu öllum beinum úr neðri hluta líkamans. Efri hluti vinstra lærleggs var á sínum stað, svo og mjaðmagrindin og allt þar fyrir ofan, eins og uppdráttur sýnir. Maðurinn hafði verið lagður á bakið, vinstri framhandleggur skáhallt niður fyrir lífið, svo að fingurbein vinstri handar lágu á hægra mjaðmarbeini, en hægri handleggur virtist helzt hafa verið beinn niður

með síðunni. Tveir steinar ekki stórir voru ofan á beinagrindinni, annar á vinstri öxl, en hinn á hægra mjaðmarbeini ofanverðu. Annars var ekki grjót í kumlinu. Gröf hafði verið grafin ofan í moldina, 185 sm að lengd og röskir 70 sm að breidd, og sást mjög greinilega móta fyrir henni. Hornin voru sljó, en gröfin annars regluleg. Upprunaleg dýpt hennar er nú ókunn, þar sem búið var að ýta ofan af kumlinu, en þegar rannsóknin var gerð, var dýptin ekki nema 20-30 sm. Botn grafarinnar hallaði allmikið niður til fótaendans. Gröfin snéri nákvæmlega í suður og norður, höfuðið í suðurendanum. Beinin úr manninum sýndu, að þar hafði verið grafinn karlmaður, á miðjum aldri, líklega því eitthvað yfir fimmtugt að sögn Jóns Steffensens. Á báðum framhandleggjum sést eirlitur, sem þó er ekki af neinum þeim hlut sem í gröfinni fannst. Haugfé var ekki fjölskrúðugt eða sem hér segir. Axarblað úr járni, 14 sm að lengd, 6,5 sm fyrir munn, breidd skalla 3,6 sm, engin oddar fram af auga, en sljórri oddar ganga niður frá auganu. Efri brún teygist nokkuð upp og fram, en neðri brúnin sveigist fram og niður lítið eitt krappara.Öxin er veggslegin, þ.e. þykkust um skallann, en hliðarnar beinar fram á egg, þannig að hún þynnist jafnt og þétt eins og fleygur. Helzt verður að telja öxina til K gerðar Jans Petersen, en það er algeng 10. aldar gerð og hafa slíkar axir fundist hér á landi áður ... Þessi öxi er óvenjulega lítil, aðeins lítið eitt lengri en öxin frá Straumi í Hróarstungi, sem fannst í kumli 10 ára drengs. Í axarauganu voru tréleifar, sem sýndu, að axarskaftið hafði verið úr beyki, samkvæmt greiningu Haralds Ágústssonar viðartegundafræðings. Öxin lá þversum yfir hægri upphaldlegg mannsins, og horfði ekki út að grafarbakkanum. Hún var mjög syðsollin, og sprungu bænar flögur af henni báðu megin, en samt sem áður heldur hún vel lagi sínu, og mikið járn er enn eftir í henni. Hnífsblað með tanga, mjög venjulegt og lítilfjörlegt, 5,5 sm að lengd, en raunar vantar þá bæði framan á oddinn og aftan á tangann. Lá undir vinstri framhaldlegg. Þrjú blýmet með mikilli hvítri stroku utan á. Hið stærsta hefur verið því sem næst kringlótt, um 1,3 sm í þvermál, en dálítið vantar á það nú. Hið næststærsta er ferkantað, lengra á annan kantinn, sem er 1 sm. Hið minnsta er næstum því teningslagað, um 5 mm á kant. Þar er blýmet þessi eru svo afmyndið af hrúðri, virðist ekki ástæða til að vega þau. Metin voru öll saman og lágu með hnífnum undir vinstra framhandlegg mannsins. Undir þeim hafði varðveizt dálítil vaðmálspjatla, sem þau hafa verið vafin í, en hún er þá ekki úr klæðum mannsins. Blýið virðist hafa verndað hana frá rotnun. Fleira var ekki í kumlinu og annað haugfé sennilega aldrei verið. En í flagi fundust tvö járnbrot, sem annað er svolítill kengur en hitt líkast tanga af hníf, en engin ástæða er til að setja þessi smámuni í samband við kumlið. Öllu líklegra var, að brotin væru úr öðru kumli á staðnum ... Um 15 m sunnan við kumlið vað vart við allstóra aðflutta steina á um það bil 20 fermetra svæði í flaginu. Kringum þá var alls staðar hreyfð mold að því er virðist, en hvergi var djúpt á óhreyfðan jarðveg. Bersýnilega var þetta grjót borið saman af manna völdum, líklega úr ánni, en hvernig sem leitað var, tókst ekki að finna neitt, sem mætti kalla gröf. Fáein beinabrot fundust, en annað ekki. Voru það dýrabein, en eitt mannsherðablað, sem ekki á við beinagrindina í kumlinu, mun eflaust vera frá þessum stað. En þó ekki tækist að koma neinu viti í þetta alltsaman, get ég varla ímyndað mér annað en að þarna hafi verið kuml, eitt eða fleiri, en síðan hafi þau verið rænd."

Heimildir: SJM II, 247; KE: Árbók 1967, 103-108

SM-002:019 heimild fjárhús

KE: "Holtið mun stundum vera nefnt Kvíaból [003] en á því voru áður fjárhús hlaða og hesthúskofi. Bak við hlöðuna mátti sjá að væri gamalt umrót af manna völdum og það var einmitt þar, sem mannabeinin komu í ljós."

Heimildir: KE: Árbók 1967, 103-108

SM-002:020 heimild hesthús

KE: "Holtið mun stundum vera nefnt Kvíaból [003] en á því voru áður fjárhús hlaða og

hesthúskofi. Bak við hlöðuna mátti sjá að væri gamalt umrót af manna völdum og það var einmitt þar, sem mannabeinin komu í ljós."

Heimildir: KE: Árbók 1967, 103-108

SM-002:021 heimild hlaða

KE: "Holtið mun stundum vera nefnt Kvíaból [003] en á því voru áður fjárhús hlaða og hesthúskofi. Bak við hlöðuna mátti sjá að væri gamalt umrót af manna völdum og það var einmitt þar, sem mannabeinin komu í ljós."

Heimildir: KE: Árbók 1967, 103-108

SM-002:022 heimild rauðablástur

KE: "... Þórhallur Helgason sagði mér frá meiriháttar rauðablástursminjum á Ormsstöðum. Andspænis gamla bænum var áður fyrr dálítill hóll, en milli hans og bæjarins var lækur, sem nú er horfinn. Við hólinn var líkt of húsatóft, lítil um sig en djúp. Þegar farið var að róta þarna, kom í ljós hrúga af rauðgjalli, og var því líkast, að gjallinu hefði verið mokað út í lækinn, en dálítil hrúga orðið eftir á bakkanum. Gjallstykkin voru allt upp í hnefastór. Enn er auðvelt að ná þarna í sýnishorn. Staðurinn er austan við íbúðarhúsið sem nú er."

Heimildir: KE: Árbók 1967, 108

SM-003 Gröf

1568 er Gröf 6 hdr. DI XV, 78. Hjáleiga Eyða. "Mörk við Hleinagarð eru bein lína úr Grafarvogi nyrst og austast úr Eiðavatni norður mýrardæld, Grafardal, milli Mjóavatns og Arnarvatns í Breiðavatn vestur af Hleinagarði. Rauðilækur er á mörkum við Tjarnarlandi gegnt Straumi í Tungu." SJM II, 264. Í eyði. 1918: tún 1,9 ha. "G. væri kostajörð með nútímarækni, ræktunarskilyrði geysimikil á mýrum og lyngi- og grasivöxnum ásum, ávölum og jarðdjúpum. Gamla túnið er holótt, harðlent og leitt aðvinnslu, engjar í mýrum víða um landið, beitiland gott fyrir alla gripi vetur sem sumar, snjólétt og skýlt.

SM-003:001 *Gröf* bæjarhóll bústaður

"Gamli bærinn stóð vestan í bæjarásnum og skammt vestur af er annar ás hár, bærinn því innilokaður ... Árið 1948 var bærinn færður austan og ofar og Gröf því ekki lengur réttnefni. ... Þar mun vera bær sá sem brann 1948, m.a. baðstofuhúsi með litlu eldhúsi og stofukytru undir palli og harla láreist uppi, göng hlaðin saman í mænu og bærinn mjög grafinn inn í brekkuhjall." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 264-265

SM-003:002 heimild fjárhús

"... torffjárhús (´50) f. 140, torfhlaða 140 m3 ..." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 265

SM-003:003 heimild hlaða

"... torffjárhús (´50) f. 140, torfhlaða 140 m3 ... " segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 265

SM-003:004 *Hólhús* heimild fjárhús

"Utan við bæinn eru tveir hólar í túninu, Langihóll eða Hjallhóll, og fjær bæ Hólhúshóll. Það stóð fjárhús kallað Hólhús." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Gröf, 3

SM-003:005 heimild hesthús
“Þar sem hesthúsið var, er nú íbúðarhúsið í Gröf.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gröf, 3

SM-003:006 gripir
“Rúnakefli úr Grafarskógi mun vera á þjóðminjasafni.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 264

SM-003:007 heimild beitarhús
“Í Grafartöngum út og norður af bæ voru beitarhús til búsetuloka.” segir í Sveitum og jörðum. “Út af Laufáshöfða eru Grafartangar, stórt móasvæði meðfram Lagarfljóti. ... Út af Laufáshöfða er Húsatangi. Þar voru beitarhús frá Gröf.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SJM II, 264; Ö-Gröf, 4

SM-003:008 garðlag vörslugarður
“Má sums staða sjá vörslugarðstúfa og tóttarbrot, þar sem best hagar til.” segir í Sveitum og jörðum. “Mannvirki engin teljandi utan gamall skurður í mýri við túnið og forn torfgarður er girðir af tanga út í Grafarvatn.”segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 264

SM-003:009 heimild
“Má sums staða sjá vörslugarðstúfa og tóttarbrot, þar sem best hagar til.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 264

SM-003:010 heimild áveita
“Mannvirki engin teljandi utan gamall skurður í mýri við túnið og forn torfgarður er girðir af tanga út í Grafarvatn.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 264

SM-003:011 varða landamerki
“Að framan, milli Grafar og Eiða, frá Lagarfljóti yfir miðjan Stórás, utan við Fiskilæk í vörðu að norðanverðu við Eiðavatn ... ” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gröf, 1

SM-003:012 garðlag landamerki
“Að framan, milli Grafar og Eiða, frá Lagarfljóti yfir miðjan Stórás, utan við Fiskilæk í vörðu að norðanverðu við Eiðavatn þaðan ræður Eiðavatn að endanum á garðbroti gömlu austan við vatnið.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gröf, 1-2

SM-003:013 *Grafarhjáleiga* bæjarstæði býli
“Utan við Hjáleiguhraun var fyrir löngu afbýli frá Gröf, og er enn kallað Grafarhjáleiga, oft stytt í Hjáleiga. Þar er túnblettur, alveg aðgreindur frá aðaltúninu, og þarna stóð fjárhús.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gröf, 3

SM-003:014 heimild rista

“Yzta hæðin í Kinnahraunum er Hjáleiguhraun [sjá 013]. Framan og neðan við Hjáleiguhraun er Norðastahraun, og vestan við það er Stakahraun. Milli síðastnefndra hrauna er mýrarblettur; þar var skorið torf. Í þessari mýri er lítil tjörn, nefnd Torfskurðartjörn.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Gröf, 4

SM-003:015 *Kolás* örnefni kolagröf

“Neðan við hraunin [014] er mýrarsund, nafnlaust. Þar fyrir neðan er ás, sem heitir Kolás.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Gröf, 4

SM-003:016 *Heygötuhöfði* örnefni leið

“Út af öxlum er lágur ás, sem heitir Engisás. norðan í honum eru hjallar, sem kallaðir eru Þrep, Utan við ásinn er mýrardrag nafnlaust. Þar fyrir utan er hæð, sem heitir Heygötuhöfði.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Gröf, 5

SM-003:017 heimild rétt

“Út í Grafarvatn að norðan gengur tangi, sem heitir Litlihagi. Tangi þessi var afgirtur [008] og þar var fjárrétt.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Gröf, 5

SM-003:018 garðlag vörslugarður

“Nokkru austan við Grafarvatn er Arnarvatn. Svæðið milli þeirra var afgirt þannig, að garðar voru hlaðnir milli vatnsendanna. Þarna heitir Stórihagi. Í Stórahaga er Hagaklettur.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Gröf, 5

SM-004 Gilsárteigur

20 hdr. 1695, 12 hdr. 1847. Jarðarinnar er getið í Fljótsdælasögu IF XI, 218. 1564: Í tíundarreikningum í Múlaþingi: “Biornn med Gilzarteige 40c goolldid.” DI XIV, 325. Gilsárteinshjáleiga og Brennistaðir hjáleigur. “Bæjarnafn er dregið af Gilsá, sem hverfist um landið og afmarkar það allt ofan frá Vestdalsheiði og norður undir Eiðablá og þaðan út með Austuröxlum í Eiðalandi. Mörk að norðan eru fyrst við Hjartarstaði um Háaxlir utarlega í oddanum og síðan við Brennistaði um og síðan utan við Unalæk; Það er nú á kafla vélgrafinn skurður á mörkum. Frá suðurendanum liggja mörkin eftir sjónheldingu um Sjónaxlarklett í Stórásgil, síðan með Unalæk utan Grjótufsar, enda í Unaleiði norðan undir Skýhnjúk (1002 m) og þaðan um háfjöll á Vestdalsheiði í Vatnsklett við kaupstaðagötur á Vatnsbrekku skammt austan við Vestdalsvatn (568 m.y.s.) á heiðinni.” Við manntal 1860 var þríbýlt. SJM II, 265-266. 1918: tún 6,5 ha, garðar 1118 m2. “Bærinn stendur allhátt syðst á Túnhala, klettarnir alllöngum og er “gild túnlengja” inn að Gilsá ... ” SJM II, 266.

SM-004:001 *Gilsárteigur* bæjarhóll bústaður

“Torfbaðstofa portbyggð, alþiljuð. Niðri eldhús og stofa uppi tvískipt. Búið í henni til ´35.” Segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: SJM II, 268; Túnakort 1918

SM-004:002 heimild eldhús
"Eldavélarhús byggði Þ. Benediktsson 1898 (þá komin eldavél), skemmtilegt hús, þiljað plægðum viði. Steypt gólf." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 268

SM-004:003 bæjarstæði býli
"Við manntalið 1860 var það þríbýlt og fjórða býlið á heimahjáleigunni, og 35 manns á búunum öllum." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 266

SM-004:004 bæjarstæði býli
"Við manntalið 1860 var það þríbýlt og fjórða býlið á heimahjáleigunni, og 35 manns á búunum öllum." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 266

SM-004:005 *Hólhús* heimild
"Örnefni í túni ... þar sem Hólhúsi voru eru nú fjárhúsin í Gilsárteigi." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gilsárteigur, 2

SM-004:006 *Ytra-Kletthús* heimild fjárhús
"Ofan við Hólhús var túnspilda, sem kölluð var Gimbrasvunta. Þar út af kletthúsmýri (nú framræst tún) ... Austan við Guðbrandtún er klettur sem heitir Einbúi. Kringum hann er Einbúatún. Ofan við það er Kletthúsahali. Það stóðu áður fjárhús, sem kölluð voru Ytri-Kletthús og Fremri-Kletthús." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gilsárteigur, 2-3

SM-004:007 *Fremra-Kletthús* heimild fjárhús
"Ofan við Hólhús var túnspilda, sem kölluð var Gimbrasvunta. Þar út af kletthúsmýri (nú framræst tún) ... Austan við Guðbrandtún er klettur sem heitir Einbúi. Kringum hann er Einbúatún. Ofan við það er Kletthúsahali. Það stóðu áður fjárhús, sem kölluð voru Ytri-Kletthús og Fremri-Kletthús." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gilsárteigur, 2-3

SM-004:008 *Götukofi* heimild fjárhús
"Inn af Kletthúshala er Götutún. Þar stóð áður fjárhús, sem hét Götukofi." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gilsárteigur, 2-3

SM-004:009 heimild rétt
"Ofan við Túnhala er Efraþýfi, þar upp af Réttarklettur ..." segir í örnefnalýsingu. "... þar stóð áður rétt undir klettinum." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gilsárteigur, 3; Ö-Gilsárteigur ath og viðb, 1

SM-004:010 *Torfuhús* heimild fjárhús
"Inn af Borgfirðingaholti er svæði, sem kallað er Torfa og nær að Bæjarlæk. Þar stóð áður fjárhús, Torfuhús." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gilsárteigur, 3

SM-004:011 *Kvíaslétta* örnefni kvíar
"Milli hjáleigunnar og bæjar er Kvíaslétta." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Gilsárteigur, 3

SM-004:012 *Beinateigur* örnefni
“Milli hjáleigunnar og bæjar er Kvíaslétta. Þá er næst Tangi. Innar, upp af Brandshól, er Beinateigur, þá Hesthústún og Mótún.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gilsárteigur, 3

SM-004:013 *Hesthústún* örnefni hesthús
“Milli hjáleigunnar og bæjar er Kvíaslétta. Þá er næst Tangi. Innar, upp af Brandshól, er Beinateigur, þá hesthústún og Mótún.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gilsárteigur, 3

SM-004:014 heimild vað
“Austurhliðar Gilsárdals eru vel grónar hátt upp í Dragafjall, ristar nokkrum þverám í grunnum farvegum, ein er Innri-Lamadalsá, straumþung og stórgrýtt í vorleysingum, vað á fossbrún um tæpan forvaða framan við Grettistak. Þarna fórst Einar Hálfdánarson 1853, og er sagt að Eyjaselsmóri hefði grandað honum en steininum velti, sem frægt er, séra Einar Jónsson prófastur úr vegi, og liggur hann enn við bakkann óskaðlegur umferð um vaðið.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 266

SM-004:015 *Grásteinn* álagablettur
“Grásteinn liggur á samnefndu holti örskammt inn af og friðhelgi á steininum þótt gleymt sé tilefnið.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 266

SM-004:016 *Eyjaselsmóri* þjóðsaga draugur
“Austurhliðar Gilsárdals eru vel grónar hátt upp í Dragafjall, ristar nokkrum þverám í grunnum farvegum, ein er Innri-Lamadalsá, straumþung og stórgrýtt í vorleysingum, vað á fossbrún um tæpan forvaða framan við Grettistak. Þarna fórst Einar Hálfdánarson 1853, og er sagt að Eyjaselsmóri hefði grandað honum en steininum velti, sem frægt er, séra Einar Jónsson prófastur úr vegi, og liggur hann enn við bakkann óskaðlegur umferð um vaðið.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 266

SM-004:017 *Grettistak* heimild
“Austurhliðar Gilsárdals eru vel grónar hátt upp í Dragafjall, ristar nokkrum þverám í grunnum farvegum, ein er Innri-Lamadalsá, straumþung og stórgrýtt í vorleysingum, vað á fossbrún um tæpan forvaða framan við Grettistak. Þarna fórst Einar Hálfdánarson 1853, og er sagt að Eyjaselsmóri hefði grandað honum en steininum velti, sem frægt er, séra Einar Jónsson prófastur úr vegi, og liggur hann enn við bakkann óskaðlegur umferð um vaðið.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 266

SM-004:018 *Vatnsklettur* heimild áfangastaður
“Í Grautardal ofarlega á dalnum og Vatnshæðum var graslendi gott, við Vatnsklett áningastaður í lestarferðum ... ” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 266

SM-004:019 *Flatagerði* bæjarstæði býli

“Flatagerði hét afbýli frá G við fjallsræturnar upp frá bæ. Þar sér glöggt til ummerkja bygginga, en ekki kunnugt, á hvaða tíma byggt var.” segir í Sveitum og jörðum. HS: “Gilsárteigshjáleiga og Flatagerði, afbýli frá Gilsárteig.” Flatagerði nefnd í eyðibýlaskrá Olaviusar.

Heimildir: SJM II, 265; Halldór Stefánsson: “Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum”, 181; ÓO II, 142

SM-004:020 renna áveita

“Mylla við Unalæk og önnur við vatnsveituskurð úr Gilsá utan við Grásteinsholt skammt suður af bæ, norður fram yfir fyrri stríðsárin. Handkvörn til sama tíma.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 267

SM-004:021 heimild vörslugarður

“Vörslugarður forn innan frá Gilsá og út hjá Borgfirðingavaði á Unalæk, þaðan niður rétt utan við núverandi bæjarhús og síðan fram í Gilsá við Dráttarhamar. Nú er garðurinn horfinn undir tún.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 267

SM-004:022 *Borgfirðingavað* heimild vað

“Vörslugarður forn innan frá Gilsá og út hjá Borgfirðingavaði á Unalæk, þaðan niður rétt utan við núverandi bæjarhús og síðan fram í Gilsá við Dráttarhamar. Nú er garðurinn horfinn undir tún.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 267

SM-004:023 heimild kláfferja

“Kláfferja á Dráttahamri, enn sjást merki hennar til hliðar við núverandi brú.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 267

SM-004:024 heimild mylla

“Mylla við Unalæk og önnur við vatnsveituskurð úr Gilsá utan við Grásteinsholt skammt suður af bæ, notuð fram yfir fyrri stríðsárin. Handkvörn til sama tíma.” segir í Sveitum og jörðum. “Neðar er Myllufoss í bæjarlæk (?). Þar var kornmylla.” segir í örnefnalýsingu. Myllufoss er í Unalæk, segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu.

Heimildir: SJM II, 267; Ö-Gilsárteigur, 6; Ö-Gilsárteigur ath og viðb, 3

SM-004:025 heimild mylla

“Mylla við Unalæk og önnur við vatnsveituskurð úr Gilsá utan við Grásteinsholt skammt suður af bæ, notuð fram yfir fyrri stríðsárin. Handkvörn til sama tíma.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 267

SM-004:026 *Ystuhús* heimild beitarhús

“Beitarhús: þrenn í fjallinu: Ystuhús, byggði Þórarinn Jónsson síðar bóndi á Brennustöðum, notuð til ´64.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 267

SM-004:027 *Miðsel* heimild beitarhús

“Beitarhús: þrenn í fjallinu: ... Snertispöl innar Miðsel, tilheyrðu fyrrum hjáleigunnar, lengi

ónotuð og fallin, byggð upp ´50 og notuð til ´66." segir í Sveitum og jörðum. Tilheyrðu fyrrum hjáleigunni, lengi ónotuð og fallinn. Eru ca. 2 km frá bæ, segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu.

Heimildir: SJM II, 267; Ö-Gilsárteigur ath og viðb, 3

SM-004:028 *Selshús* heimild beitarhús

"Beitarhús: þrenn í fjallinu: ... Hin þriðju eru Selið eða Selshús innan við Gilsárgil, vafalítið sel fyrrum. Þar kom sitthvað dulrænt fyrir, sáust ljós alltítt, þótt enginn væri á húsunum, smalar heyrðu hó og hundgá, þessi fyrirbæri vísuðu á illviðri. Síðast haft í selinu ´44." segir í Sveitum og jörðum. Húsin um það bil 2,5 km frá bæ. "Á seinni hluta 19. aldar var Jón nokkur auknefndur rauði beitarhúsasmali á Selinu. Kvöld eitt þótti dragast út hófi að hann kæmi heim af húsunum en til bæjar heyrðist sífellt hó og hundgá. Þetta þótti ekki einleikið og héldu bændur því til húsanna. Er þá bar að, var Jón með allt féð í hnapp á melkolli við árgljúfrið rétt niður af húsunum og lét mikið. Spurðu bændur hann hverju þetta sætti. Hann kvaðst ekki skilja, hví féð gengi eigi í húsin, en að þeim orðum töluðum hvarf honum missýnin. Honum höfðu sýnst húsin það sem hyldýpis-árgilið raunar var. Eitt sinn voru nokkrir Hjaltastaðaþinghármenn á heimleið úr kaupstað af Seyðisfirði í blindhríð og illri færð. Náðu þeir selinu seint um síðar þrekaðir mjög, hugðist þeir bíða það afturbirtu og hvílast í garðinum. Ekki fengu þeir þar þá hvíld, er þeir væntu, og urðu fyrir hörðum aðsóknum. Á ýmsa lund var harkalega á þeim tekið og sumum svipt niður í krær. Treystust þeir því ekki að haldast við og freistuðust að brjótast heim til bæjar. Náðu þangað er skammt lifði nætur lerkaðir mjög." Segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu.

Heimildir: SJM II, 267-268; Ö-Gilsárteigur ath og viðb, 3

SM-004:029 tóft stekkur

"Landið neðan og norðan túns milli Gilsár og Unalækjar heitir Oddi. Þar skiptast á lyngi- og víðivaxnir ásar, votar mýrar og sund, notalegt vorland fyrir fé, enda eru þar þrjár stekkjatættur ..." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 266

SM-004:030 tóft stekkur

"Landið neðan og norðan túns milli Gilsár og Unalækjar heitir Oddi. Þar skiptast á lyngi- og víðivaxnir ásar, votar mýrar og sund, notalegt vorland fyrir fé, enda eru þar þrjár stekkjatættur ..." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 266

SM-004:031 tóft stekkur

"Landið neðan og norðan túns milli Gilsár og Unalækjar heitir Oddi. Þar skiptast á lyngi- og víðivaxnir ásar, votar mýrar og sund, notalegt vorland fyrir fé, enda eru þar þrjár stekkjatættur ..." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 266

SM-004:032 heimild rétt

"Ofan við Dráttarhamar er svæði, sem heitir Hagi upp með Gilsá. Þar er nú fjárrrétt." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Gilsárteigur, 3

SM-004:033 *Hraungarðsvað* heimild vað

"Ofan við Dráttarhamar er svæði, sem heitir Hagi upp með Gilsá. Þar er nú fjárrrétt. Þar inn af er Hraungarðsvað." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Gilsárteigur, 3

SM-004.034 *Heimaristekkur* heimild stekkur
“Þar er Merkisteinn innri á landamerkjum Gilsárteigs og Brennistaða. Krubba ... er utan til á Ásum. Innan á þeim er Heimaristekkur.” segir í örnefnalýsingu. Sennilega sama og 029-031.
Heimildir: Ö-Gilsárteigur, 4-5

SM-004:035 *Stekkás* örnefni stekkur
“Vestur af Krubbuöxlum er Stekkatjörn. Sunnan við hana er Tjarnarhöfði. Neðan við tjörnina eru Innri-Skúlabotnar. Framan við botnana er Stekkanes. Utan við nesið er Stekkanesvað, en innan við nesið er Skjöldumýrarvað. Inn af nesinu er Stekkás.” segir í örnefnalýsingu. Sennilega sama og 029-031. Á Stekkás sést fyrir tóftum, segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gilsárteigur, 5; Ö-Gilsárteigur ath og viðb, 2

SM-004:036 *Stekkanesvað* heimild vað
“Vestur af Krubbuöxlum er Stekkatjörn. Sunnan við hana er Tjarnarhöfði. Neðan við tjörnina eru Innri-Skúlabotnar. Framan við botnana er Stekkanes. Utan við nesið er Stekkanesvað, en innan við nesið er Skjöldumýrarvað.” segir í örnefnalýsingu. Skjöldumýrarvað er skráð með Eiðum.
Heimildir: Ö-Gilsárteigur, 5

SM-004:037 *Réttarfoss* örnefni rétt
“Innan og ofan við túnið er djúpt gil, Gilsárgil. Í gilinu eru tveir fossar, Réttarfoss ... ” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gilsárteigur, 5

SM-004:038 tóft
“Út og upp af Flatagerði [019] er hæð, sem heitir Fagrihóll. Þar eru fornar húsatættur.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gilsárteigur, 5

SM-004:039 heimild leið
“Framan í Tíðarmelnum lágu göturnar niður í Eiða; þar var farið til kirkju.” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gilsárteigur ath og viðb, 2

SM-004:040 heimild kolagröf
“Inn af Yztuhúsum [026] er Húsöxl, ofan við hana er Grenisöxl. utar og ofar er Moldöxl. ...Út af Moldöxl, við Unalæk, eru Neðri-Kolabotnar og Efri-Kolabotnar. Ofan við þá eru Kolabotnabrúnir. Þarna eru víða kolagrafir.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gilsárteigur, 6

SM-004:041 *Kolbeinsvarða* varða
“Ofan við Gvendarklöpp framanvert eru svokallaðir Flóar, áðurnefndir. Það eru engjalönd. Flóarnir eru í þrem hlutum, milli þeirra eru Neðri-Byrgishöll og Efri-Byrgishöll. Þar innar, nær gilinu, er Kolbeinsvarða. Þar er sagt að maður hafi orðið úti á leið frá Seyðisfirði sem Kolbeinn hét.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gilsárteigur, 8

SM-004:042 *Neðri-Byrgishöll* örnefni
“Ofan við Gvendarklöpp framanvert eru svokallaðir Flóar, áðurnefndir. Það eru engjalönd. Flóarnir eru í þrem hlutum, milli þeirra eru Neðri-Byrgishöll og Efri-Byrgishöll. Þar innar, nær gilinu, er Kolbeinsvarða. Þar er sagt að maður hafi orðið úti á leið frá Seyðisfirði sem Kolbeinn hét.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gilsárteigur, 8

SM-004:043 *Neðri-Byrgishöll* örnefni
“Ofan við Gvendarklöpp framanvert eru svokallaðir Flóar, áðurnefndir. Það eru engjalönd. Flóarnir eru í þrem hlutum, milli þeirra eru Neðri-Byrgishöll og Efri-Byrgishöll. Þar innar, nær gilinu, er Kolbeinsvarða. Þar er sagt að maður hafi orðið úti á leið frá Seyðisfirði sem Kolbeinn hét.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gilsárteigur, 8

SM-004:044 *Brennistaðarétt* heimild rétt
“Ofan við Flóana [043] er Kaplaháls og nær frá Unalæk og inn á móts við Skeiðmela. Skeiðmelar eru við Gilsá og ná frá Stórahvammi við Gilsá að Brennistaðarétt.” segir í örnefnalýsingu. “Brennistaðarétt dregur nafn af því, að Brennistaðabændur fengu að nota hana á vorin til þess að spekja lömb sín, áður en þeim var sleppt á Gilsárdal. Réttin er sveigmyndaður hvammur, girtur háu standbergi frá fossi í Gilsá að Skeiðmelahorni. Þar var grjótgarður hlaðinn fyrir.” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gilsárteigur, 8

SM-004:045 *Vatnsveita* heimild áveita
“Frá Sauðabölum liggur Kapladalur bak við Kapladalsháls. Eftir honum rennur Kapladalslækur í Unalæk. Þarna var áveita, þannig að Kapladalslæk var veitt í Bæjarlækinn, og heitir það Vatnsveita.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gilsárteigur, 8

SM-004:046 vegur leið
“Ofan við lækinn heita Grjótupsarhöll. Þar fyrir ofan er Neðri-Grjótups. Hún nær inn að Ytri-Lambsá. Í Neðri-Grjótups er klöpp, sem heitir Vetrarklöpp. Um hana lá vetrarvegur (á skíðum) til Loðmundarfjarðar.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gilsárteigur, 9

SM-004:047 *Magnúsarvarða* varða
“Þar fyrir innan er Innri-Lambadalsá. Hún kemur úr Innri-Lambadal og fellur í Gilsá. Ennfremur eru á milli ánna Lángahlíð, þar ofan við hlíðarhjalli með vörðu á, sem heitir Magnúsarvarða.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gilsárteigur, 9

SM-004:048 heimild leið
“Sunnanvert við Dragafjall er Þófadalur ... Stuttu sunnar er Afréttarskarð. Þar var vetrarleið til Seyðisfjarðar.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gilsárteigur, 9

SM-004:049 *Skagavað* heimild vað
“Þar innar er Skagi og þar beygir Gilsárdalur. Niður af Skaga er Skagaflöt. Þar er vað á Gilsá, sem heitir Skagavað. Það var tíðfarið til Seyðisfjarðar af bæjum fyrir innan Gilsárteig.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Gilsárteigur, 10

SM-004:050 *Unaleið* heimild leið
“Unaleiði (aðrir segja Unaalda ...) á landamerkjum Gilsárteigs og Brennistaða vita menn ekki hvar er. Þetta örnefni er vafalaust rangt staðsett á korti, nema hér sé um að ræða fornan fjallveg, sem óljós munnmæli eru um, og kallaður var Unaleið.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gilsárteigur, 10-11

SM-004:051 heimild mógrafir
“Þessi klettur [Réttarklettur 009] er nú alltaf kallaður Svarðarklettur, því ofan við hann var tekinn svörður.” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gilsárteigur ath og viðb, 1

SM-004:052 heimild stekkur
“... á Krubbunni [sjá 036] voru ærnar krubbaðar af í stekk, sem þar stendur.” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Gilsárteigur ath og viðb, 2

SM-004:053 kuml legstaður
“Upp úr ´50 fannst kuml við sa-horn íbúðarhúss framan í hólabarði. Tvenn bein frá mörkum heiðni og kristni, í kistu og smáhlutir með.” segir í Sveitum og jörðum. Bærinn Gilsárteigur stendur kippkorn austan við þjóðveginn um Eiða og beint austur frá þeim, en Eiðar eru vestar megin vegarins. Gömlu bæjarhúsin á Gilsárteigi voru úr torfi og stóðu á allmyndarlegum bæjarhól skammt norðan við Gilsá, og um 100 m norðan við hann var annar hóll, sem nefndist Smiðjuhóll. Á milli hólanna var dálítil lægð, þar sem smiðjan, er hóllinn dró nafn af, stóð. Nýju bæjarhúsin, sem eru sambyggð fjós, hlaða og íbúðarhús úr steinsteypu, voru reist í lægðinni á milli hólanna og í vestur af henni. Vorið 1949 var jarðýta látin jafna báða hólanna og færa jarðveginn upp að nýbyggingunni einkum í uppfyllingu að hlöðudyrunum, svo að hægt væri að taka hey krókalaust inn í hlöðu. Þegar bæjarhóllinn með gamla bænum var jafnaður, komu í ljós rústir eftir mörg bæjarhús hvert upp að öðru, og er það álit bóndans á bænum, að bærinn hafi alla tíð staðið á þeim stað, en engu markverðu var veitt athygli, er Smiðjuhóll var jafnaður. Hann mun hafa verið um 10 m í þvermál, ávöl, slétt bunga á nokkurra mishæða eða sýnilegra mannaverka á honum. Bóndinn áætlar, að 2-3 fet af jarðvegi hafi verið yfir beinunum, er síðar kom í ljós á hólstæðinu. Hóllinn var á suðurenda klettarana, sem gengur til norðurs frá bænum og af honum er gott útsýni til Jökulsárhlíðar með Kollumúla beint í norðaustur og úr yfir Héraðsflóa. Veturinn 1956-57 fundu börn á bænum leggbein úr manni á nær miðju ruðningssvæði Smiðjuhóls, og er betur var aðgætt á staðnum, sást glitta í hauskúpu og fleiri bein. Þjóðminjaverði var þá gert viðvart, og talaðist svo til á milli okkar, að ég athugaði beinafundinn, hvað ég og gerði dagana 24. og 25. maí 1957 ásamt þeim Þórarni Þórarinssyni, skólastjóra á Eiðum, og Sigurbirni Snjólfssyni, bóndi að Gilsárteigi, sem veitti mér allar upplýsingar um staðhætti og aðdraganda að beinafundinum, og kann ég þessum mönnum beztu þakkir fyrir góða aðstoð.

Þegar ég kom á fundarstaðinn, sáust þar tveir lærleggir, hauskúpa og hluti af kjálka. Röð af meðalstórum steinum var í vestur af lærleggjunum, og rétt sunnan við hana sá í bera klöpp, og við hana lág kjálkabrotið, en nokkru norðar hauskúpan. Skipulag steinhleðsla sást ekki. Ég hóf útgröftinn við kjálkabrotið, og komu þá þegar í ljós nokkrar lausar tennur, bæði úr efri og neðri góm, síðan hálsliðir og efstu brjóstliðir hver af öðrum, ásamt nokkrum rifjabrotum, og var þá komið að steinaröðinni, sem sýnilega lá yfir framhaldi hryggjarins. Greftrunin var þá hætt að sinni á þessum stað en, tekið var við að hreinsa burtu jarðveginn kringum hauskúpuna og suðvestur af henni. Kom brátt í ljós, að önnur beinagrind var þar, og

átti hauskúpan við hana. Allur jarðvegur var nú skafinn ofan af henni, og kom þá í ljós nær heil beinagrind í eðlilegri legu, og af svörtum strikum í jarðveginum var greinilegt, að jarðsett hafði verið í trékistu. Svörtu rákinni mátti fylgja allt í kring nema við höfuðendann. Þar sást hún aðeins á parti undir vinstra hvirfilbeini, og er það trúlegt, að hauskúpan hafi verið færð eitthvað meira til norðvesturs en upphafleg lega var, enda hafði hún verið tekin upp og skoðuð nokkrum sinnum áður en þessi rannsókn hófst, og þá að sagt væri, að hún hefði ætíð verið lögð aftur í nákvæmlega sömu legu, þá má það vel vera hafa skakkað þeim fáu sm, sem hér um ræðir. Lengd milli gaflstrika var 164 sm og á milli hliðarstrika, sem voru bein og samsíða 31 sm. Yfir beinunum sáust víða leifar af af þunnu svörtu lagi og allstaðar undir þeim. Það er því greinilegt, að um fullkomna líkkistu með loki er að ræða og hún hefur líklega verið með einföldu stokkalagi. Kistan snéri með höfðaendann í norðvestur. Efri hluti beinagrindarinnar ásamt hauskúpunni lá á vinstri hlið, og vissi andlitið í norðaustur, horfði nær beint á Kollumúla. Kjálkinn var brotinn, en öll brotin voru til og að auki tvö brot úr hægri helmingi kjálkans úr syðri gröfinni, og er vart önnur skýring til á þessu en sú, að þau hafi verið látin þar af einhverjum þeirra, er tekið hefur hauskúpuna upp, ein og fyrr er vikið að. Hægri handleggur lá niður yfir síðuna, og nam hægri hönd efst við vinstri lærlegg og mjaðmabein. Það var heldur grynnra á hægra mjaðmabeininu en því vinstra, sem lá þannig, að augnakallið vissi niður, en á hægra vissi það upp, og jafnframt var það bein nokkru sunnar en það vinstra. Við hægra augnakallið lá höfuð hægra lærleggs en það var brotið frá legpípunni, sem lá dýpra en það og samsíða og jafndjúpt, en sunnan við vinstri lærlegg. Sömuleiðis lágu leggbeinin samsíða og jafndjúpt úr báðum fótleggjum, en neðsti endi allra leggbeinanna var brotinn frá, og fundust brotin ekki ná nokkur önnur bein fótanna utan lítilfjörlegra leifar, sem klesstar voru niður í kistubotninn. Vafalaust hefur allur hægri fóturinn legið ofar en sá vinstri, en líkið var lagt til í kistunni, en hefur síðar, þegar holdið fúnaði, sígið niður í kistubotninn og neðri hluti hans þá orðið á sama dýpi og sunnan við þann vinstri. Efri hluti hægra lærleggs hefur þó alltaf haldizt ofan á hægra mjaðmarbeini og við það komið til með að liggja á huldu og því brotnað af jarðvegsþunganum, er kistan fúnaði og féll saman eða e.t.v. eigi fyrr en jarðýtan fór yfir gröfina. Fæturna og neðri hluti leggbeinanna hefur jarðýtan eflaust numið á brott. Beinin úr vinstri handlegg lágu klesst niður við kistubotn, alveg út við norðausturhlið kistunnar, og milli hennar og niðri hluta upparmsbeinsins fannst mathnífur,og vissi oddur hans að höfðagaflinum. Nokkrir molar af viðarkolum og rauðablástursgjalli fundust í gröfinni, en engir naglar.

Nú var aftur tekið til þar sem frá var horfið við að grafa út syðri beinagrindina, og kom þá brátt í ljós, að hún var mikið úr lagi færð. Einu beinin er virtust vera í upprunalegri legu voru beinin úr vinstri handlegg og öxl (viðbein og herðablað), sem voru í eðlilegri afstöðu hvers til annars, þannig að handleggurinn var beinn. Fast norðan við ölnbogahluta handleggsins sást svört rák í moldinni. Hún var samsíða og um 10 sm sunnan við syðri hlið nyrðri kistunnar, en ekkert sást til kistubotns né loks og enginn umbúnaður annar, en ætla mætti að hefði verið um líkið. Steinarnir, sem áður er vikið að og lágu í röð ofan á beinunum, gátu allir verið úr klöppinni er myndaði undirstöðuna undir Smiðjuhól og voru ekki þesslegir, að þeir væru úr þekju yfir beinagrindinni né úr hleðslu um hana. Sennilegast er, að jarðýtan hafi skilið þannig við þá, þó ekkert verði fullyrt um það nú. Undir steinunum komu í ljós neðri brjóstliðirnir, allir lendarliðir og efri hluti spjaldbeins ásamt beinunum úr hægri framhandlegg, bringubeini og talsverðu af rifjabrotum, sem lágu sitt á hvað í graut, og innan um þau fannst mathnífur nokkru lengri en sá sem fannst í nyrðri gröfinni. Allir hryggjarliðirnir (21 að tölu) og spjaldbeinið lágu í nokkurn vegin réttri röð, en þeim var bylt og umturnað á ýmsa vegu og lágu sunnar en svarar til eðlilegrar hæðarafstöðu við hann. Bæði mjaðmarbeinin og vinstri sköflungur höfðu legið ofanjarðar og voru í vörzlu bóndans. Lærleggirnir lágu fjær spjaldbeini og vinstri handlegg en eðlilegt gæti talizt og einnig óeðlilega langt á milli þeirra, svo að þeir hafa einnig verið færðir úr stað. Kringum neðri enda þeirra fundust nokkur smábein úr hendi og fæti. Hægri sköflungur og dálkur fundust ekki og ekkert frekar úr hauskúpunni, en vinstri

dálkur var nokkru suðaustan við vinstri lærlegg, en þó varla í upprunalegri legu. Stærð grafarinnar var ekki hægt að ákveða né legu beinagrindarinnar með vissu, en sé gengið út frá því að vinstri handleggur hafi verið á sínu upprunalega stað, þá hefur þessi gröf verið nokkru grynnra tekin en sú nyrðri, og mun því hafa ráðið klöppin, en niður á hana hefur gröfin náð að sunnanverðu, en í norður af klöppinni smádýpkaði á henni. Ennfremur verður ráðið af legu handleggsins, að líkið hafi verið lagt til á alveg sama hátt og hið nyrðra. Til þess bendir einnig að veðruð eru nokkur hægri bein (mjaðmarbein, herðablað, viðbein og lærleggur) og þrjú hægri leggbein vantar á alveg (upphandleggsbein, sköflung og dálk). Jarðýtan hefur vafalaust komið að austan eða suðaustan og tekið dýpra til fóta af gröfunum, sem hefur verið hægri hlið syðri beinagrindarinnar. Klöppin sem upp úr stóð nú hefur eflaust varnað því, að bæði kumlin hafi sópazt burt með öllu, því á henni hefur jarðýtan steytt og hindrað að dýpra væri farið.

Í syðra kumlinu hefur verið jarðsett kona um þrítugt og 158 sm há, en í nyrðra kumlinu 24-25 ára gamall karlmaður um 174 sm að hæð. Hann hefur verið langhöfði (index 72,7) með frekar lítið lágt höfuð. Þó að þessi kuml séu fátækleg að munum, þá veita þau nokkra vitneskju um þann hátt heiðinna greftrunarsiða að jarðsetja í líkkistu, því að svo var búið um nyrðra kumlið og að öllum líkindum einnig um það syðra. Áður eru aðeins kunn 3 kuml með líkkistu og því ekki vanþörf á fyllri upplýsingum um þennan sið. Athyglisvert er, hvað kistan hefur verið lítil miðað við stærð mannsins, sem í henni hvíldi, enda hefur hann ekki rúmazt í henni nema á hlið og væntanlega eitthvað saman-kýttur, sé það rétt að lengd kistunnar hafi ekki verið meiri en 164 sm, en berlega kom það ekki fram á beinagrindinni. Um þetta verður nú ekki dæmt með vissu, hvort grafirnar hafi verið teknar ofan í náttúrulegan hól (Smiðjuhóll) eða hann hafi verið orpinn haugur yfir þær, þó af lýsingunni á hólnum sé hið fyrra líklegra. Ennfremur verður nú eigi gengið úr skugga um það, hvort smiðjuhóll hafi verið utantúns, eins og tíðast er um íslensk kuml, eða ekki, þegar hann var valinn að legstæði. Þó að ekki hafi verið nema 100 m á milli Smiðjuhóls og bæjarhólsins og gengið sé út frá að bærinn hafi staðið þar einnig í fornöld, þá má vel vera að Smiðjuhóll hafi staðið utan túns þá, því trúlega hefur klapparaninn, sem hann stóð á, aldrei verið túnstæði.

Auk líkkistunnar eiga öll íslensku líkkistukumlin sammerkt um tvö önnur atriði. Þau vita öll með höfuðið í vestur eða norðvestur og þau eru snauð af munum. Í tveimur þeirra fundust engir gripir og í þrem aðeins einn hnífur (og eru þá bæði Gilsárteigskumlin talin). Það er álit mitt, að í þessum þremur atriðum komi fram kristin áhrif á heiðinna grafsiði.

Heimildir: SJM II, 268; JS Árbók 1959, 121-25.

SM-005 Gilsárteigshjáleiga

4 hdr. 1847, hjáleiga Gilsárteigs. “Heimahjáleigan var í sama túni, hún var sameinuð aðaljörðinni í lok 19 aldar.” SJM II, 265. “Gilsárteigshjáleiga og Flatagerði, afbýli frá Gilsárteig. Hjáleigan var í ábúð um aldamótin 1900.” Halldór Stefánsson: “Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum.”, 181 Í eyði þegar eyðibýlaskrá Olaviusar var gerð. ÓO II, 142.

SM-005:001 *Gilsárteigshjáleiga* bæjarhóll bústaður

SM-006 Brennistaðir

4 hdr. 1847, hjáleiga Gilsárteigs. “Mörkum B og Gilsárteigs er lýst þar, en mörk við Hjartarstað eru um Oddastein, Sandþúfu og Sandhauga, þ.e. nokkurnvegin þvert austur frá Unalæk um 600-700 m sunnan við Hjartarstaðabrú, upp yfir Bleikasás um 500 m utan við B og upp í Núpsá milli Stóráss og Skjólfells. Síðan ræður Núpsá mörkum upp á Tó, að Tóavatni.” SJM II, 269-70.

1918: tún 4 ha engir garðar. Bærinn stendur í grunnum stalla skammt neðan fjalls. Þar er ekki víðsýnt en umhverfi þurrt og snoturt. Ræktunarskilyrði eru góð til allra átta, mýri með holtum neðan við tún og hálf deigjuhöll innan við tún.” Sléttun lauk um 1960. SJM II, 270.

SM-006:001 *Brennistaðir* bæjarhóll bústaður
“Stór torfbær og gamall og vistaverur þar margar, m.a. tvær portbyggðar baðstofur, 7x41/2 alin og 8-91/2 alin. Síð slétt úr óplægðum borðum, alþiljaðar. Baðstofurnar stóðu fram yfir ´50 og síðast búið í annarri snjóaveturinn ´50-´51 og lengur í hinni. Steinhús byggt ´08-´09 ... ” Segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 270

SM-006:002 heimild rétt
“Örnefni í túni á Brennastöðum: Fremst í túni er Kvíaholt. Þar var Kvíaból, nú er þar Rétt.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Brennistaðir, 2

SM-006:003 heimild lambhús
“Út og niður frá gamla bænum er Langhóll, en út af bæ Lambhúshóll. Þar var Lambhús.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Brennistaðir, 2

SM-006:004 *Sauðhús* heimild fjárhús
“Út og niður frá gamla bænum er Langhóll, en út af bæ Lambhúshóll. Þar var Lambhús. Fram af Lambhúshól, rétt ofan við gamla bæinn, er Sauðhúshóll. Þar var fjárhús, sem kallað var Sauðhús.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Brennistaðir, 2

SM-006:005 *Áshús* heimild fjárhús
“Ofan við þessa hóla var mýrardrag, nú framræst. Ofan við það utan til heitir Áshústún. Þar eru enn fjárhús, sem kölluð eru Áshús.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Brennistaðir, 2

SM-006:006 *Hesthúsás* örnefni hesthús
“Ofan við þessa hóla var mýrardrag, nú framræst. Ofan við það utan til heitir Áshústún. Þar eru enn fjárhús, sem kölluð eru Áshús. Út frá Áshústúni heitir Hesthúsás.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Brennistaðir, 2

SM-006:007 *Jónshús* heimild fjárhús
“Fram af Áshústúni er Jónshúshóll. Þar er fjárhús, sem heitir Jónshús.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Brennistaðir, 2

SM-006:008 *Lambhúshóll* örnefni lambhús
“Þar sem íbúðarhúsið á Brennastöðum stendur, hét áður Lambhúshóll.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Brennistaðir, 2

SM-006:009 *Tjaldhóll* öskuhaugur
“Framan við gamla bæinn var sérkennilegur smáhóll, sem hét Tjaldhóll. Hann var jafnaður við jörðu fyrir fáum árum, og kom þar í ljós úrgangur frá smiðju, kolarusli o.fl., einnig beinarusl, og bendir það til, að þarna hafi jafnframt verið sorphaugur.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brennistaðir, 3

SM-006:010 heimild smiðja
“Framan við gamla bæinn var sérkennilegur smáhóll, sem hét Tjaldhóll. Hann var jafnaður við jörðu fyrir fáum árum, og kom þar í ljós úrgangur frá smiðju, kolarusli o.fl., einnig beinarusl, og bendir það til, að þarna hafi jafnframt verið sorphaugur.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brennistaðir, 3

SM-006:011 *Elínarsel* bæjarstæði býli
“Elínarsel er um 2,5 km út og austur af bæ, kennt við konu, er bjó þar skamma hríð á síðari hluta 19. aldar.” segir í Sveitum og jörðum. “Út af Háuhlíð er Elínarsel. Þar var húsmennskukona um miðja síðustu öld, sem hét Elín Tómasdóttir. Sonur hennar, Benóný, bjó síðar á Glettinganesi (kunnur í þjóðsögum).” Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SJM II, 270; Ö-Brennistaði, 4

SM-006:012 tóft sel
“Ofan við Vatnsskóg er Selvatn og Selhnausar. Utan í Vatnsskógi eru grónar rústir (húsatættur), líklega sel.” segir í örnefnalýsingu. “Seltættur eru um 1 km. austur af bæ, þar eru seljaörnefni, en sagnir engar.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: Ö-Brennistaðir, 3;SJM II, 270

SM-006:013 tóftir
“Stekkur er innan við Gilsárteigmörk. Þar eru garðlög og tættur, er benda ákveðið til fornbýlis. Þegar vegur var lagður þar skammt frá, kom ýtan í gröf ungs manns úr heiðni, rétt við garðlag, sem enn sér glögglega fyrir umhverfis stekkinn. Gröfin var rannsökuð af fornminjafræðingi, og fannst þar spjót, sverð og perlur.” segir í Sveitum og jörðum.

“Rétt innan við bæinn Brennistaði í Eiðaþinghá er mikið af rústum á afmörkuðu svæði og þar á meðal er ein þeirra rústa sem rannsökuð var með könnunarskurði sumarið 1996. Um miðbik þessarar aldar fannst kuml skammt frá rústunum en það er ótvíræð vísbending um að búið hafði verið á staðnum þegar á fyrstu öldum byggðar hérlendis. ... Rústirnar eru staðsettar rétt við landamerki Brennistaða og næsta bæjar, Gilsárteigs. Landareignirnar skiptast við Unalæk, litla á sem kennd er við landnámsmanninn Una danska. Til eru sagnir af því að Uni hafi verið veginn við lækinn en rústirnar liggja rétt utan við hann. Ofan og austan við rústirnar eru lágir hamrar en fyrir neðan þær er mýrlendi. Næsta umhverfi þeirra er grasi og lyngi vaxið fyrir utan nokkra uppblásna hóla. Spölkorn ofan við hamrana eru leifar fleiri rústa sem kallaðar eru Óspaksstaðir. Þær eru einnig taldar verið frá landnámsöld. Nærri þeim er haugur og á Óspakur landnámsmaður að vera heygður þar.

Rústin er rúmir 20 metrar að lengd og um 8 metra breið, hólfuð í þrjú hólf. Hún snýr næstum í höfuðáttirnar, norður-suður, en við vestari langvegg hennar vottar óljóst fyrir viðbyggingu. Við rannsóknina var tekinn könnunarskurður, fjögurra metra langur, í miðja rústina en endi hans náði út í viðbygginguna. Að rannsókn lokinni var ljóst að hér var um að ræða leifar íveruhúss frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar. Viðbyggingin er að öllum líkindum jarðhýsi, sem er áfast aðalbyggingunni.

... Gjóska var greind á staðnum af jarðfræðingunum Magnúsi Sigurgeirssyni og Þorbirni Rúnarssyni. Yfir rústinni lágu grjóskulög frá árunum 1875, 1717, 1477 og 1362 en landnámssyrpan og tvö önnur forsöguleg gjóskulög liggja undir henni. Ekki vottaði fyrir gjósku á milli 1362 lagsins og torfhleðslunnar. Magnús telur þó að rústin á Brennistöðum sé talsvert eldri en grjóskan frá 1362 og ef til vill nokkrum öldum, því bilið á milli þessara tveggja laga er það stórt."

Heimildir: SJM II, 270; Steinunn Kristjánsdóttir: "Rannsóknir á fornum rústum á Austurlandi", 8-9

SM-006:014 kuml legstaður

"Stekkur er innan við Gilsárteigmörk. Þar eru garðlög og tættur, er benda ákveðið til fornbýlis. Þegar vegur var lagður þar skammt frá, kom ýtan í gröf ungs manns úr heiðni, rétt við garðlag, sem enn sér glögglega fyrir umhverfis stekkinn. Gröfin var rannsökuð af fornminjafræðingi, og fannst þar spjót, sverð og perlur." segir í Sveitum og jörðum. "Sumarið 1950 urðu vegargerðarmenn með jarðýtu varir við kuml milli Gilsárteigs og Brennistaða. Skiptast þar á mýrlendar engjar og lyngmóar, og heitir Brennistaðastekkur eða Draugastekk, þar sem kumlið fannst. Um 130 m fyrir norðan kumlið eru miklar, yfirgrónar tóftir, sem taldar eru gamalt eyðibýli nafnlaust, og eru tveir garðar um tóftirnar, hvor utan yfir öðrum. Ólafía Einarsdóttir rannsakaði kumlið, skömmu eftir að það fannst.

Auk þess rasks, sem jarðýtan gerði kumlinu, sást berlega, að því hefur verið raskað fyrr á öldum, því að mörg beinin voru úr stað færð, þau er jarðýtan hafði ekki hreyft við. Beinin voru úr unglingspilti, sæmilega varðveitt. Fótleggir voru nokkurn veginn í eðlilegri legu, og má af þeim sjá, að höfuðið hefur verið í norðurenda grafar, líklega dálítið til norðausturs, en nákvæmlega verður ekki sagt til um legu líksins. Í kumlinu var ekkert grjót, en yfir því óvenjulega stór búfa. Jarðýtan skóf búfuna af, en beinin voru 20-30 sm þar fyrir neðan, fótahlutinn ögn neðar. Haugfé (68. Mynd):

Leifar af sverði, efra hjalt, 6 sm að l., og 4 sm af meðalkafla, M-gerð, Sverd 98. Hluti af brandinum fannst einnig. Leifar þessar lágu þar sem verið hefur mitti mannsins. Spjót, 35 sm að l., fjöðrin 3,5 sm breið, á báðum laut eftir endilöngu eins og á sverðsbrandi og leggurinn ferstrendur, Spjótið er því sérkennilegt. Jarðýtan hafði fært það úr stað. Járnhringja lítil, ef til vill beltishringja, lá hjá sverðsleifunum. Hnífur venjulegur, lá niður með hægri lærlegg. Tvær sörvistölur gleri, grænar, gáróttar, allstórar, lágu hjá viðbeini og kjálkabeini, hafa verið um háls manninum á bandi úr tvinnuðum ullarþræði, sem leifar voru af í gati.
Auk þessara gripa sáust miklar ryðleifar, líklega mest úr sverðinu, einnig tréleifar."

Heimildir: SJM II, 270; KE 1956, 182-183

SM-006:015 *Óspaksstaðir* bæjarstæði býli

"Í háaustur af Stekknum á brún Stekkáss út af Sjónarás eru örugglega rústir og vallargarðlög afbýlis eða fornbýlis. Það heitir enn Óspaksstaðir. Björgvin Þorsteinsson hafði þar geitur í kofa, en hann sat í ábúð Magnúsar Þórarinssonar 1935-1949. Rétt suður af voru beitarhús." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 270

SM-006:016 heimild beitarhús

"Í háaustur af Stekknum á brún Stekkáss út af Sjónarás eru örugglega rústir og vallargarðlög afbýlis eða fornbýlis. Það heitir enn Óspaksstaðir. Björgvin Þorsteinsson hafði þar geitur í kofa, en hann sat í ábúð Magnúsar Þórarinssonar 1935-1949. Rétt suður af voru beitarhús." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 270

SM-006:017 heimild mylla
“Tvær myllur við bæjarlækinn, ofan og neðan við tún. Sú neðri notuð fram um ´25.” segir í Sveitum og jörðum. “Niður af Kolli var önnum Mylla við Bæjarlækinn. Neðan við hana er Mylluklettur.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SJM II, 270; Ö-Brennistaðir, 6

SM-006:018 heimild mylla
“Tvær myllur við bæjarlækinn, ofan og neðan við tún.” segir í Sveitum og jörðum. Sú efri rétt ofan við túngirðingu segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SJM II, 270; Ö-Brennisstaðir, 2

SM-006:019 varða
“Margar fallegar hlaðnar vörður á ásum og hólum, flestar hlóð eða endurreisti Jóhann Þórarinsson.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 270

SM-006:020 garðlag túngarður
“Um 1940: Settur vír á gamla túngarða úr grjóti og torfi.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 270

SM-006:021 heimild leið
“Út frá Eiðablá er grýtt hæð, sem er kölluð Hraun. Þar er Hraunbotn. Út frá Sortukýlsklettum er Silungshylur í Gilsá. Þar gengur sýrsrhall að ánni og heitir Kjöldumýrarenni. Niður af því er Skjöldumýri, þar er Skjöldumýrarvað á Gilsá. Utan við vaðið er Stekkjarnes. Utan við nesið er Stekkanesvað á Gilsá á kirkjugötum frá Brennistöðum.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Eiðar, 7

SM-006:022 *Sigmundarvarða* varða
“ ... Sigmundur [var] stundum á B, og mælt er, að hann hafi hlaðið vörðu er stendur á grjótholti skammt neðan bæjar og heitir Sigmundarvarða.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 269

SM-006:023 heimild leið
“Landamerki milli Hjartarstaða og Brennistaða: Úr merkisteini (Oddasteini), sem stendur fyrir norðan Unulæk, þaðan réttsýnis í Kolaþúfu svonefnda, sem stendur við (hjá) reiðgötu á Bleiksás, þar fyrst sést heim að Hjartarstöðum ... ” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brennistaðir, 1

SM-006:024 *Merarkofi* heimild
“Utan við Mylluna er mór, sem heitir Merarkofamór. Þar stóð kofi sem kallaður var Merarkofi.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Brennistaðir, 2-3

SM-006:025 *Hamarshús* heimild beitarhús
“Hamarshús heita beitarhús neðan við Stórás.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 270

SM-006:026 *Náttmálavarða* varða eyktamark
“Ofan við Ásalækjarþýfi er Brennistaðablá, beggja vegna við Bæjarlæk. Út frá Brennistaðablá

liggur Bleikássund. Rétt neðan við tún er Vörðuás. Hann er nú ræktaður. Á Vörðuás er Náttmálavarða." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Brennistaðir, 3

SM-006:027 heimild kolagröf

"Inn og austur (suður) frá Bolás er svæði, sem heitir Vatnsskógur. Þar eru margar kolagrafir, en engar skógarleifar." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Brennistaðir, 3

SM-006:028 *Árnastekkur* heimild stekkur

"Inn og austur (suður) frá Bolás er svæði, sem heitir Vatnsskógur. Þar eru margar kolagrafir, en engar skógarleifar. Þar er smátjörn, nafnlaus. Utan og neðan við Bolaás er Árnastekkur." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Brennistaðir, 3

SM-006:029 *Spöng* varða

"Niður af hálsinum [Lómatjarnarhálsi] heitir Engjahraun. Á Engjahrauni er varða, sem kölluð er Spöng. Hún var hlaðin af börnum í hjásetu; meðan á byggingunni stóð, brotnaði hella, sem átti að nota, en börnin voru ekki ráðalaus og sprengdu helluna, og varðan hlaut nafn af því." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Brennistaðir, 4

SM-006:030 *Áshús* heimild beitarhús

"Út og niður frá henni [Breiðublá] er ás allmikill kallaður Dalás. Vestur af honum (með mýrarsundum á milli) er Háiás. Fram og niður af honum er gömul beitarhús, Áshús." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Brennistaðir, 5

SM-006:031 *Brennistaðahjáleiga* bæjarstæði býli

"Í landi jarðarinnar var eyðibýlið, Brennistaðahjáleiga. Engin örnefni í sambandi við býlið." segir í örnefnalýsingu. Gæti verið sama og 013 og 015. Brennistaðahjáleiga nefnd í eyðibýlaskrá Olaviusar.

Heimildir: Ö-Brennistaðir, 6; ÓO II, 142

SM-006:032 heimild stekkur

SML: "Þegar Pétur var í Gilsárteig, tekur hann sig til eitt vor og byggir lambastekk sinn í hraundæld lítilli í þeim hluta tungunnar [við Unalæk á merkjum milli Brennistaða og Gilsárteigs], sem tilheyrði Brennistöðum." Brennistaðir töpuðu síðan þessari sneið af landi sínu í málaferlum.

Heimildir: Sigmundur Matthíasson Long: "Sagnaþættir" Austurland III, 191-192

SM-007 Hjartarstaðir

20 hdr. 1695, 1847. 1660: Loftur Torfason selur Jóni Pálssyni 4 hdr. í Hjartarstöðum fyrir 8 hdr í lausafé." Jarðabók, 276. 1847 Hamragerði hjáleiga. "Landið nær að sýslumörkum við Núpsá; þá að Hamragerðislandi og upp á háröð Botndalsfjalls (1013) og suður á Tóadal, þar sem Núpsá kemur út Tóarvatni (sjá einnig Brennistaði og Gilsárteig). Að vestan skilur Gilsá

og mörkin 200-300 m innan við brúna.” Árið 1920 var jörðinni lögfornlega skipt í tvö jöfn býli H og Hamragerði. SJM II, 271-272.

Tún 8,7 ha, garðar 980 m2. “Slægjur þóttu heldur lélegar þar og heyskapur óhægur. Þá er Bleikás samhliða blánni þvert yfir landið, lyng- og hrísmóaflæmi utantúns, erfiður til ræktunar sökum leirs í jarðvegi.” SJM II, 272.

SM-007:001 *Hjartarstaðir* bæjarhóll bústaður
“1904: Allur bærinn endurbyggður, tvískipt baðst. uppi, niðri, eldhús, stofa og búr, alþiljað, um 50 m2. 1906: Byggt timburhús áfast baðstofunni og jafnstórt, tvílyft með kjallara út höggnu grjóti og steyptum ramma efst, járnþak.” Segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: Túnakort 1918; SJM II, 273

SM-007:002 *Kúahlaða* heimild hlaða
“Utan við bæinn á Hjartarstöðum II er hóll, sem heitir Hlöðuhóll. Þar var áður Kúahlaða o.fl. tættur, sem búið er að slétta yfir.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Hjartarstaður, 4

SM-007:003 *Fjárhúshóll* örnefni fjárhús
“Austan við Hlöðuhól er Fjárhúshóll. Þar eru nú gripahús á Hjartarstöðum II.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Hjartarstaður, 4

SM-007:004 heimild hesthús
“Sléttan utan við Fjárhúshól heitir Hesthússlétta. Á hæstu bungu hennar var áður Hesthús.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Hjartarstaður, 4

SM-007:005 *Brynhildarhóll* tóft
“Innan við bæinn og gripahúsin var mýrarsund gegnum túnið, sem heitir Fit. Í Fitinni er hóll suður frá bæ, sem heitir Brynhildarhóll. Á þeim hól eru fornar rústir (ef til vill hoftótt).” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Hjartarstaður, 4

SM-007:006 *Hjartarstaðahjáleiga* bæjarstæði býli
“Innan við Fitina [sjá 005] var Hjartarstaðahjáleiga, gamalt eyðibýli.” segir í örnefnalýsingu. “ ... Hjartarstaðahjáleiga á suðurbarmi gilsins, bær og tún, og sjást enn leifar, veggjabrot og túngarðstúfar.” segir í Sveitum og jörðum. HS: “Hjártarstaðahjáleiga og Núpsgerði, afbýli frá Hjartarstöðum.” Hjartastaðahjáleiga nefn í Jarðabréfabók, án ártals en þar lýsir Bjarni Einarsson því yfir að hann eigi engin skjöl um H. “ Síðasti ábúandi hét Árni og fluttist þaðan í Straum í Hróarstungu nauðugur og lagði það á, að aldrei skyldi nást óhrakin taða af hjáleigutúninu. Það þykir hafa orðið að áhrifisorðum. Óvíst er, hvenær þetta var, en líkur til, að það hafi verið í kring um 1880. ... Svo stóðu 4 fjárhús sambyggð þar sem hjáleigubærinn stóð, en voru ekki nefnd sérstöku nafni. Nú er búið að slétta yfir öll hús í Hjáleigutúninu.” Minnst á Hjartarstaðahjáleigu í eyðibýlaskrá Olaviusar, fór í eyði 1756.

Heimildir: Ö-Hjartarstaður, 4-5; SJM II, 271; Halldór Stefánsson: “Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum”, 181; ÓO II, 142, Jarðabréf, 273

SM-007:007 *Norðurhús* heimild fjárhús
“Á hjáleigutúninu stóðu síðar fjárhús. Þau voru kölluð Norðurhús og Fremstahús.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Hjartarstaður, 4-5

SM-007:008 *Fremstahús* heimild fjárhús
"Á hjáleigutúninu stóðu síðar fjárhús. Þau voru kölluð Norðurhús og Fremstahús." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hjartarstaður, 4-5

SM-007:009 *Ólasel/Ólafsgerði* bæjarstæði býli
"Tvö afbýli voru í landi H, Ólasel um 1 km. sa. af bæ, aðeins byggt eitt eða tvö ár um 1856 (hreppsbók), og Núpsgerði í átt að Hamragerði, ekki byggt á þessari öld." segir í Sveitum og jörðum. "Upp af Lækjardalshöfða er Ólafsgerði eða Ólasel." segir í örnefnalýsingu. HS: "Ólafsgerði, húsmannsbýli frá Hjartarstöðum 1866-1868." "Þar reisti nýbýli 1856 Ólafur Ólafsson (venjulega kallaður Óli kunningi). Ekki varð dvöl hans löng á nýbýlinu; fyrsta haustið, sem hann var þar, varð hann uppvís að sauðaþjófnaði og var dæmdur til fangelsisvistar. Ekki er kunnugt um, að þarna hafi verið búið nema þetta eina sumar."
Heimildir: SJM II, 272; Ö-Hjartarstaðir, 6; Halldór Stefánsson: "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum", 181

SM-007:010 *Núpsgerði* bæjarstæði býli
"Tvö afbýli voru í landi H, Ólasel um 1 km. sa. af bæ, aðeins byggt eitt eða tvö ár um 1856 (hreppsbók), og Núpsgerði í átt að Hamragerði, ekki byggt á þessari öld. Líkur eru til, að Núpsgerði hafi verið austan við Núpsgerðismýrarsund, þar sem tættur og gleggri ummerki eru en á gerðinu sjálfu, garðlög og hleðsla í vatnsbólinu." segir í Sveitum og jörðum. "Núpsgerðisás er yst við blána. Fremst á honum eru grónar rústir af eyðibýli, sem heitir Núpsgerði. Ekki vissu heimildarmenn, hvenær það var í byggð. Líklega hafa þar verið beitarhús síðar." segir í örnefnalýsingu. HS: "Hjartastaðahjáleiga og Núpsgerði, afbýli frá Hjartarstöðum." Nefnt í eyðibýlaskrá Olaviusar
Heimildir: SJM II, 272; Ö-Hjartarstaðir, 7; Halldór Stefánsson: "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum", 181; ÓO II, 142

SM-007:011 tóft
"Á barði austur af Núpsgerði [010] eru fornar tættur, en ekki er kunnugt nafn á þeim." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hjartarstaður, 7

SM-007:012 garðlag túngarður
"1884: Sigurður Magnússon eldri kaupir H. Túnið illþýft, varið torfgarði." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 272

SM-007:013 heimild fjárhús
"Í notkun gamalt járnvarið torfhús fyrir 120 kindur og 4 hesta." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 272

SM-007.014 garðlag landamerki
"En að utanverðu móte Heimstaðalende Ræður strax nefnd (Núpsá) á landamerkium fram eptir í garð þan sem liggur neðan frá tiedri á upp á myllum Tymburhöfda, og austur í merkiesund ... " segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hjartarstaður, 2

SM-007:015 garðlag landamerki
“En að utanverðu móte Heimstaðalende Ræður strax nefnd (Núpsá) á landamerkium fram eptir í garð þan sem liggur neðan frá tiedri á upp á myllum Tymburhöfda, og austur í merkiesund þaðan rædúr langgarðúr landamerkium útá maótz við ytre vörðú á Núpsgerðisás ...” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hjartarstaður, 2

SM-007:016 varða landamerki
“En að utanverðu móte Heimstaðalende Ræður strax nefnd (Núpsá) á landamerkium fram eptir í garð þan sem liggur neðan frá tiedri á upp á myllum Tymburhöfda, og austur í merkiesund þaðan rædúr langgarðúr landamerkium útá maótz við ytre vörðú á Núpsgerðisás ...” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hjartarstaður, 2

SM-007:017 varða landamerki
“.. frá nefndre Vörd [016] Rietsynir í Vördu þá sem er á hamrinum fram og upp af Hamragerði ...” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hjartarstaður, 2

SM-007:018 varða landamerki
“..frá nefndre Vörd [016] Rietsynir í Vördu þá sem er á hamrinum fram og upp af Hamragerði so austur í Vörði þá sem er fyrir ofan Slægiulönd.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hjartarstaður, 2

SM-007:019 varða landamerki
“(Hvöriar fiorar næst-Taldar Vörður siást í beine lynu sú inasta (frá) þeirra anare) þaðan frá Vörð og á fiall austuir þangað sem fyrzt hallar vötnum til hieraðs:” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hjartarstaður, 2

SM-007:020 *Unulækur/Unalækur* þjóðsaga
“Önnur örnefni á Hjartarstöðum: Unulækur eða Unalækur rennur í Gilsá framan og neðan við Hjartarstaði. Heimildarmaður, Sigurður Magnússon, segir, að þar hafi drukknað kona sem hét Una, og dragi lækurinn nafn af því. Svo eru aðrar gamlar sögur, sem telja, að lækurinn sé nefndur eftir Una danska, er nam land á Austur-Héraði.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hjartarstaður, 5

SM-007:021 *Svarðarenni* örnefni mógrafir
“Austan við Bleiksás er Bleiksássund, nær Brennistöðum að Núpsá. Austan við sundið er Háahlíð. Utan við Háuhlíð er mýrarhall, sem heitir Svarðarenni.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hjartarstaður, 6

SM-007:022 *Réttarklettur* örnefni rétt
“Austan við þessa staði [021] er klettahryggur, sem heitir Hraungarður, nær frá Brennistaðamörkum að Núpsá. Hæsti klettur á Hraungarði heitir Réttarklettur.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hjartarstaður, 6

SM-007:023 *Brúarvað* heimild vað
“Breiðablá er austan við Hraungarð [sjá 022]. Útaf Breiðublá er Neðridalur. Út af Neðridal eru tvö vöð á Núpsá, Brúarvað og Ullarvað ofar.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Hjartarstaður, 6

SM-007:024 *Ullarvað* heimild vað
“Breiðablá er austan við Hraungarð [sjá 022]. Útaf Breiðublá er Neðridalur. Út af Neðridal eru tvö vöð á Núpsá, Brúarvað og Ullarvað ofar.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hjartarstaður, 6

SM-007:025 *Ullarvað* örnefni þvottastaður
“Breiðablá er austan við Hraungarð [sjá 022]. Útaf Breiðublá er Neðridalur. Út af Neðridal eru tvö vöð á Núpsá, Brúarvað og Ullarvað ofar.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hjartarstaður, 6

SM-007:026 *Mylluklettur* örnefni mylla
“Ofan við Neðridal er ás og síðan er Efridalur. Ásinn milli dalanna er venjulega kallaður “Milli dala”. Utan á honum er Mylluklettur við Núpsá.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hjartarstaður, 6

SM-007:027 *Réttartangi* örnefni rétt
“Örnefni á Hjartarstöðum utan við Núpsá: ... Innst við ána er Réttartangi.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hjartarstaður, 7

SM-007:028 heimild beitarhús
“Fjallið er brattalítið og slægjur víða neðan til í flóum og mýrarhöllum. Þar voru beitarhús nálægt Svartafossi í Núpsá til 1928 og aftur 1948-´58.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 272

SM-007:029 heimild áveita
SML: “Ósagt skal látið, hvort hann hugðist að rækta teiginn með vatnsveitingum, en allmikill skurður hefur verið grafin frá Núpsánni heim að túninu á Hjartarstöðum og sagður vera eftir Brynjólf [f 1801] ...”
Heimildir: Sigurður Matthíasson Long “Sagnaþættir” Austurland III, 201

SM-008 Hamragerði

Hjáleiga Hjartarstaðar. “H er ysti bær í Eiðaþinghá næst fjalli og því á sýslumörkum. Bærinn stendur í tónflöt, sem hallar nokkuð til vesturs, en að bæjarbaki er Hamarinn, sem hann dregur nafn af. Af Hamrinum er vítt útsýni um Úthérað og á sjó út. ... Jörðin fór í eyði 1956 og hefur ekki verið nytjuð síðan að heitið geti nema beitiland. “ SJM II, 274. 1918: Tún 2,3 ha, garðar 256 m2. “Túnið á H var grasgefið mestallt, engjar víðast þýfðar mýrar og aðrar fjarlægar, beitiland afbragðsgott. Beitilyng er mjög áberandi og aðalbláberjalyng, enda gott berjaland. SJM II, 274.

SM-008:001 *Hamragerði* bæjarhóll bústaður
“Byggt um ´36 timburhús, portbyggt með veggi á 3 vegu. Timburþil á mót sv. Niðri eldhús, stofa og búr, tvískipt upp.”Segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: Túnakort 1918; SJM II, 274

SM-008:002 *Lambhús* heimild fjárhús
“Fyrir utan bæ var fjárhús, kallað Lambhús.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hamragerði, 2

SM-008:003 heimild fjárhús
“Á hól utan við Hamar voru aðalfjárhúsin, sambyggð, en voru ekki nefn sérstöku nafni.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hamragerði, 2

SM-008:004 garðlag túngarður
“Leifar af garðlögum, grjótg. framan við túnið og torfg. utan við það.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 274

SM-008:005 garðlag
“Leifar af garðlögum, grjótg. framan við túnið og torfg. utan við það.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 274

SM-008:006 heimild mylla
“Myllutótt við Hurðabaksá.” segir í Sveitum og jörðum. “Skammt ofan við tún, ofan við Hurðabaksá, er lítill klettur, sem heitir Mylluklettur. Þar var vatnsmylla.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SJM II, 274; Ö-Hamragerði, 4

SM-008:007 varða landamerki
Landamerki milli Hamragerðis og Hjartarstaða ... Frá ytri vörðu á Núpgerðisás í vörðu þá, sem er á Hamrinum fram og upp frá Hamragerði ...” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hamragerði,1

SM-008:008 varða landamerki
Landamerki milli Hamragerðis og Hjartarstaða ... Frá ytri vörðu á Núpgerðisás í vörðu þá, sem er á Hamrinum fram og upp frá Hamragerði í vörðu, sem er á hamrinum við Hurðabaksá, þaðan upp í vörðu þá sem er fyrir ofan slægjulöndin ...” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hamragerði,1

SM-008:009 varða landamerki
Landamerki milli Hamragerðis og Hjartarstaða ... Frá ytri vörðu á Núpgerðisás í vörðu þá, sem er á Hamrinum fram og upp frá Hamragerði í vörðu, sem er á hamrinum við Hurðabaksá, þaðan upp í vörðu þá sem er fyrir ofan slægjulöndin ...” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hamragerði,1

SM-008:010 varða landamerki
Landamerki milli Hamragerðis og Hjartarstaða ... Frá ytri vörðu á Núpgerðisás í vörðu þá, sem er á Hamrinum fram og upp frá Hamragerði í vörðu, sem er á hamrinum við Hurðabaksá, þaðan upp í vörðu þá sem er fyrir ofan slægjulöndin, hverjar fjórar vörður sjást í beinni línu, sú eina frá annarri.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hamragerði, 1

SM-008:011 *Réttarholt* örnefni rétt

“ ... neðan við Hurðabaksá: Uppi af merkisundi er Réttarholt ...” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hamragerði,2

SM-008:012 garðlag landamerki
“ ... neðan við Hurðabaksá: Uppi af merkisundi er Réttarholt og litlu innar Grænaholt. Ofan við það holt er Ekisundtjörn. Út af henni er Ekisund að landamerkjagarði milli Hurðabaksár og Hrjótavatns.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hamragerði,2

SM-008:013 *Klappargerði* bæjarstæði bústaður
“Efri kletturinn á Sjónarási heitir Sjónaráshæð. Niður af ytri Bæjarásenda er lítið holt. Þar eru grónar rústir af eyðibýli (húsmannsbýli), sem hét Klappargerði. Það var í byggð nokkur ár á síðasta áratug 19. aldar, fór í eyði 1896. Þar bjó í húsmennskuábúð, sem áður segir, Tunis Jónsson og kona hans Sigurlaug ... ” segir í örnefnalýsingu. HS: “Klappargerði, húsmannsbýli frá Hamragerði fá því fyrir aldamótin 1900.”
Heimildir: Ö-Hamragerði, 2; Halldór Stefánsson: “Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum”, 181

SM-008:014 garðlag landamerki
“Eftir Merkisundi liggur gamall lm. garður, frá Hurðabaksá að Hrjóarvatni liggur einnig lm. garður á lm Hamragerðir og Hreimsstaða.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Örnefni í Hreimsstaðalandi, 34

SM-009 Hleinargarður

12 hdr. 1695. Í máldaga Klyppstaðakirkju frá um 1367 segir að hún eigi skógarítak í landi Hleinargarðs. DI III, 239-240. 12 hdr. 1847. HÞ: Hleiðrargarður réttast Hleiðar og Hleinar afbakanir. Árbók 1923, 93 “Mörk við Eiða eru um landamerkjagarð frá Gilsá úr vatnshorninu norður í Breiðavatn (í Himbrimatanga). Þar taka við hreppamörk (og sýslumörk), sem liggja norður Tröllaskarðaás og síðan austur í Selfljót gegnt Hreimsstöðum; mörkin við lækjarsytru í Kjarvalshvammur (sjá Ketilsst. Hjalt.) rétt sunnan við húskofana. Selfljót-Gilsá að austan.” SJM II, 275.

1918: Tún 3,3 ha, garðar 511 m1. “Landið er all vel gróið, en þó þótti jörðin undir meðallagi til búskapar fyrr, engjar lélegar mýrarslægjur að mestu, gamla túnið þýft með ódæmum (mittisháar þúfur) og fjalllendi til upprekstrar ekki í heimalandi.” SJM II, 275.

SM-009:001 *Hleinargarður* bæjarhóll bústaður
“Lítill nýlega byggður torfbær, er Malen kom ´12 eftir bæjarbruna stuttu áður. Byggt núv. steinhús þ.á. á kjallari hæð og íbúðarris, torfeinangrun, viðað innan.” Segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 276; Túnakort 1918

SM-009:002 heimild hesthús
“Torfhesthús (um ´44) f. 7 ... ” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 276

SM-009:003 *Lambhús* heimild fjárhús
“Fram og niðri á túni (syðst á gamlatúninu) heitir Lambhúshóll. Þar var fjárhús, hét Lambhús

(nú Hesthús)." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hleinargarður, 2

SM-009:004 *Bjarnakofi* heimild fjárhús
"Spölkorn framan (sunnan) við bæ var fjárhús, hét Bjarnakofi." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hleinargarður, 2

SM-009:005 þjóðsaga legstaður
"Neðan við Bjarnakofa [004] var stór þúfa, er sú þjóðsaga fylgdi, að þar væri grafin landnámskona, er Hleiður hét, og eftir henni væri bærinn nefndur. Búið er að slétta yfir þessa þúfu, og ekki vitað, hvar hún var, nákvæmt." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hleinargarður, 2

SM-009:006 *Fremstahús/Hólhús* heimild fjárhús
"Á hól upp af Bjarnakofa [004] var fjárhús, sem kallað var Fremstahús eða Hólhús." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hleinargarður, 2

SM-009:007 *Kletthús* heimild fjárhús
"Á hól upp af Bjarnakofa [004] var fjárhús, sem kallað var Fremstahús eða Hólhús. Skammt utan (norðaustan) við það var annað fjárhús, sem hét Kletthús." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hleinargarður, 2

SM-009:008 *Yztahús* heimild fjárhús
"Þriðja fjárhúsið var upp af bæ og var kallað Yztahús." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hleinargarður, 2

SM-009:009 heimild hesthús
"Út (norðaustur) frá bæ var Hesthús á lágri hólbungu." segir í örnefnalýsingu. Gæti verið sama og 002.
Heimildir: Ö-Hleinargarður, 2

SM-009:010 heimild beitarhús
"Vestan vegar liggja lyng- og fjalldrapaásar, víða klettóttir, hæst eru Klif (64 m) sunnarlega í landi. Þar voru beitarhús fram undir 1960, hin einu á jörðinni ..." segir í Sveitum og jörðum. "Utan og austan á Klifum eru Beitarhús. Utan við Beitarhús er tjörn, kölluð Beitarhúsatjörn." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SJM II, 275; Ö-Hleinargarður, 3

SM-009:011 tóft
"Vestan vegar liggja lyng- og fjalldrapaásar, víða klettóttir, hæst eru Klif (64 m) sunnarlega í landi. Þar voru beitarhús fram undir 1960, hin einu á jörðinni en utar Selklettar og þar rústir, tættur og garðlag." segir í Sveitum og jörðum. "Neðan við Vörðuklett eru Ytri-Selklettur og Fremri-Selklettur. Milli Selklettana liggur þjóðvegurinn." segir í örnefnalýsingu. Friðlýsingarskrá: "Hleinargarður. Fornar bæjarrústir og leifar af túngarði við Selskletta, fast við gamla þjóðveginn, um 500 m innan við Hleinargarð." Friðlýstar fornminjar. Skjal undirritað af ÞM 7.3.1985.
Heimildir: SJM II, 275; Ö-Hleinargarður, 3; ÁG: Skrá um friðlýstar fornleifar, 59

SM-009:012 garðlag

“Afgirtur Sveinshagi við Mjóavatn (fjárheldi), þar var reimt enda Drápsklettur svon. í nánd.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 275

SM-009:013 heimild mylla

“Afgirtur Sveinshagi við Mjóavatn (fjárheldi), þar var reimt enda Drápsklettur svon. í nánd. Myllutótt við læk úr sama vatni, hvarf í vatnagangi ´50.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 275

SM-009:014 garðlag áveita

“Áveitugarður í Keldum, nv. af bæ.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 275

SM-009:015 *Torfavörður* varða landamerki

“Að framan úr Gilsá eftir landamerkjagarði, er liggur beint í Eiðavatnsfót, þaðan eftir Torfavörðum út miðjan Grafdal ...” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Hleinargarður, 1

SM-009:016 garðlag landamerki

“Að framan úr Gilsá eftir landamerkjagarði, er liggur beint í Eiðavatnsfót, þaðan eftir Torfavörðum út miðjan Grafdal ...” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Hleinargarður, 1

SM-009:017 *Bergvað* heimild vað

“ ... Gilsáin rennur austan við Hleinargarðsland; utan við Bergvað ... ” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Hleinargarður, 2

SM-009:018 *Vörðuklettur* örnefni

“Mitt á milli Beitarhúsa og bæjar er Vörðuklettur.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Hleinargarður, 3

SM-009:019 tóft stekkur

“Utan við Selkletta er Stekkjarmór. Neðan við Stekkjarmó er Stekkjarnes við Gilsá. Framan við Stekkjarmó eru rústir af Stekk.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Hleinargarður, 3

SM-009:020 *Stekkjarvað* heimild vað

“Niður af Stekknum er Stekkjarvað á Gilsá.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Hleinargarður, 3

SM-009:021 *Kvíaklauf* örnefni kvíar

“Á Hraungarði eru: Nónklettur og Miðdegisaftanklauf og Kvíaklauf rétt við túnið.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Hleinargarður, 4

SM-009:022 *Núpsártangavað* heimild vað

“Við ytri enda Hádegisholts, sem fyrr getur, er Núpsártangavað á Gilsá.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Hleinargarður, 4

SM-009:023 *Hamragerðisvað* heimild vað
“Utan við Núpárós og samnefndan tanga er klapparhylur í Gilsá. Utan við hann er Hamragerðisvað.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hleinargarður, 4-5

SM-009:024 *Efri-Stekkás* örnefni stekkur
“Austan við Langás er Langatjörn. Austan við hana er Starartjörn (nú framræst). Út og austur af henni er Efri-Stekkás. Austan við Efri-Stekkás er Neðri-Stekkás. Neðan við Neðri-Stekkás rennur Hleinargarðslækurinn ...” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hleinargarður, 6

SM-009:025 *Neðri-Stekkás* örnefni stekkur
“Austan við Langás er Langatjörn. Austan við hana er Starartjörn (nú framræst). Út og austur af henni er Efri-Stekkás. Austan við Efri-Stekkás er Neðri-Stekkás. Neðan við Neðri-Stekkás rennur Hleinargarðslækurinn ...” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Hleinargarður, 6

SM-010 Fljótsbakki

12 hdr. 1695, 1847. 1477: Hallsteinn Þorsteinsson selur Fljótsbakka til Bjarna Marteinssonar fyrir 12. hdr. DI VI, 119. 1660: “Eyjólfur Þorkelsson selur með jáyrði sinnar kvinnu, Ólafar Sigurðardóttur, sr. Stefáni Ólafssyni 2 hdr. Fljótsbakka.” Jarðabók, 276. 1660: “Jón Sigurðsson selur sr. Stefáni Ólafssyni hálft fjórða hundrað í Fljótsbakka.” Jarðabók, 277. 1660: Bjarni Sigurðsson selur sr. Stefáni Ólafssyni hálft annað hundrað í Fljótsbakka.” Jarðabók, 277. 1661: “Ingibjörg Þorsteinsdóttir selur sr. Stefáni Ólafssyni 5 hdr í Fljótsbakka.” Jarðabók, 276. 674: “Sigfús Bjarnason selur Jóni Þorlákssyni tuttugu og hálft hið fimmta hundrað í Víðivöllum ytri fyrir Fljótsbakka, ...” Jarðabréf, 280.

“Landamörk við Eiða eru við Hesteyrarlæk (Oddmarslæk í Droplsona s.) sa. í klofasteina skammt sv. af Kirkjuhöfða, við Snjóholt við Bakkaselstættur, Snjóholtsvört og Hundstjörn og við Breiðavað þaðan í Bakkalækjarós við Lagarfljót.” SJM II, 245. 1918: tún 2,7 ha. garðar 418 m2. “Tún hallar mót vestri og niður að fljótinu sem streymir kyrrlátlega út hjá á föstum sandbotni sínum, sumarprýði og vetrarbraut. Túnið var illþýft mestallt, en grasgefið og jarðdjúpt. Engjarnar þóttu í betra lagi ýmist, greiðfærar, þýfðar, votlendar, þurrar, nærtækar, langsóttar og allar heygóðar ...” Sléttun túnþýfis lokið um 1945. SJM II, 245.

SM-010:001 *Fljótsbakki* bæjarhóll bústaður
“Á Fljótsbakka var oft tvíbýli áður, bæirnir voru nefndir Efri- og Neðribær. Þau nöfn eru nú ekki notuð. Þar sem Efribærinn stóð, er nú hesthús. Það er stuttan spöl utan við Ræsið, suður frá Neðrihól. Það er kallaður Gamlibær. Á grunni Neðribæjar stendur nú íbúðarhúsið á Fljótsbakka.” segir í örnefnalýsingu. “Gamli bærinn rifinn ´19 og nýr byggður. baðst. 10x6 álnir, tvískipt uppi, stofa niðri og eldh. með torfgólfi. 1920: Fyrsta þakjárn á fjós og hlöðu.” Segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: Túnakort 1918; Ö-Fljótsbakki, 3; SJM II, 246

SM-010:002 *Neðribær* bæjarstæði bústaður
“Á Fljótsbakka var oft tvíbýli áður, bæirnir voru nefndir Efri- og Neðribær. Þau nöfn eru nú ekki notuð. Þar sem Efribærinn stóð, er nú hesthús. Það er stuttan spöl utan við Ræsið, suður

frá Neðrihól. Það er kallaður Gamlibær. Á grunni Neðribæjar stendur nú íbúðarhúsið á Fljótsbakka." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Fljótsbakki, 3

SM-010:003 *Tjarnarhús* heimild fjárhús
"Neðan við bæjartjörn er Tjarnarhóll eða Efrihóll. Á Tjarnarhól stóð fjárhús, sem hét Tjarnarhús." segir í örnefnalýsingu. Búið að slétta.

Heimildir: Ö-Fljótsbakki, 2

SM-010:004 *Hólhús* heimild fjárhús
"Neðan við Tjarnarhól, samhliða, er Neðrihóll. Þar stóð fjárhús, sem var kallað Hólhús. Nú er búið að slétta yfir þessi hús." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Fljótsbakki, 2-3

SM-010:005 bæjarstæði bústaður
"Þá er komið að gamla túninu. yzt og efst á gamla túninu er hár hóll, sem heitir Salnýjarhóll, kenndur við Salnýju Einarsdóttir, er bjó á parti út Fljótsbakka 1830-60. Salný var einsetukona, og kofi hennar stóð á þessum hól." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Fljótsbakki, 2

SM-010:006 *Grundarhús* heimild fjárhús
"Stuttan spöl utan við íbúðarhúsið stóð fjárhús sem hét Grundarhús. Þar rétt hjá eru nú gripahúsin á Fljótsbakka." segir í örnefnalýsingu. Búið að slétta.

Heimildir: Ö-Fljótsbakki, 3

SM-010:007 heimild hesthús
"Spölkorn framan við íbúðarhúsið var hesthús." segir í örnefnalýsingu. Búið að slétta.

Heimildir: Ö-Fljótsbakki, 3

SM-010:008 heimild rétt
"Spölkorn framan við íbúðarhúsið var hesthús. Niður af því var fjárrétt; búið er að slétta yfir þessar tættur fyrir löngu ..." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Fljótsbakki, 3

SM-010:009 heimild hesthús
"Framan við Salnýjarhól var annað hesthús. Túnið þar í kring heitir Hesthústún." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Fljótsbakki, 3

SM-010:010 *Eiríksstaðir* heimild fjárhús
"Innan við Ræsið, fremst á gamla túninu, eru fjárhús, sem heita Eiríksstaðir, kenndir við Eirík nokkurn, er þar bjó." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Fljótsbakki, 3

SM-010:011 *Hesteyrarvað* heimild vað
"Spöl út af bænum er Hesteyrarvað á fljótinu, reitt og vætt neðan í Vatnavöxtum og fjölfarið fyrr á þjóðleið til Vestdalsheiðar, jafnvel með fjárrekstra." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 245

SM-010:012 *Bakkasel* bæjarstæði býli

“Bakkasel heitir mannvistastaður forn 1/2 km norður af Snjóholtsvötnum. Tættur og garður kringum túnbleðil benda fremur til býlis en sels, en ekki eru kunnar heimildir um býli.”segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 245

SM-010:013 garðlag landamerki

“Enn sjást leifar af vörslugarði á landamörkum.” segir í Sveitum og jörðum. “Út á legu þessa garðs fékk F landauka frá Eiðum eftir áreið og samninga.”

Heimildir: SJM II, 245

SM-010:014 garðlag landamerki

“ ... úr fremri enda Snjóholtsvatni eftir garði til Hundstjarnar.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Fljótsbakki, 1

SM-010:015 sögustaður

“Við fossinn [í Hesteyrarlæk] sjást rústir af jarðhúsi Gríms Droplaugarsonar, er hann gróf, þegar hann hefndi Helga bróður síns.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Fljótsbakki, 4

SM-010:016 heimild ferja

“Stuttan spöl inn frá Ærhamri er Kollumell (eða Ferjuhöfði) við Fljótið. Þar var Ferjustaður og vað á Fljótinu, kallað Rangárvað eða Fljótsbakkavað.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Fljótsbakki, 4

SM-010:017 *Rangárvað/Fljótsbakkavað* heimild vað

“Stuttan spöl inn frá Ærhamri er Kollumell (eða Ferjuhöfði) við Fljótið. Þar var Ferjustaður og vað á Fljótinu, kallað Rangárvað eða Fljótsbakkavað.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Fljótsbakki, 4

SM-010:018 heimild mylla

“Efst við Bakkalæk var Mylla. Þar ofan við lækinn Mylluklettur.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Fljótsbakki, 5

SM-010:019 heimild stekkur

“Stekkás nær út fyrir ofan bæ á Fljótsbakka. ... Utan við Stekkás er tjörn, sem heitir Stekkatjörn. Við Stekkatjörnina eru rústir af Stekk og Nátthaga.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Fljótsbakki, 5

SM-010:020 garðlag nátthagi

“Stekkás nær út fyrir ofan bæ á Fljótsbakka. ... Utan við Stekkás er tjörn, sem heitir Stekkatjörn. Við Stekkatjörnina eru rústir af Stekk og Nátthaga.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Fljótsbakki, 5

SM-010:021 *Geitastekkur* tóft stekkur

“Innan við Nátthagann er lítil tótt, sem heitir Geitastekkur.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Fljótsbakki, 5

SM-010:022 heimild kolagröf

“Á höfðanum [Hringtjarnarhöfða) eru kolagrafir ...” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Fljótsbakki, 32

SM-010:023 heimild vatnsból
"Út af bæjartjörn sem er vatnsból ..." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Fljótsbakki, 32

SM-010:024 kuml legstaður
KE: "Rétt eftir aldamótin 1900 fundust tvö kuml á mörkunum milli Eiða og Fljótsbakka, rétt fyrir utan svonefndan Hesteyrarlæk." "Kumlin voru í uppblásnu barði, mjög ógreinileg. Í öðru þeirra var heil mannsbeinagrind, höfuð sneri VSV. Í hinu voru aðeins fótleggir, en sú beinagrind virtist mundu hafa snúið eins. Hjá hinni fyrri fannst hnífblað (Þjms. 6956), við vinstri axlarlið, fast upp að upphandlegg, og 10-20 rær, líklega þó fremur rónaglar, og kom aðeins einn til safnsins (Þjms. 6957). Óvíst er, úr hverju þessir naglar eru"
Heimildir: KE 1956, 183-184

SM-011 Snjóholt

6 hdr. 1695, 1847. 1686. "Sr. Þorsteinn Jónsson gefur þeim hjónum Halldóri Eyjólfssyni og Hildi Bjarnadóttur leyfi til að selja sr. Bjarna Einarssyni Snjóholt (S-Múl.), svo framt sem hann fái Dalhús (S-Múl.), þegar hann vill þar um kaup gera." Jarðabréf, 272.HÞ: Snæholt (Snjóholt). Örnefnið Snæholtsskólar í Fljótsdælu þannig að það er eldra nafn, bæði nöfnin jafn góð. Árbók 1923, 93. "Land S nær neðan frá Snjóholtsvötum og upp á brún Tókastaðaáss. Vötnin eru tæpan 1 km út og niður af bæ, en ásbrúnin hátt í 2 km inni og uppi. Mörk við Eiða eru rétt innan við Kirkjuhöfða - norðaustur - suðausturlæg lína um Klofasta-eina og Helmingatjörn." SJM II, 243.

1918: 2,9 ha, garðar 123 m2. Bær og tún er á lágur ávölum bungur skammt neðan núverandi þjóðvegar. Túnið var mestallt kargaþýft og liggur aflíðandi niður að hálfdeigjumýrum, sem ná niður að vötnunum. Þar voru dágóðar engjar og véltækjar að þriðjungi." SJM II, 243.

SM-011:001 *Snjóholt* bæjarhóll bústaður
"Stuttar spöl austan við íbúðarhúsið stóð gamli bærinn, nú jafnaður við jörðu." segir í örnefnalýsingu. "2 baðstofur austast í bæjarþorpi, sneru norður-suður. Sú sem lengur stóð, var lengd um eitt stafgólf á þrep ´21. Þá 4 stafgólf. Niðri eldhús. Alþiljuð skarsíð, tjörupappi lak aldrei." Segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: Túnakort 1918; Ö-Snjóholt, 3, SJM II, 244

SM-011:002 heimild hesthús
"Niður frá bæ var hálfdeig mýri, sem kölluð var Fit. Framan við Fitina heitir Hesthústún. Þar kom upp gjall og viðarkol, þegar þetta stykki var ræktað. Á þessum hól var Hesthús." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Snjóholt, 2

SM-011:003 heimild kolagröf
"Niður frá bæ var hálfdeig mýri, sem kölluð var Fit. Framan við Fitina heitir Hesthústún. Þar kom upp gjall og viðarkol, þegar þetta stykki var ræktað." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Snjóholt, 2

SM-011:004 *Brunnamýri* örnefni brunnur

“Upp af Hesthústúni var mýrardrag, sem heitir Brunnmýri.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Snjóholt, 2

SM-011:005 *Hrollskofi* heimild hesthús
“Utan við Brunnmýri er Hrollskofahóll. Þar var fyrir löngu hesthúskofi, Hrollskofi (hesthús).” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Snjóholt, 2

SM-011:006 *Hólhús* heimild fjárhús
“Inn og upp af íbúðarhúsi er Hólhús. Þar var fjárhús, sem kallað var Hólhús.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Snjóholt, 2

SM-011:007 *Austurhús* heimild fjárhús
“Austur frá [006] Hólhúsi er Austurtún. Á því stóð fjárhús, sem hét Austurhús.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Snjóholt, 2

SM-011:008 heimild hesthús
“Þar fyrir austan [007] var læna austur af mýri, sem nú er búið að ræsa fram. Yzt í lænunni var grunn tjörn eða ker, sem þornaði í þurrkatíð. Tjörn þessi hét Hesthúsatjörn. Utan við hana var hólbunga. Þar stóð annað Hesthús.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Snjóholt, 2

SM-011:009 *Hringur* tóft
“Uppi á brekkunni er allstórt tún; það er kallað Kinn. Austast í Kinnarbrekku var hringlaga tótt, kölluð Hringur.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Snjóholt, 3

SM-011:010 *Kvíar* örnefni kvíar
“Uppi á brekkunni er allstórt tún; það er kallað Kinn. Austast í Kinnarbrekku var hringlaga tótt, kölluð Hringur. Austur af Hring voru Kvíar.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Snjóholt, 3

SM-011:011 *Kinnarhús* heimild fjárhús
“Austast á Kinnatúni [010] var fjárhús, kallað Kinnarhús.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Snjóholt, 3

SM-011:012 *Miðhús* heimild fjárhús
“Austast á Kinnatúni [010] var fjárhús, kallað Kinnarhús. Norður af því var annað fjárhús, hét það Miðhús.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Snjóholt, 3

SM-011:013 *Götukofi* heimild útihús
“Austast á Kinnatúni [010] var fjárhús, kallað Kinnarhús. Norður af því var annað fjárhús, hét það Miðhús. Vestan við það á brekkubrúninni var kofi, sem hét Götukofi.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Snjóholt, 3

SM-011:014 *Nautakofi* heimild útihús

“Austast á Kinnatúni [010] var fjárhús, kallað Kinnarhús. Norður af því var annað fjárhús, hét það Miðhús. Vestan við það á brekkubrúninni var kofi, sem hét Götukofi. Yzt á Konnatúni var kofi, sem hét Nautakofi.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Snjóholt, 3

SM-011:015 *Kirkjugata* gata leið

“Nyrzt hallaði Kinnatúninu niður að Fitinni. Í þeim halla var gata, kölluð Kirkjugata.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Snjóholt, 3

SM-011:016 *Kvíabarð* örnefni kvíar

“Nyrzt hallaði Kinnatúninu niður að Fitinni. Í þeim halla var gata, kölluð Kirkjugata. Norðan við hana er túnspilda, sem hét Kvíabarð.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Snjóholt, 3

SM-011:017 *Gullþúfa* öskuhaugur

“Norðan við Kirkjugötu, út frá gripahúsunum, var allhá þúfa, kölluð Gullþúfa. Reyndist vera öskuhaugur, þegar sléttað var.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Snjóholt, 3

SM-011:018 *Nikulásargerði* bæjarstæði býli

“Fremst í túninu var tóttarbrot, sem kallað var Nikulásargerði (um 1840, kennt við Nikulás Gíslason frá Breiðavaði.)” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Snjóholt, 3

SM-011:019 garðlag túngarður

“Túngarðsleifar heima og á seljunum.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 243

SM-011:020 heimild áveita

“Um miðja 19. öld bjó í S Jón Einarsson og var hreppstjóri. Hann gerði mikla áveitu á Snjóholtsengjar, veitti hluta af Uppsaá frá stað ofan við Þrándarstaði yfir Mýness og Breiðavaðsland og út undir tún í S, 4-5 km veita.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 243

SM-011:021 *Bakkasel* heimild sel

“Norðan við Sundið, inn af Klofsteinum, eru smáholt og mýrarhall nafnlaust; inn af hallinu er allangur höfði frá norðaustri til suðvesturs. Þar heitir Bakkaselshöfði. Yzt á honum er klettur. Norðan við klettinn eru grónar rústir af eyðibýli eða seli, sem heitir Bakkasel (sel frá Fljótsbakka?).” segir í Sveitum og jörðum. “Norðan vegar er þurrar ásaland. Þar er Bakkasel á Fljótsbakkamörkum.” segir í örnefnalýsingu. Var ef til vill býli.

Heimildir: SJM II, 243; Ö-Snjóholt, 4

SM-011:022 *Garðasel* heimild sel

“Austan við Efriásenda er Efri-Haukadalur. Yzt í honum eru gamlar bæjarrústir, sem heitir Garðasel.” segir í Sveitum og jörðum. “Rústir Garðasels eru framan undir Ásgeirsstaðaási utarlega í landi og innar Bjargselstættur með vallargörðum umhverfis túnstæðið.” segir í örnefnalýsingu. Var ef til vill býli.

Heimildir: SJM II, 243; Ö-Snjóholt, 7

SM-011:023 *Bjargsel* bæjarstæði býli
“Rústir Garðasels eru framan undir Ásgeirsstaðaási utarlega í landi og innar Bjargselstættur með vallargörðum umhverfis túnstæðið. Þar var afbýli á 19. öld og ef til vill fyrr, fór í eyði 1831.” segir í Sveitum og jörðum. “Upp af Bjargselstjörn eru háir klettar, sem heita Snjóholtsbjarg. Á hjalla undir Bjarginu eru rústir af eyðibýli, sem hét Bjargsel, fór í eyði 1834. Síðasti ábúandinn var Einar Sturluson (póstur). Enn þekkjast rústirnar af hesthúsi Einars pósts á kletti neðan við túnbleðilinn á Bjargseli.” segir í örnefnalýsingu. HS: “Bjargsel (Bjargsteinn), nýbýli frá Snjóholti á 19. öld.” “Beitarhúsatættur af tvístæðuhúsi niður af Bjargseli, síðara húsið rifið ´20.”

Heimildir: SJM II, 243; Ö-Snjóholt, 8; Halldór Stefánsson: “Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum”, 181

SM-011:024 heimild kolagröf
““Snæholtsskógae” virðast horfnir er sóknarlýsing Eiðasóknar var gerð 1841, en grúi kolagrafa sannar tilvist þeirra.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 243

SM-011:025 heimild rauðablástur
“Gjallhaugar miklir, sem komið hafa í ljós við jarðrask heima við bæ, benda til rauðablásturs.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 243

SM-011:026 varða landamerki
“Milli Snjóholt og Eiða eru mörkin úr Klofasteinum, bein lína í Þorgeirshöfða, þaðan sjónhendingu yfir Helmingatjörn í torfvörðu á Einbúa.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Snjóholt, 1

SM-011:027 varða landamerki
“Landamerki milli Snjóholts og Ásgeirsstaða: Bein lína úr torfvörðu á Einabúa í vörðutyppi á Nónöxl.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Snjóholt, 1

SM-011:028 varða landamerki
“Milli Snjóholts og Breiðavaðs eru mörkin úr áðurnefndum steini, bein lína um klauf í Miðselskletti, þaðan í vörðu á Brúarás ... ” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Snjóholt, 1

SM-011:029 áletrun landamerki
“Milli Snjóholts og Breiðavaðs eru mörkin úr áðurnefndum steini, bein lína um klauf í Miðselskletti, þaðan í vörðu á Brúarás utan við Merkilág, þaðan bein lína í Merkistein. Á hann er letrað: L.M. 1846.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Snjóholt, 1

SM-011:030 *Gamlistekkur* heimild stekkur
“Yzt - nyrst í landinu eru Klofasteinar, sjá landamerki. Sunnan við þá er allbreitt mýrarsund, Sund. Sunnna við það er ás, sem heitir Gamlastekksholt. Syðst á því er klettur. Undir honum eru rústir af stekk, Gamlastekk.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Snjóholt, 3-4

SM-011:031 heimild þvottastaður

“Austan við hraunið eru 2 tjarnir, Króahraunstjarnir. Sú stærri er nær túni. Úr stærri tjörninni rennur smálækur, Króahraunslækur. Í þeim læk var þvegin ull.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Snjóholt, 4

SM-011:032 *Kvíamýri* örnefni kvíar

“Milli Berjabrekkur og Fjárgötuholt er Kvíamýri.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Snjóholt, 4-5

SM-011:033 *Torfholt* örnefni rista

“Ofan við Fremstavatnið er melhæð, sem heitir Torfholt. Ofan við það er Torfholtsker. Milli kers og holts er slétt rönd, sem heitir Torfholtsrönd.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Snjóholt, 5

SM-011:034 heimild stekkur

“Vestan við holtið, milli þess og Efrihala, heitir Torfholtssund. Neðan við Efrihala er Vetrarsund. Neðan við Vetrarsund er Neðrihali. Austan í Neðrihala var Stekkur.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Snjóholt, 5

SM-011:035 *Árnabotn* þjóðsaga útilegumannabústaður

“Inn af Efrihala er Neðri-Árnaboltsklettur. Ofan við hann er Árnabotn á landamerkjum, kenndur við Árna Gíslason á Breiðavaði (1830-60?). (Hann hefur sennilega legið úti á þessum stað; munnmæli, Þórólfur Sölvason.)” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Snjóholt, 5

SM-011:036 *Stekkjarmýrarhvammur* örnefni stekkur

“Yzt í Blánni [ofan þjóðvegar] er klettahæð, sem heitir Þorgeirshöfði eða Þorgeirshólmi. Neðan við Þorgeirshöfða heitir Pyttamýri. Innan af henni er hvilft í Snjóholtsás, sem heitir Stekkjarmýrarhvammur.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Snjóholt, 6

SM-011:037 *Kolaklettur* örnefni kolagröf

“Á Neðriásenda, upp af Flataás, er klappahæð, sem heitir Kolaklettur. Inn af Kolafletti er Sniðgötuhjalli.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Snjóholt, 6

SM-011:038 tóft beitarhús

“Á Neðriásenda, upp af Flataás, er klappahæð, sem heitir Kolaklettur. Inn af Kolafletti er Sniðgötuhjalli. Ofan við hjallann er Þverklettur. Inn af Þverkletti er Fagrabotnsklettur. Vestan við Þverklett eru rústir af beitarhúsum, nafnlausar, niður af rústunum er aflíðandi brekka, niður að Blá (áðurnefndri) kölluð Beitarhúsabrekka.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Snjóholt, 6-7

SM-011:039 *Sigurðarstekkur* tóft stekkur

“Milli Beitarhúsabrekkur og Hrauna er sund, nafnlaust. Út í sundið að ofanverðu, þar sem það er mjóst, gengur melhryggur; framan á honum eru rústir af stekk, sem heitir Sigurðarstekkur.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Snjóholt, 7

SM-011:040 *Langabrú* vegur leið

“Milli Hrauna og túns er framræst mýrarsund, sem þjóðvegurinn liggur yfir. Í því var Neðrikelda, nú horfin. Yfir sundið var gamall vegur, sem var kallaður Langabrú.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Snjóholt, 7

SM-011:041 þjóðsaga

ÞSS: Á milli Mýness og Snjóholts heita Vellir og Vallaklettar. Í þeim er hilla sem nefnd er Skúlahella. Þar leyndist maður sem hét Skúli og var dæmdur ólífismaður. Hann leyndist þar lengi og mátti þakka hríslu sem óx og breiddi úr sér fyrir opið. Annaðhvort í landi S eða Mýnes.

Heimildir: ÞSS 1986 VI, 119

SM-012 Ásgeirsstaðir

10 hdr. 1695, 1847. 1564: Í tíundarreikningum í Múlaþingi: “Asgeirstadir 12c ecki golldid.” DI XIV, 325. “Jörðin er undir fjalli og á land norðvestan frá Helminstjörn og Mjóavatni og sa. á Gilsárdal, mörk þar við Gilsána gegnt Innri-Lambadalsá og um það bil mitt á milli Kötluánna. Við Grundarlæk eru mörk um 1 km utan við Tókustaði.” SJM II, 241.

1918: 3,2 ha, garðar 719 m2. “Ræktunarskilyrði eru góð, engjar víðlendar en fremur ósamfelldar, bestar uppi í fjalli.” SJM II, 241.

SM-012.001 *Ásgeirsstaðir* bæjarhóll bústaður

“Skiphóll (100 m langur). Á honum virðast bæjarhúsin alltaf hafa verið.” segir í örnefnalýsingu. Lýsing miðast við 1928: “Baðstofa, 10x3 1/2 álnir, sperrureist með langböndum og súð, undir baðstofu (niðri) stofa og eldhús alþiljað og fjalagólf. Skemma 9x4 álnir með þilstöfnum á lofti. Vesturhliðin öll úr timbri. Þar á bæjardyr. Stutt göng, 2-4 álnir, voru á milli skemmur og baðstofu. Stofan var undir skemmulofti að sunnanverðu, þiljuð, og eins gangur að baðstofugöngum. Skemma þessi var traustlega byggð, og gerð af mjög góðum og sterkum viðum. Maskínuhúsið, 4 1/2xa álnir, þiljað að innan með paneli, sperrureist og skarsúð utan á sperrum. Þar hafði verið sett upp fyrst eldavélin á Ásgeirsstöðum. Kúahlaða tók um 60 ha. Eldhús, 5x3 1/2 á,álnir, hlóðaeldhús, sperrureist með langböndum, þakið með torfi á tróð. Búr með kjallara, 6x3 1/2 álnir, fjalagólf yfir kjallara, búrið að mestu þiljað. Fjós fyrir 4 kýr. Smiðja, 4x3 álnir.” Segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: Túnakort 1918; Ö-Ásgeirsstaðir (Hús), 1-2

SM-012:002 heimild lambhús

Lýsing miðast við 1918: “Lambhús, 40 kinda hús.” segir í örnefnalýsingu. “Lambhúshlaðan tók 35 ha.” NR 9-10 á korti.

Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir (Hús), 1

SM-012:003 *Fremrigarður* örnefni

Lýsing miðast við 1918: “Fremrigarður.” segir í örnefnalýsingu. NR 11 á korti.

Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir (Hús), 1

SM-012:004 *Hlaðgarður* garðlag kálgarður

Lýsing miðast við 1918: “Hlaðgarður (Neðrigarður), kartöflu og rófugarður.” segir í örnefnalýsingu. NR 12 á korti.

Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir (Hús), 1

SM-012:005 *Brunnhús* heimild brunnur
Lýsing miðast við 1918: “Brunnhús” segir í örnefnalýsingu. NR 13 á korti.
Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir (Hús), 1

SM-012:006 *Hólbarð* tóft
Lýsing miðast við 1918: “Hólbarð, þar eru gamlar rústir.” segir í örnefnalýsingu. NR 14 á korti.
Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir (Hús), 1

SM-012:007 *Holtagarður* garðlag kálgarður
“Lýsing miðast við 1918: “Holtagarður, lítill kartöflugarður.” segir í örnefnalýsingu. NR 15 á korti.
Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir (Hús), 1

SM-012:008 heimild hesthús
Lýsing miðast við 1918: “Hesthús fyrir 4 hesta. Hesthúshlaðan, tók 25 ha.” segir í örnefnalýsingu. NR 16-17 á korti
Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir (Hús), 1

SM-012:009 *Hólhús* heimild fjárhús
Lýsing miðast við 1918: “Hólhús (niðurfallið, hafði verið fyrir 60 kindur). Hólhústóttin, heytótt.” segir í örnefnalýsingu. NR 18-19 á korti.
Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir (Hús), 1-2

SM-012:010 tóft
Lýsing miðast við 1918: “Gömul rúst” segir í örnefnalýsingu. NR 20 á korti.
Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir (Hús), 2

SM-012:011 *Grundarhús* heimild fjárhús
“Lýsing miðast við 1918: “Heystæði. Grundarhús (fjárhús, að mestu gróin rúst 1928.)” segir í örnefnalýsingu. NR 21-23 á korti.
Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir (Hús), 2

SM-012:012 heimild hesthús
Lýsing miðast við 1918: “Hesthúskofi fyrir 3 hesta. Heytótt” segir í örnefnalýsingu. NR 24-25 á korti.
Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir (Hús), 2

SM-012:013 tóft
Lýsing miðast við 1918: “Heystæði eða gömlu kofarúst.” segir í örnefnalýsingu. NR 26 á korti.
Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir (Hús), 2

SM-012:014 heimild hesthús
Lýsing miðast við 1918: “Hesthúskofi, fyrir 2 hesta ásamt heytótt.” segir í örnefnalýsingu. NR 27 á korti.
Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir (Hús), 2

SM-012:015 heimild áveita

“Farvegur lækjarins, þegar búið var að leiða hann í skurði niður með baðstofuveggnum. Þar drukknaði drengur í honum, Páll Guttormsson.” segir í örnefnalýsingu. NR 29 á korti
Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir (Hús), 2

SM-012:016 heimild áveita
“Farvegur lækjarins, þegar búið var að leiða hann í skurði niður með baðstofuveggnum. Þar drukknaði drengur í honum, Páll Guttormsson. Var þá læknum veitt fyrir ofan Fremrigarð ...” segir í örnefnalýsingu. NR 30 á korti.
Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir (Hús), 2

SM-012:017 *Brekkugarður* garðlag kálgarður
Lýsing miðast við 1918: “Brekkugarður (kartöflugarður).” segir í örnefnalýsingu. NR 32 á korti.
Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir (Hús), 2

SM-012:018 *Ásgeirshaugur* þjóðsaga legstaður
“Sumir, þar á meðal Sigfús Sigfússon, þjóðsagnasafnari, telja úthluta Skiphóls, eða jafnvel allan hólinn haug Ásgeirs landnámsmann, og heiti Ásgeirshaugur.” segir í örnefnalýsingu. “Ásgeirshaugur er í túninu; þar á Ásgeir sá, er bærinn á að draga nafn af, að vera heygður í hafskipi.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir (Hús), 2; SJM II, 241

SM-012:019 heimild áveita
Lýsing miðast við 1918: “Renna (hlaðin af grjóti).” segir í örnefnalýsingu. NR 44 á korti
Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir (Hús), 2

SM-012:020 *Tröðin* vegur leið
Lýsing miðast við 1918: “Tröðin (vegur).” segir í örnefnalýsingu. NR 55 á korti.
Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir (Hús), 2

SM-012:021 heimild brú
“Lýsing miðast við 1918: “Brú yfir bæjarlækinn” segir í örnefnalýsingu. NR 62 á korti
Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir (Hús), 2

SM-012:022 heimild heystæði
Lýsing miðast við 1918: “Heytótt á Melhól.” segir í örnefnalýsingu. NR 65 á korti.
Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir (Hús), 2

SM-012:023 garðlag túngarður
“Tveir túngarðar, sá er eldri virtist, afgirti stærra svæði.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 241

SM-012:024 garðlag túngarður
“Tveir túngarðar, sá er eldri virtist, afgirti stærra svæði.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 241

SM-012:025 *Sniðahús* heimild beitarhús
“Um hálftímagang upp af bæ voru beitarhúsi til 1929, Sniðahús.” segir í Sveitum og jörðum. Beitarhús fyrir 120 fjár og heyhlaða fyrir 90-100 ha, segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SJM II, 241; Ö-Ásgeirsstaðir, 11

SM-012:026 *Kollsstekkur* heimild beitarhús
“Ofan mýrarinnar gengur Ásgeirsstaðaás (sama hæð og Tókastaðaás) út landið með lyngi vaxnar móabungur og brekkur. Þar er Kollur, grjóthóll og Kollsstekkur, beitarhús í kvos suðaustan í ásnum, túnblettur í kring.” segir í Sveitum og jörðum. Enn í notkun 1975, fjárhús fyrir 65 fjár og hlaða við. Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SJM II, 241; Ö-Ásgeirsstaðir, 6

SM-012:027 heimild mylla
“Myllutóft við Grundarlæk.” segir í Sveitum og jörðum. “Fram og vestur af því er Myllan, yzt og norðast á Myllubakka við Grundarlæk, utan Pollalækjaróss. Mylluræsi, vatnsveiturskurður frá Mylluvaði á Grundarlæk að Myllunni.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: SJM II, 241; Ö-Ásgeirsstaðir, 10

SM-012:028 kuml legstaður
“Um ´50 kom upp í jarðýtuflagi sköflungur af manni og “járnskeifa allferleg”.” segir í Sveitum og jörðum. KE: “Þorsteinn Eiríksson á Ásgeirsstöðum í Eiðaþinghá sagði mér (13.8.1966) að fyrir 10-12 árum hefði hann látið brjóta landi skammt suðvestur af bænum á Ásgeirsstöðum utan við gamla túngarðinn. Skömmu eftir að flagið var fullunnið, varð Þorsteini gengið yfir það, og fann hann þá sköflung út manni. Vantaði á báða enda hans nokkuð, en miðbikið sagði Þorsteinn eiga enn. Hann leitaði víða um flagið, en tókst ekki að finna neitt fleira og gat ekki gert sér grein fyrir, hvaðan beinið hefði borizt. Ekki er þó annað líklegra en að þarna hafi verið kuml úr heiðnum sið. Nánar til tekið er staðurinn um 150 m suðvestur af bænum.”
Heimildir: SJM II, 242; KE Árbók 1967, 108

SM-012:029 varða landamerki
“Að utanverðu, milli Ásgeirsstaða og Tókastaða, úr síðastnefndri vörðu norðan á Tókastaðaásnum austur í vörðu á ásbrúninni.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir, 4

SM-012:030 varða landamerki
“Að utanverðu, milli Ásgeirsstaða og Tókastaða, úr síðastnefndri vörðu norðan á Tókastaðaásnum austur í vörðu á ásbrúninni.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir, 4

SM-012:031 varða landamerki
“... ákveðin landamerki gilt milli Eiða og Ásgeirsstaða og Ormsstaða og Ásgeirsstaða sl. 90-100 ár ... beina lína frá [029] í vörðu á Einbúa ofan við Helmingatjörn.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir, 4-5

SM-012:032 varða landamerki
“Þaðan [031] beina línu í vörðu á Mjóavatnshöfða ...” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir, 5

SM-012:033 *Kirkjugötur* gata leið
“Ásdæld, utan og norðan við Ásgeirsstaðaás. Um dældina og þar framan við reiðgöturnar, Kirkjugötur (Ásgeirsstaða og Tókastaða).” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir, 5

SM-012:034 *Lambastekkurinn* heimild stekkur
“Á Ásgeirsstaðaás nálægt miðjum Kollurinn, framan í honum Lambastekkurinn, lítið eitt þar framar Kollstekkurinn [026] ...” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir, 6

SM-012:035 *Pollalækjarvað* heimild vað
“Framan og ofan við stekkinn Stekkmýri, nær inn og upp að Pollalæk. Fellur hann í Grundarlæk nokkuð innan og austan Kolls. Þar Pollalækjarós og Pollalækjarvað.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir, 6

SM-012:036 *Stekkavað* heimild vað
“Stekkavað er á Grundarlæk, út og austur frá halli þessu [hall austur af Kolli]; þar um reiðgötur milli Ásgeirsstaða og Snjóholts.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir, 6

SM-012:037 *Stekkgötur* gata leið
“Stekkavað er á Grundarlæk, út og austur frá halli þessu [hall austur af Kolli]; þar um reiðgötur milli Ásgeirsstaða og Snjóholts. Heita þar Stekkgötur.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir, 6

SM-012:038 *Tókastaðavað* heimild vað
“Þýfi hétu harðvellisbakkar frá Tókastaðavaði á Grundarlæk inn að lm. Ásgeirsstaða og Tókastað. Þeim hefir nú verið breytt í tún ...” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir, 6

SM-012:039 *Vörðumell* örnefni
“Örnefni utan Grundarlækjar, neðan Dals, innan ofan við Ásgeirsstaðatún: Vörðumell, ofan við breiður, utan Grundarlækjar.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir, 7

SM-012:040 *Torfholt* örnefni rista
“Neðan Dals, framan Merkikeldu, er Merkikeldumór. Þar innar Hólar, nokkrir melhólar. Fram og niður af þeim allstór mýri, Torfmýri (Neðri), út af henni Torfholt ...” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir, 7-8

SM-012:041 heimild mógrafir
“Neðan Dals, framan Merkikeldu, er Merkikeldumór. Þar innar Hólar, nokkrir melhólar. Fram og niður af þeim allstór mýri, Torfmýri (Neðri), út af henni Torfholt, en fram og upp af henni Svarðarholt. Yzt á því dálítið sérkennilegur, grýttur smámell, Grjóthóll. Fram og upp af því Svarðargrafirnar.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir, 7-8

SM-012:042 heimild kvíar
“Framan og vestan í brekkunni Kvíahvammur, yzt í honum Kvíarnar (nú malargryfja). Beint upp af þeim stakur klettur, kvíaklettur.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir, 8

SM-012:043 heimild áveita
“Upp af henni [Hjallamýri] utanverðri er Ástríðarhryggur, alllangur klapparás. Þar varð úti stúlka. Austast í hryggnum og niður utan við hann er gamall áveituskurður úr Þverá.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir, 9

SM-012:044 heimild mógrafir
“Út og niður af Sjónarhraunsflóa er Svörðurinn (bezta mótekja í Ásgeirsstaðalandi og þó víðar sé leitað, þykkt allt að 15 skóflustungur).” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir, 9

SM-012:045 heimild mógrafir
“Út og niður af Sjónarhrauni, “ Á milli hrauna”, eru allmargar svarðargrafir, eldri en efri svörðurinn.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir, 9

SM-012:046 *Bæjarlækjarvað* heimild vað
“Bæjarlækur, þar sem Skurðurinn og Ræsið koma saman, hét alltaf sínu heiti. Bæjarlækjarós, þar sem hann fellur í Grundarlæk; þar Bæjarlækjarvað á Grundalæk. Um það lágu aðalgötur að neðan.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir, 9-10

SM-012:047 gata leið
“Bæjarlækur, þar sem Skurðurinn og Ræsið koma saman, hét alltaf sínu heiti. Bæjarlækjarós, þar sem hann fellur í Grundarlæk; þar Bæjarlækjarvað á Grundalæk. Um það lágu aðalgötur að neðan.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir, 9-10

SM-012:048 *Mylluvað* heimild vað
“Fram og vestur af því er Myllan, yzt og norðast á Myllubakka við Grundarlæk, utan Pollalækjaróss. Mylluræsi, vatnsveituskurður frá mylluvaði á Grundarlæk að Myllunni.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir, 10

SM-012:049 gata leið
“Flati móinn vestur af holtinu heiti Lambamór. Um hann liggja reiðgötur að Tókastöðum um Tókastaðavað á Grundarlæk.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir, 10

SM-012:050 *Tókastaðavað* heimild vað
“Flati móinn vestur af holtinu heiti Lambamór. Um hann liggja reiðgötur að Tókastöðum um Tókastaðavað á Grundarlæk.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir, 10

SM-012:051 *Pétursstekkur* heimild stekkur
“Pétursstekkur, í daglegu tali nefndur Litlistekkur, framan í allháum melhól framan við Lambamó.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir, 10

SM-012:052 *Réttarhöfði* örnefni rétt

“Innan og ofan við það [Stórahall] Stóraholt, á því stór steinn. Þar innar Réttarhöfði, utan við Stórhöfðakeldu, lm Ásgeirsstaða og Tókastaða.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir, 10

SM-012:053 heimild mógrafir

“Fosslæna, smálæna út og upp frá Dalsfossi neðanverður. Langahryggsbakkar, beggja megin lækjar. Utan við bakkana Svarðarmýri, þar nokkrar svarðargrafir.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir, 11

SM-012:054 *Vörðuhlíð* örnefni

“Örnefni í Ásgeirsstaðafjalli og Hálsum: ... Þverásgil, þar í Þverárfoss, lm. Ásgeirsstaða og Ormsstaða. Hann er í Þverá, sem fellur í Gilsá. Fram af fossinum Fossbrekka, fram og upp af henni Vörðuhlíð, fremst á henni klettabelti, Húsbrún. Upp af Vörðuhlíð Heymelar, nokkrir sandmelar, þar heytættur.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir, 11

SM-012:055 heimild heystæði

“Örnefni í Ásgeirsstaðafjalli og Hálsum: ... Þverásgil, þar í Þverárfoss, lm. Ásgeirsstaða og Ormsstaða. Hann er í Þverá, sem fellur í Gilsá. Fram af fossinum Fossbrekka, fram og upp af henni Vörðuhlíð, fremst á henni klettabelti, Húsbrún. Upp af Vörðuhlíð Heymelar, nokkrir sandmelar, þar heytættur.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir, 11

SM-012:056 varða

“Nokkru upp af Lönguhlíð er allmikill hlíðarhjalli, Sauðahlíðum innan og ofar Vegahjalli, og upp af honum Vegarklauf, á milli tveggja hrauna, Vegahraunanna. Upp af fremra hrauninu er stakt hraun, allstór, Þúfuhraun. Á því torfvarða eða grasþúfa.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir, 12

SM-012:057 *Þrívörðuháls* örnefni

“Dagmáladalur heitir dalur á milli Dagsmálabrúnar og Þrívörðuháls, sem nær utan úr Ormsstaðalandi þvert í gegnum Ásgeirsstaðaland, suðaustur í Tókastaðaland.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir, 12

SM-012:058 *Skagavað* heimild vað

“Framan og austan við, og í Merkilækjarhálsi, er hvilft, Sveifin. Hún mun draga nafn sitt af rennsli Gilsár (í sveig eða sveif). Þar austur af Skagavað á Gilsá.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir, 13

SM-012:059 gata leið

“Fáein orð um “Reiðveg”, yfir Hálsa til Vestdalsheiðar. Frá Rangárvaði á Lagarfljóti var aðalleið þeirra, sem fóru yfir Hálsa til Gilsárdals. Farið var upp utan við Fljótsbakkatúni, en framan við Eiða, upp með Eiðalæk, beggja megin. En austan í Ásgeirsstaðaási sameinuðust leiðir og lágu um garð á Ásgeirsstöðum unn og upp í Dalinn. Síðan og Langahryggsbakka og mó, inn og upp á Langahryggsenda ytri. Þaðan austan í Langahrygg, þar til beygt er upp fyrir utan Strýtur, og stefna tekin á Vegaklauf milli Vegahrauna. Þaðan upp utan við Þúfuhraun austur á Þrívörðuháls. Yfir Þrívörðuháls nokkuð í suðaustur og yfir Merkilækjarflóa innarlega. Og austur á Merkilækjarháls rétt utan við Merkilækjarklofann, þaðan suðaustur í Sveif og að Skagavaði á Gilsá, og þar yfir, og er þá komið á Vestdalsheiðarveg á Gilsárdal.”

segir í örnefnalýsingu. “Á nokkrum stöðum á leið þessari hafa verið hlaðnar upp traðir og rennur gerðar yfir keldur, t.d. í þýfi við Þúfuhraun og í Merkilækjarflóa. Vörður hafa verið hér og þar á leiðinni. Með bættum samgöngum og breyttum verzlunarháttum lagðist leið þessi af með öllu. Lítið farin eftir 1920.”

Heimildir: Ö-Ásgeirsstaðir, 13-14

SM-013 Tókastaðir

6 hdr. 1695. Jarðarinnar er getið í Fljótsdælasögu IF XI, 244. Eyðakirkjueign. “Tókastaðabær stendur við fjallsrætur þvert austur frá Breiðavaði í hvarf frá þjóðvegi við Tókastaðaás (170 m) mikið bákn, sem nærþvert yfir land T og út í Ásgeirsstaðaland. Eftir ásnum endilöngum liggja veðraðar klettahleinar og ber hæst Bjarg. T eiga land niður á neðri ásbrúnina og til fjalls á ská suðaustur yfir Hálsa, yfir Merkilæk og Kötluár báðar og upp á móts við Hellur vestan Vestdalsvatns. Mörkin við Mýnes eru rétt utan við Glúmsstaði og við Ásgeirsstaði af Tókastaðaás utarlega og til fjalls 700-800 m utan við bæ á T og koma að Gilsá nokkurn veginn gegnt ósi Stangarár.” SJM II, 239.

1918: 1,6 ha, garðar 285 m2. “Bærinn stendur suðvestan í móti aflíðandi halli Bæjaráss. Neðan við tún eru mýrar til norðurs og suðurs, flatar mýrar, og hallandi hálfdeigjuland ofan til suðurs inn að Mýnesmörkum og til norðurs út um Ásgeirsstaðamörk. ... T teljast sæmileg jörð. Haglendi er nægjanlegt í heimalandi, engjar “samfelldar, grasgefnar og nærtækar”. Þar eru ræktunarskilyrði mikil, en nær hvarvetna þörf á framræslu og víðast hvar mikil.” SJM II, 239.

SM-013:001 *Tókastaðir* bæjarhóll bústaður

Heimildir: Túnakort 1918

SM-013:002 *Hesthúshóll* örnefni hesthús

“ ... Hesthúshóll utar og austar á túninu [en 001].” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Tókastaðir, 2

SM-013:003 varða landamerki

“Landamerki Eiðastólsjarðarinnar Tókastaða í Eiðaþinghá eru þessi: Að framanverði, milli Mýness og Tókastaða, frá torfvörðu í framanverðri Glúmstaðablá ...” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Tókastaðir, 1

SM-013:004 varða landamerki

“Að neðan, milli Snjóholts, Tókastaða og Breiðavaðs, úr áðurnefndri torfvörðu í Glúmstaðablá í svonefndan Kolaklett, þaðan í tvö samfasta steina fyrir framan Grænugrjót, síðan í vörðu á Bjargselsbjargi og þaðan í vörðu norðan á Tókastaðaás.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Tókastaðir, 1

SM-013:005 varða landamerki

“Að neðan, milli Snjóholts, Tókastaða og Breiðavaðs, úr áðurnefndri torfvörðu í Glúmstaðablá í svonefndan Kolaklett, þaðan í tvö samfasta steina fyrir framan Grænugrjót, síðan í vörðu á Bjargselsbjargi og þaðan í vörðu norðan á Tókastaðaás.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Tókastaðir, 1

SM-013:006 *Kolaklettur* örnefni kolagröf

“Að neðan, milli Snjóholts, Tókastaða og Breiðavaðs, úr áðurnefndri torfvörðu í Glúmstaðablá í svonefndan Kolaklett, þaðan í tvö samfasta steina fyrir framan Grænugrjót, síðan í vörðu á Bjargselsbjargi og þaðan í vörðu norðan á Tókastaðaás.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Tókastaðir, 1

SM-013:007 varða landamerki

“Að utanverðu, milli Ásgeirsstaða og Tókastaða, úr síðastnefndri vörðu norðan í Tókastaðaásnum, austur á vörðu á ásbrúninni ...” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Tókastaðir, 1

SM-013:008 *Tröðin* heimild samgöngubót

“Til suður frá túninu liggja mýrar, sem nefnast Blár. Norður frá túni heitir Tókastaðablá, en sunnan við Tröðina (það er braut yfir mýrina, vestan við túnið), heitir Stekkablá allt að Glúmstaðalæk.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Tókastaðir, 2

SM-013:009 *Stekkablá* örnefni stekkur

“Til suður frá túninu liggja mýrar, sem nefnast Blár. Norður frá túni heitir Tókastaðablá, en sunnan við Tröðina (það er braut yfir mýrina, vestan við túnið), heitir Stekkablá allt að Glúmstaðalæk.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Tókastaðir, 2

SM-013:010 tóft

“Undir ásnum norðan við Blá er hvammur, sem Fagrarjóður heitir. Í honum eru gamlar tættur.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Tókastaðir, 3

SM-013:011 heimild rétt

“Klapparás heitir klettahryggur norður af Bjargi, ofan við Bjargsel [sjá SM 011], allt út á Haukadalsbrúnir, en suður af Bjargselsbjargi (hluti af Bjarginu áðurnefnda) er langur hjalli; í honum sunnan til er skora, sem Grænagrjót heitir. Þar litlu sunnar er Votabjarg. Undir því er gömul grjótfjárrétt.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Tókastaðir, 3

SM-013:012 gata leið

“Tvær tjarnir suður af Snjóholtstjörnum heita Vegatjarnir, eftir götum vestur frá bænum.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Tókastaðir, 3-4

SM-013:013 *Hringgerði* tóft

“Vestur af Löngutjörnum er Slátturtjörn á höllunum austan við Löngumýri, en vestan við hana Slátturtjarnarhöfði, en norður af Slátturtjörnum á móum heitir Hringgerði. Þar mótar fyrir tóttum og túngarð.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Tókastaðir, 4

SM-013:014 heimild stekkur

“Við fjallsrætur ofan við Stekkablá rík hamrabelti, Tókstaðabjarg. Undir því nær miðju er gamall lambastekkur og kvíar úr grjóti.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Tókastaðir, 4

SM-013:015 heimild kvíar
"Fyrir sunnan og ofan tún heita Kvíamelar; kvíar voru þar í brekkunni, (nú safnréttin)." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Tókastaðir, 4

SM-013:016 heimild refagildra
"Sunnan við hann er hár klettur á brún, Gildruhraun, með tófugildru úr grjóti." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Tókastaðir, 4

SM-013:017 *Dagmálavarða* varða eyktamark
"Efst á Dagmálabrún er Dagmálavarða." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Tókastaðir, 4

SM-013:018 heimild beitarhús
"Í litlum hvammi norðan við læk [Glúmsstaðalæk] eru beitarhúsatættur frá Tókastöðum (frá 1870)." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Tókastaðir, 5

SM-013:019 *Sel* tóft sel
"Neðan við Gljúfrið, en norðan við Grundarlæk, í hvammi, eru tættur sem heita Sel." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Tókastaðir, 5-6

SM-013:020 gata leið
"Neðan við Gljúfrið, en norðan við Grundarlæk, í hvammi, eru tættur sem heita Sel. Í fjalli upp af Langahrygg er stakur klettur, kallaður Strýtur. Þar upp frá eru Vegahraun, þar fram hjá liggja hestagötur yfir Hálsa til Vestdalsheiðar." segir í örnefnalýsingu. Gæti verið sama og 011.
Heimildir: Ö-Tókastaðir, 5-6

SM-013:021 *Þrívörðuklettur* örnefni
"Sunna við syðsta dalinn er Stafdalsfell og Stafdalur sunnan við það, milli þess og Bjólfs. Vestan við Kötludali rísa hæðir miklar, sem Borgargrenisupsir heita. Norðausta í þeim er Þrívörðuklettur." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Tókastaðir, 6

SM-014 Breiðavað

12 hdr. 1695, 1847, bændaeign en var stólseign og konungsjörð til helminga en var seld 1836. "Landamörk við Fljótsbakka og Snjóholt eru úr ósi Bakkalækjar, sem kemur úr Snjóholtsvötnum, um Hundstjörn og síðar í sa. yfir Brúarás, sem þjóðvegurinn liggur eftir, 200-300 m utan við vegamót heimreiðarinnar og sömu stefnu á brún Tókastaðaáss inn til. Að vestan er Lagarfljót, og dregur bærinn nafn af vaði niður af bænum. Þar er nú niðurgrafið og ófært ... Sumarhagar fjár voru fyrr í Hálsunum, þ.e. fjallinu milli Gilsárdals og Fjarðarheiðar, ..." SJM II, 237.

1918: Tún 3,3 ha, garðar 1058 m2. Niður við fljót er land lágt og sendið, með kílum og tjörnum, ofar móar, þá hálfdeigjumýrar. Þjóðvegurinn liggur þar unn yfir Breiðavaðsblá.

Ofan vegar eru blautar blár, en ásar, sund og brekkur, er dregur að Tókastaðamörkum. Túnið er að mestu í aflíðandi höllum neðan við bæ, en nokkur í framræstum mýrum ofar. Engar voru aðallega í blám innan við bæ, samfelldar og heygóðar, dálítið þýfðar og oftast slegnar árlega. Þar er nú tún. ... Gamla túnið var hólótt og þýft, en sæmilega grasgefið." SJM II, 237.

SM-014:001 *Breiðavað* bæjarhóll bústaður
"Baðstofa byggð 1878, 9 álnir og 22 þuml.x 5 álnir 12 12 þuml,. portbyggð. Frammihús úr timbri, stofa, spjaldþiljuð og máluð niðri og geymslur, uppi eitt málað kvistherb. og geymslur. Byggt stórt járnkl. timburhús ´03."Segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: Túnakort 1918; SJM II, 238

SM-014:002 *Norðurhús* heimild fjárhús
"Neðst í túninu, utan við bæ, er Langhóll. Yzt á honum stóð fjárhús, sem kallað var Norðurhús." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Breiðavað, 2

SM-014:003 *Miðhús* heimild fjárhús
"Út frá bæ heitir Miðhúshóll. Þar er fjárhús, sem kallað var Miðhús. Þetta hús stendur enn og er notað fyrir hænsnahús." segir í örnefnalýsingu. "Hús þetta er mjög gamalt, með birkiáseftri, sem sagt er, að sé úr Breiðavaðsskógi."
Heimildir: Ö-Breiðavað, 2

SM-014:004 *Austurhús* heimild fjárhús
"Austan við Miðhúshól var fjárhús, sem kallað var Austurhús. Nú er búið að breyta því í fjárhús." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Breiðavað, 2

SM-014:005 heimild smiðja
"Á klapparhæð austan við Austurhús, var smiðja og hesthúskofi, en ekki eru þessir kofar taldir til örnefna." segir í örnefnalýsingu. Ofan við heimagrafreitinn.
Heimildir: Ö-Breiðavað, 2

SM-014:006 heimild hesthús
"Á klapparhæð austan við Austurhús, var smiðja og hesthúskofi, en ekki eru þessir kofar taldir til örnefna." segir í örnefnalýsingu. Ofan við heimagrafreitinn.
Heimildir: Ö-Breiðavað, 2

SM-014:007 *Svarðarholt* örnefni mógrafir
"Inn af Hesthústúni [006] er grýtt stykki, sem á síðari árum er kallað Harðangur. (ca 1930). Þar upp af voru svarðargrafir og Svarðarholt." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Breiðavað, 2

SM-014:008 *Fremstahús* heimild fjárhús
"Niður af Harðangri er fjárhús, kallað Fremstahús (nú notað fyrir kálfa)." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Breiðavað, 2-3

SM-014:009 *Eldra Breiðavað* heimild vað
"Að vestan er Lagarfljót, og dregur bærinn nafn af vaði niður af bænum. Þar er nú niðurgrafið og ófært ..." segir í Sveitum og jörðum. HG: "Utan við Ranavað er hið eldra Breiðavað inn

og niður af Breiðavaðsbænum ... Þar var óreitt áður en aflagðist að nota vöðin á Fljótinu. Bæjarnefnið mun dregið af þessu vaði."

Heimildir: SJM II, 237; Helgi Gíslason "Um vöð og ferjur á Lagarfljóti", 8

SM-014:010 *Miðsel* heimild beitarhús
"Beitarhús voru til 1925 í hæðunum ofan við blána, Miðsel. Þar voru góðar slægjur." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 237

SM-014:011 heimild áveita
"Um miðja 19. öld bjó í S Jón Einarsson og var hreppstjóri. Hann gerði mikla áveitu á Snjóholtsengjar, veitti hluta af Uppsaá frá stað ofan við Þrándarstaði yfir Mýness og Breiðavaðsland og út undir tún í S, 4-5 km veita." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 243

SM-014:012 garðlag landamerki
"Landamerki Breiðavaðs í Eiðaþinghá eru þessi: Að utan úr Bakkalækjarós við Lagarfljót beina línu upp í garð við fremri enda Hundstjarnar, þetta gagnvart Fljótsbakkalandi." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Breiðavað, 1

SM-014:013 varða landamerki
"Landamerki Breiðavaðs í Eiðaþinghá eru þessi: Að utan úr Bakkalækjarós við Lagarfljót beina línu upp í garð við fremri enda Hundstjarnar, þetta gagnvart Fljótsbakkalandi. Síðan meðfram Snjóholtslandi samkvæmt ásreið 1846 upp í merkistein, merkt L.M., svo upp í vörðu á Brúarás utan við merkilág ..." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Breiðavað, 1

SM-014:014 *Stekkjargróf* örnefni stekkur
"Grafningsnes er við Lagarfljót fremst og neðst í Breiðavaðslandi. Þar er Grafningskíll, er rennur í Fljótið og tekur við vatni úr Stekkjargróf." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Breiðavað, 3

SM-014:015 *Lambhúsahraun* örnefni lambhús
"Utan og neðan við gamla túnið er grýtt hæð, sem heitir Lambhúsahraun, nú í túni." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Breiðavað, 4

SM-014:016 *Torfklettablá* örnefni rista
"Efst í túni eru klappir, sem heita Smjörklettar. Ofan við þá, ofan túns, er Torfklettur. Ofan við hann er Torfklettablá eða Reiðingsblá." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Breiðavað, 4

SM-014:017 *Gatnaás* örnefni leið
"Efst í túni eru klappir, sem heita Smjörklettar. Ofan við þá, ofan túns, er Torfklettur. Ofan við hann er Torfklettablá eða Reiðingsblá. Innan og ofan við Reiðingsblá er Gatnaás." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Breiðavað, 4

SM-014:018 heimild rétt

“Inn af bæ, framan við gamla túnið, eru bæjarklettar. Neðan við Bæjarkletta eru sérkennilegir steinar, sem hallast saman. Þeir heita Kletthús. Efri Bæjarkletturinn er venjulega kallaður Réttarklettur. Austan við hann er fjárrétt.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Breiðavað, 4

SM-014:019 heimild samgöngubót

“Ofan við Gatnás og Brúarása er mýrarflæmi, sem nær þvert yfir landið, kallað Miðselsblá. ... Vegbætur voru snemma gerðar á þessu svæði, og mun nafnið dregið af því.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Breiðavað, 5

SM-014:020 *Pétursbaðstofa* þjóðsaga

“Fremst í Miðselsblá eru Halar. Þar nokkru ofar er sprunga á milli kletta, sem kölluð er Pétursbaðstofa. Þar lá úti maður, er Pétur hét, í ófærum norðanbil, og sagði á eftir, að sér hefði liðið eins vel og inni í baðstofu.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Breiðavað, 5

SM-014:021 *Gíslastekkur* heimild stekkur

“Þar upp af er Snagagil á landamerkjum. út af Snagagili Stórhöfði. Innan við hann eru stórir steinar, sem heita Stekkjarsteinar. Við þessa steina er Gíslastekkur, sennilega kenndur við Gísla Nikulásson, b. á Breiðavaði á fyrri hluta 19. aldar,” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Breiðavað, 5

SM-014:022 *Breiðavað* heimild vað

HG: “Á leið okkar út með Fljótinu er næst að nefna Breiðavað. Merkisteinn heitir steinn við Fljótið út og niður af Kálfsnesgerði; frá honum var riðið þvert yfir. Þetta er á landamerkjum milli Breiðavaðs og Mýness. Þau liggja af Krosshöfða í stefnu á Merkistein þann er áður var nefndur. Þetta vað þótti gott, og það mundi faðir minn vel að fé var þar rekið yfir á haustin ef lítið vatn var í Fljótinu.”

Heimildir: Helgi Gíslason. “Um vöð og ferjur á Lagarfljóti”, 8

SM-015 Mýnes

20 hdr. 1695, 1847. 1179: “Nicholas kirkia j mynese a x hundruð j lande” DI I 249. Jarðarinnar er getið í Droplaugasonasögu og Fljótsdælu. IF XI, 144, 240. 1494: Í testamentisbréfi Páls Brandssonar á Möðruvöllum er Ketilsstaða á Völlum, Kollsstaða og Mýness getið. DI VII, 233. 1506: Selur Þorvarður príor Þorvarði Bjarnasyni Mýnes í Eiðakirkjusókn DI VIII, 119-120. 1546:: Selur Vigfús Þorsteinsson Margréti Þorvarðardóttur Mýnes fyrir Hjartarstað. DI XI, 471. 1564: Í tíundarreikningum í Múlaþingi: “Jon Skulason xtigir hunndrud med Jorvijk oc Mynese. golldid tæpar ellefu alner vadmalsz vanntar halfa adra alin.” DI XIV, 325.

Þrándarstaðir hjáleiga ásamt Glúmsstöðum sem ekki er minnst á í jarðabókum. Hálfkirkja á jörðinni. HÞ: Mýnes eldra en Mýrnes. Árbók 1923, 93. “Bærinn stendur neðan þjóðvegar, og land nær neðan frá Lagarfljóti og upp á fjall. Mörk við Breiðavað eru á Krosshöfða (63 m, ónafngreindur en sýndur á korti) og liggja þvert austur og upp til fjalls, um 300-500 m utan (norðan) við Glúmsstaði og áfram sama horf upp Hálsa. Mörk milli jarða ekkiljós í Hálsum, þ.e. fjalllendinu upp af innbæjum í Eiðaþinghá.” SJM II, 234.

1918: Tún 5 ha, garðar 627 m2. “Frá fljóti og upp á Svartás spöl neðan við bæ er móa- og ásaland mjög vaxið sortulyngi, en víða með mýrarblettum og valllendi um botna og bakka. Þar voru víða mjög heygóðir og drjúgir slægjublettir. Milli bæjar og Svartáss var mýrarflæmi, yfirleitt blautt og rótlítið víða og illt yfirferðar sem hesta. Það er nú framræst að mestu og nokkuð af því ræktað.” SJM II, 235.

SM-015:001 *Mýnes* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1918

SM-015:002 heimild bænhús
“Í M er enn óhreyfð tótt kirkju þeirrar, er þar var fyrr á öldum. Máldagi hennar frá 1179 er í Fornbréfasafni (1. Bindi) og áttu hún 10 hndr í landi, hálfkirkja um 1600. Kirkjuhöfði heitir hæð skammt frá tóttinni.” segir í Sveitum og jörðum. “Neðan við Gullhól er Langihóll. Út frá bæ heita Hólar. Ofan við Hóla eru rústir af bænhúsi; þar festur sjaldan snjó. Milli þeirra og bæjar var kartöflugarður. Þar hefur verið grafreitur og fundizt mannabein. Grunnurinn snertir eitt horn grafreitsins.” segir í örnefnalýsingu.
MÝNES Í EYÐAÞINGHÁ (SM) (EIÐAÞING) -Nikulási - HÁLFKIRKJA
[1179]: Nicholas kirkia j mynese a x hundruð j lande
þar skal syngia annan hvarn dag loghelgan. ok enn fiorþa hvern otto song
ok kaupa þrim morkum
ok skal heimatiund
sa skal hafa heimilis prest j mynese ef hann vill. enda misse enge annur kirkia
Lysa skal þar fra Mariu messu vnz liþr paska vikv fyrir þa daga alla er sungin er messa epter um daginn; Máld DI I 249
{1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 99} fram undir 1600; (PP, 15)
Heimildir: SJM II, 234; Ö-Mýnes, 3

SM-015:003 heimild hesthús
“Innst í túni var Hesthús, út af því var fjárhús, nefnt Hólkofi, ofan við hann er fjárhús, kallað Dældarhús.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Mýnes, 3

SM-015:004 *Hólkofi* heimild fjárhús
“Innst í túni var Hesthús, út af því var fjárhús, nefnt Hólkofi, ofan við hann er fjárhús, kallað Dældarhús.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Mýnes, 3

SM-015:005 *Dældarhús* heimild fjárhús
“Innst í túni var Hesthús, út af því var fjárhús, nefnt Hólkofi, ofan við hann er fjárhús, kallað Dældarhús.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Mýnes, 3

SM-015:006 *Kletthús* heimild
“Beint upp af bæ hét Kletthús. Það stendur enn.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Mýnes, 3

SM-015:007 *Götuhús* heimild
“Út (norður) frá því, ofan við bæ, var Götuhús.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Mýnes, 3

SM-015:008 heimild smiðja
“Upp á brekkunni var Smiðja, síðast notuð sem hesthús.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Mýnes, 3

SM-015:009 *Byrgi* heimild
“Neðan við brekkuna var lítill kofi, kallaður Byrgi.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Mýnes, 3

SM-015:010 *Garðhús* heimild fjárhús
“Neðan við brekkuna var lítill kofi, kallaður Byrgi. Þar niður af var fjárhús, nefnt Garðhús.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Mýnes, 3

SM-015:011 *Djúpahlaða* heimild hlaða
“Utan við Hólakofa [004] var hlaða, sem var kölluð Djúpahlaða.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Mýnes, 3

SM-015:012 heimild rauðablástur
“Neðan við Djúphlöðu [011] var lítill hóll, sem hét Gullhóll. Gullhóllinn var jafnaður við jörðu fyrir nokkrum árum, og kom þar upp mikið smiðjugjall (þar hefur verið rauðablástur) og fleira sorp.” segir í örnefnalýsingu. KE: Hóllinn var rétt vestan við gamla bæinn.
Heimildir: Ö-Mýnes, 3; KE Árbók 1975, 103-105

SM-015:013 heimild áveita
“Um miðja 19. öld bjó í S Jón Einarsson og var hreppstjóri. Hann gerði mikla áveitu á Snjóholtsengjar, veitti hluta af Uppsaá frá stað ofan við Þrándarstaði yfir Mýness og Breiðavaðsland og út undir tún í S, 4-5 km veita.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 243

SM-015:014 gripir
“Fornar mannvistaleifar hafa fundist í M ... járnhlunkur, nú í Þjóðminjasafni, en áður notaður sem farg á kjöttunnu, mannabein og hlóðir ásamt grjótrennu, sem gæti hafa verið fyrir undirblástur, jafnvel langeldastó.” segir í Sveitum og jörðum. Blástursjárnið fannst þegar nýja húsið var byggt 1905, þ.e. þegar grafið var fyrir kjallaranum.
Heimildir: SJM II, 234; KE Árbók 1975, 103-105

SM-015:015 heimild hlóðir
“Fornar mannvistaleifar hafa fundist í M ... járnhlunkur, nú í Þjóðminjasafni, en áður notaður sem farg á kjöttunnu, mannabein og hlóðir ásamt grjótrennu, sem gæti hafa verið fyrir undirblástur, jafnvel langeldastó.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 234

SM-015:016 renna
“Fornar mannvistaleifar hafa fundist í M ... járnhlunkur, nú í Þjóðminjasafni, en áður notaður sem farg á kjöttunnu, mannabein og hlóðir ásamt grjótrennu, sem gæti hafa verið fyrir undirblástur, jafnvel langeldastó.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 234

SM-015:017 heimild kolagröf
“Kolagrafir um alla móa.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 234

SM-015:018 *Glúmsstaðir* bæjarstæði býli
“ ... Glúmsstaðir, afbýli., líklega fornt, eða hjáleiga, en virðast þó ekki hafa komist í jarðabækur. Glúmsstaðir eru uppundir hjalli. Þar eru glöggar bæjarrústir og garður um tún.” segir í Sveitum og jörðum. “Norður af þrepum eru Glúmstaðir, afbýli frá Mýnesi, fyrir löngu komið í eyði, nú beitarhús.” segir í örnefnalýsingu. HS: “Glúmsstaðir, afbýli frá Mýnesi.” “Þar fannst forn hauskúpa fyrir nokkrum árum.” Í eyðibýlaskrá Olaviusar segir að ef eigi að vaxi birki og kjarr í túninu.

Heimildir: SJM II, 234; Ö-Mýnesi, 5; Halldór Stefánsson: “Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum”, 181; ÓO II, 142

SM-015:019 *Halastekkur* tóft stekkur
“2 stekkjatættur, Halastekkur og Bjargarstekkur við Stekkjarklett.” segir í Sveitum og jörðum. “Í mýrinni eru tvær smáhæðir, strýtumyndaðar, kallaðar Strýtur. Ofan við mýrina eru holtranar, kallaðir Halar. Þar eru rústir af stekk norðan undir kletti, kallaðar Halastekkur.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: SJM II, 235; Ö-Mýnes, 4-5

SM-015:020 *Bjargarstekkur* tóft stekkur
“2 stekkjatættur, Halastekkur og Bjargarstekkur við Stekkjarklett.” segir í Sveitum og jörðum. “Í Mýneshraunum heitir ein hæðin Kvosahraun. Þar er einnig klettur, sem heitir Stekkjarbjarg eða Stekkjarklettur. Norðan við bjargið eru rústir af stekk, sem var kallaður Bjargsstekkur.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: SJM II, 235; Ö-Mýnes, 4

SM-015:021 heimild mylla
“Myllutótt við Glúmsstaðalæk.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 235

SM-015:022 tóft
“Tættur, sögulausar uppi á Þrepum (neðst í fjallinu).” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 235

SM-015:023 *Engjaáveita* heimild áveita
“Engjaáveita á Glúmstaðablá og mýri framan við tún.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 235

SM-015:024 garðlag túngarður
“ ...túngirðing (grjót-torfgarður og gaddavír) 992 m2.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 235

SM-015:025 varða landamerki
“Landamerki milli Mýness og Breiðavaðs eru samkv. bréfi, dags. 16 júní 1884: Frá Lagarfljóti framan (sunnan) við Grafningsnes, bein lína í vörðu á miðjum Krosshöfða, þaðan bein lína í vörðu á Gatnaás, þaðan bein lína í vörðu í utanverðri Glúmstaðablá.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Mýnes, 1

SM-015:026 varða landamerki

“Landamerki milli Mýness og Breiðavaðs eru samkv. bréfi, dags. 16 júní 1884: Frá Lagarfljóti framan (sunnan) við Grafningsnes, bein lína í vörðu á miðjum Krosshöfða, þaðan bein lína í vörðu á Gatnaás, þaðan bein lína í vörðu í utanverðri Glúmstaðablá.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Mýnes, 1

SM-015:027 varða landamerki

“Landamerki milli Mýness og Breiðavaðs eru samkv. bréfi, dags. 16 júní 1884: Frá Lagarfljóti framan (sunnan) við Grafningsnes, bein lína í vörðu á miðjum Krosshöfða, þaðan bein lína í vörðu á Gatnaás, þaðan bein lína í vörðu í utanverðri Glúmstaðablá.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Mýnes, 1

SM-015:028 *Járnsíðulækur* örnefni rauðablástur

“Járnsíðulækur er á mörkum Mýness og Finnastaða.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Mýnes, 1

SM-015:029 *Brunnás* örnefni brunnur

“Ofan við Halana er Halasund. Þar fyrir ofan er Gatnaás. Ofan við túnið er hár ás, sem Einar segir að heiti Brunnás.” segir í örnefnalýsingu. Anna Gunnarsdóttir segir, að ásinn hafi alltaf verið kallaður Bæjarás, þegar hún þekkti til í Mýnesi. Eftir þeim ás norðanverðum liggur þjóðvegurinn.”

Heimildir: Ö-Mýnes, 5

SM-015:030 mannabein

“Norður af þrepum eru Glúmstaðir, afbýli frá Mýnesi, fyrir löngu komið í eyði, nú beitarhús. Þar fannst forn hauskúpa fyrir nokkrum árum.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Mýnes, 5

SM-015:031 *Lásavarða* varða

“Nokkuð fyrir ofan Gjáakletta er Hábrún. Nokkuð ofan við Hábrún er Glóamenn. Þar er einnig vörðubrot, nefnt Lásavarða. Ekkert er frekar vitað um hana.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Mýnes, 6

SM-015:032 heimild

“Ok er þeir fara út eptir brúnum fyrir ofan Finnsstaði, þá lýsir af degi. Þeir sjá út frá Mýnesi, hvar einn stakkgerðr stóð fram í vatnit Lagarfljót. Þennan stakkgarð átti Mýness-Þórir.”

Heimildir: IF XI, 244

SM-016 Þrándarstaðir

Hjáleiga Mýness. “Fossgerðis- og Finnastaðaselsland er að sunnan, Mýnesland að vestan og norðan, en til austurs liggur land Þ upp í fjalllendið milli Fjarðarheiðar og Gilsárdals, sem kallast einu nafni Hálsar. Jarðamörk eru þar óljós ofan brúna, Þ gætu átt landræmu upp í Endahnjúk (878 m) Bjólfs skammt suður af Vestdalsvatni.” SJM II, 232. 1918: Tún 1,1 ha. garðar 700 m2. Neðan bæjar og til út norðurs er nokkurs mýrlendi, nú ræktað, og annars staðar móásar heldur snoðnir, og klettóttir víða. Heita má, að fullræktað sé ræktanlegt land neðan fjalls. Fjallið er með mýrarsund langbrekkur og grjótmela, gott sauðaland, en “þröngt

og snjóþungt, þá hart fellur" ... Gamla túnið var "illþýft og snögglent" engjar heygóðar, en snöggar og reytingssamar." SJM II, 232.

SM-016:001 *Þrándarstaðir* bæjarhóll bústaður
"Framhús og portbyggð baðstofa undir skarsúð, alþilið uppi og niðri, endurbætt ´23. Timburhús byggt ´38 4x6 m, 2 herb., það o. fl. Þessi hús brunnu ´72 ásamt flestum útihúsum, þeim sem brunnið gátu og voru sambyggð bænum." Segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: Túnakort 1918; SJM II, 233

SM-016:002 heimild útihús
Heimildir: Túnakort 1918

SM-016:003 *Ærhús* heimild fjárhús
"Á hólnum fyrir framan bæ var fjárhús, kallað Ærhús." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þrándarstaðir, 2

SM-016:004 heimild hesthús
"Innst á túninu var Hesthús. Þangað lá Hesthúsgata frá bæ." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þrándarstaðir, 2

SM-016:005 *Hesthúsgata* gata leið
"Innst á túninu var Hesthús. Þangað lá Hesthúsgata fá bræ." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þrándarstaðir, 2

SM-016:006 *Nauthús* heimild fjárhús
"Utan við bæ var fjárhús, sem kallað var Nauthús. Það var líka notað sem sumarfjós." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þrándarstaðir, 2

SM-016:007 *Yztikofi* heimild útihús
"Yzt á túninu var Yztikofi." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þrándarstaðir, 2

SM-016:008 heimild kvíar
"Yzt á túninu var Yztikofi. Þar nálægt voru Kvíar." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þrándarstaðir, 2

SM-016:009 *Smiðjuklettur* örnefni smiðja
"Út og niður frá bæ er lítill klettur, sem heitir Smiðjuklettur." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þrándarstaðir, 2

SM-016:010 varða landamerki
"Landamerki jarðarinnar Þrándarstaða í Eiðahreppi innan s.m.s. eru þessi: að austan eða utan móti Mýneslandi úr vörðu, sem stendur í láginni fyrir miðri Sandbotnablá ..." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þrándarstaðir, 1

SM-016:011 varða landamerki
"Landamerki jarðarinnar Þrándarstaða í Eiðahreppi innan s.m.s. eru þessi: að austan eða utan móti Mýneslandi úr vörðu, sem stendur í láginni fyrir miðri Sandbotnablá, þaðan í Grenisaxlir

utan til, þaðan upp í fremri bug Þrándarstaðaár, þaðan í vörðu á Hálsabrún, sem ber við loft, þegar miðað er að neðan ...” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Þrándarstaðir, 1

SM-016:012 varða landamerki

“Að norðan úr vörðunni fyrir miðri Sandbotnablá [010] beina stefnu eftir miðri blánni vestur í vörðu, sem stendur á enda áss þess, sem liggur út að téðri blá suðvestanverðri, þaðan beina línu í vörðu á Finnastaðalandamerkjum.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Þrándarstaðir, 1

SM-016:013 varða landamerki

“Að norðan úr vörðunni fyrir miðri Sandbotnablá [010] beina stefnu eftir miðri blánni vestur í vörðu, sem stendur á enda áss þess, sem liggur út að téðri blá suðvestanverðri, þaðan beina línu í vörðu á Finnastaðalandamerkjum.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Þrándarstaðir, 1

SM-016:014 varða landamerki

“Að vestan úr næstumgetinni vörðu [012 ?] í merkistein utan undir Ekruhamri, þaðan í vörðu á Stórasteinshlíð, þaðan beina sjónhendingu austur á heiði eftir því , sem landamerkin koma að utan.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Þrándarstaðir, 2

SM-016:015 *Stekkjarbarð* örnefni stekkur

“Framan á Þrepum, stutt frá túni, er Stekkjarbarð og Stekkjarklettur.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Þrándarstaðir, 3

SM-016:016 *Stekkjarholt* örnefni stekkur

“Utan við Flataklett er Flataklettsmýri. Upp af Timburklöpp eru hæðir, sem heita Stekkjarholt.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Þrándarstaðir, 4

SM-016:017 *Þrándarhaugur* heimild legstaður

ÞJÁ: “Á Þrándarstöðum í Eiðaþinghá eru fyrir neðan hlaðvarpann þúfur nokkrar stærri en annars staðar í túninu; þó er ein hæst af öllum og er sagt að Þrándur sá er bærinn er við kenndur sé leiddur í þúfunni. Á hann þar að sitja á stóli með kistil í knjám sér fullan af fémunum. Ekki sjást nein merki til að í hana hafi verið grafið.”

Heimildir: ÞJÁ III, 350

SM-017 Fossgerði

4 hdr, eign fáttækra í Eyðahreppi. “F er landlítil jörð, byggð úr Finnastöðum í öndverðu, hjáleiga þaðan, nefnd svo 1703 og bóndinn titlaður hjáleigumaður ... Mörkin við Þrándarstaði: Varða í Leyninsási, neðan vegar, steinn í Ekruholti (107 m) ofan vegar, og áfram beint austur ekki langt. Að austan eru mörk skammt neðan við Finnastaðasel (eftir Timburási) inn í Stóralæk, sem rennur í Uppsalaá. SJM II, 230. 1918: Tún 0,9 ha, garðar 204 m2. “Gamla túnið er framan í Bæjarási og hallar fram og niður. Bæjarstæðið er þrifalegt, umhverfi snoturt og útsýni vítt og fagurt suðvestur um Upphérað.” SJM II, 230.

SM-017:001 *Fossgerði* bæjarhóll bústaður
“Á f. hl. aldarinnar var í F portb. baðst. með eldhúsi og eldiviðargeymslu niðri og þriggja rúmlengda baðstofu uppi, einnig framhús með stofukompu niðri og litlu svefnherb. uppi, annars geymslu þar.” Segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: Túnakort 1918; SJM II, 230

SM-017:002 *Austurhús* heimild fjárhús
“Úti og uppi (austur) frá bæ er fjárhús, sem var nefnt Austurhús.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Fossgerði, 2

SM-017:003 *Lambakofi* heimild útihús
“Fremst (suðvestast) á túni var hús, sem kallað var Lambakofi.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Fossgerði, 2

SM-017:004 *Hólhús* heimild fjárhús
“Úti (norðaustan) við bærinn eru fjárhús, sem heita Hólhús. Þau standa á klapparhæð, þar sem er mjög jarðgrunnt. Hæð þessi er nefnd Hóll.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Fossgerði, 2

SM-017:005 heimild hesthús
“Ofan (suðaustan) við bæ, spölkort í burtu, var Hesthús. Búið er að slétta yfir það fyrir löngu.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Fossgerði, 2

SM-017:006 *Álfahraun* heimild huldufólksbústaður
“Heita Álfahraun klapparholt utan við Finnastaðavegamót. Þar lét í æsku við álfa Steinunn dóttir Þórðar á Finnastöðum.” segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 230

SM-017:007 heimild mylla
“Myllutótt við Uppsalaá.” segir í Sveitum og jörðum. “Mylla var við Myllufoss til 1912 og aftur í ómuna tíð. Hún var ávallt notuð frá Finnastöðum, endurreist við Galtafoss 1917.” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu.
Heimildir: SJM II, 230; Ö-Fossgerði ath og viðb, 1

SM-017:008 varða landamerki
“Eftir sögn Gunnars Þorsteinssonar eru landamerki sem hér segir: Milli Finnastaða og Fossgerðis: Að neðan (norðvestan) úr vörðubroti á Langholti neðan við þjóðveg ...” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Fossgerði, 1

SM-017:009 varða landamerki
“Eftir sögn Gunnars Þorsteinssonar eru landamerki sem hér segir: Milli Finnastaða og Fossgerðis: Að neðan (norðvestan) úr vörðubroti á Langholti neðan við þjóðveg bein lína í Kvígutjarnarblá að landamerkjum Mýness. Að framan (suðvestan) úr áðurnefndu vörðubroti á Langholti í aðra vörðu á Nöfnum beint inn (suðvestur) af bæ.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Fossgerði, 1

SM-017:010 heimild mógrafir
“Innan við gamla túnið í Fossgerði er hryggur, sem heitir Rani. Neðan við túnið er dæld, sem

heitir Leyningur. Neðan við Leyning er melhóll, sem heitir Leyningsmell. Utan við Leyning er Svarðarholt. Þar nálægt var tekinn upp svörður." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Fossgerði, 3

SM-017:011 *Skelkutótt* tóft beitarhús

"Á Tungunni niður af Timburkletti er hæð, sem heitir Tunguholt. Vestan við holtið eru rústir af beitarhúsum. Þar heitir Skelkutótt, og þótti þar reimt." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Fossgerði, 4

SM-018 Finnastaðir

20 hdr. 1695, 16 hdr. 1847. Finnsstaða er getið í Fljótsdælasögu IF XI, 244. 1564: Í tíundarreikningum í Múlaþingi: "Einar med Finnstodum 12c oc 20 ecki golldid." DI XIV, 325. 1847 hjáleiga Finnastaðasel. "Þess hefur verið getið til, að jörðin hafi upphaflega verið skipt úr Mýneslandi og að bærinn Mýnes dragi nafn af Finnastaðanesi, er þá hafi kallast Mýnes. Frá F. byggðist Fossgerði, hjáleiga í öndverðu, og Finnastaðasel. Jörðin nær frá Lagarfljóti og austur á vatnaskil á Kötluhrauni. Suðurmörkum við Egilstaði, Eyvindarár og Uppsali er lýst þar, en norðurmörk eru við Mýnes við Járnsíðulæk, sem er rétt utan við Leirtjörn í Finnastaðanesi og Kvígutjörn, þar beygja þau til suðurs skammt fyrir neðan þjóðveg nær inn undir Finastaðaveg, síðan þvert upp (austur) í foss í Uppsalaá fram af Fossgerði og áfram til fjalls með Stóralæk rétt innan við Finnastaðasel." SJM II, 226-227.

1918: Tún 5,9 ha, garðar 606 m2. "Finnastaðanes er niður við Lagarfljót og Eyvindará, mestallt svo lágt yfir vatnsborð fljótsins, að lítið má hækka, svo að það færist í kaf. Þar eru Kílar (farvegir) og tjarnir með stör. Nesinu er lýst svo í F´18: "Engjarnar eru á hinu svokallaða Finnastaðanesi, sem er grasgefið, heygott og nærtækt, en víða er það mjög þýft og sums staðar blautt, utan hinir svonefndu Bakkar, sem eru þurrir og greiðfærir. Venjulega flæðir Lagarfljót og Eyvindará vor hvert yfir nesið." SJM II, 227. "Túnið á Finnastöðum var í upphafi ekki stórt og allþýft, en var allt þaksléttað og mikið útfært á þann hátt frá 1880-1938. Auk þess svokölluð "Móslétta", grædd upp með færikvíum ... Túnið var grasgefnasta tún sveitarinnar, enda jarðdjúpt, vel unnið og hirðing þess góð. Þar var ávalt haustbreitt, áburðurinn mulinn niður að vori með viðarslóða - síðar með heimasmíðuð blakkaherfi - síðan hreinsað með sköfum, röstin mulin með þeim og fótum, kallað að sköfubreiða." Ingvar Guðjónsson: "Finnastaðir í Eiðaþinghá, Suður-Múlasýslu, 63-64.

SM-018:001 *Finnastaðir* bæjarhóll bústaður

IG: "Bærinn stóð á hólbarði sem næst miðju túni á hæðarávala ofan við stararkíl, er aðskilur túnið og áðurnefnt Finnastaðanes." "Gamli bærinn stóð utan við íbúðarhús Jóhanns P. Jóhannssonar á Finnastöðum 2." segir í örnefnalýsingu. IG: "Gamli bærinn á Finnastöðum mun hafa verið elsti bær sinnar samtíðar á Fljótdalshéraði, enda kom til orða á sínum tíma að friðlýsa hann sem minjar um merkan bæ. ... Framhlið bæjarins og inngangur snéri í vestur. Syðst var portbyggt framhús með grjót- og torfveggjum á þrjá vegu að höfuðbitum, en á vesturhlið var timburklæðingin og kvistur á miðju með risi jafnháu mæni hússins. Klæðningin var af einnar tommu borðum - standreist gólfborð - og stafnar ofan höfuðbita voru klæddir eins. Þakklæðning var skarsúð á sperrum - heilborð 8x11/2 tomur. Á þakklæðningu var lagður hríðs og þar á þakið með torfi að vindskeiðum á stöfnum og kvisti. Fjórir sextíðna gluggar voru á vesturhlið stofuhæðar og einn á kvisti. Rúðustærð var um 10 x 10 þumlungar. Á suðurstafni voru tveir gluggar og einn á norðurstafni, en aðeins fjögra rúðna. Þá var á austurhlið ofan lausholts smágluggi til lýsingar á eins konar holi um uppgöngu- og gangvegi

til herbergja porthæðarinnar og kvistsins. Á vesturhlið framhússins, rétt við norðurstafninn, var inngangur í bærinn og úti fyrir honum timburskúr. Á honum voru tvær hurðir - til suðurs og norðurs - sem opnuðust báðar inn, og var þeim lokað á víxl eftir veðurstöðu hverju sinni með klúrum. Ofan við þak skúrsins var lágur þriggja rúðna gluggi til lýsingar á innganginn, og yfir glugganum var blámáluð fjöl og í hana skorið Finnastaðir. Þegar innan úr dýrunum var komið tók við breiður gangur - eitt stafgólf - um húsið þvert með norðurstafni - kallaður "stofugangur". Til hægri handar - þegar komið var inn í ganginn - voru dyr til stofunnar. Hún var afþiljuð með panelborðum á hvern veg. Veggir voru blámálaðir og bitar í lofti, sem klæddir voru þunnum borðum, en á milli þeirra var loftið málað hvítt. Loftið var, og gólf porthæðarinnar, gert af felldum gólfborðum 7x11/4 þumlunga. Á stofunni voru tveir gluggar. Í henni var trégólf, svo og göngum meðfram henni, og einni stafgólfslengd sunnar. undir vesturhluta stofunnar og hluta af gólfinu sunnan hennar var kjallari, hlaðinn úr grjóti, nálægt 6x3 m, og var gengið niðri í hann meðfram stofuþilinu að sunnan. Hann var á hjörum og opnaðist hann upp af stofuþilinu til hægri. ... Úr stofuganginum - á milli stofu og austurveggjar - lá gangur að stiga er lá upp á loftið, svo og "Framskemmu" er svo var nefnd, er tók yfir allan enda neðri hæðar hússins sunnan stofunnar. Á Framskemmunni voru tveir gluggar, svo og útidyr við suðurstafninn. Þar voru geymd öll útivinnuáhöld ... Áðurnefndur stigi lá til uppgöngu loftsins. Um hana var grindverk að vestan og norðan. Á milli þess og kvistherbergisins var gangur norður til "Útloftsins", þ.e. norðurenda porthæðarinnar. Í suðausturhorni þess var afþiljuð skonsa undir súðinni. Þar var geymsla ýmiss konar varnings ... Næst uppgöngu voru dyr að eystri herbergi suðurenda loftsins. Þar var eitt lausarúm við austurvegg undir súðinni. Til vesturs frá pallsnöf voru dyr að vesturherbergi í suðurenda. Þar var mun stærra en að eystra,. og voru þar þrjú fastarúm, tvö af þeim undir súðinni að vestan. ... Milliþiljur þessara herbergja voru hálftommu flettingar, heflaðir en óplægðir. Á milli vesturherbergis og útiloftsins var kvisturinn. Hann var afþiljaður með panelborðum, og á honum var eitt lausatrúm, sem jafnan var ætlað gestum. Porthæð frammihúsloftsins var um 80 sm. Austur úr áðurnefndum stofugangi tóku við göng er lágu til austur, allt til baðstofu - mjög löng, þar sem baðstofan var austast húsa í bæjarþorpinu. Þessi göng - sem önnur göng bæjarins, voru hlaðin saman að ofan, en ekki reft. Niður í göngin úr stofuganginum voru tvö allhá þrep, aðskilin með stórum steini - hellulaga, vel sléttum að ofan. Innarlega í göngunum voru tvær hurðir með stuttu millibili, svokallaðr "skellihurðir" eða draghurðir, sem opnuðust mótvægis til vinstri þá inn var gengið. Tvær stigarimar voru í enda ganganna upp á baðstofugólfið. Baðstofuhornið opnaðist inn til hægri og féll að skáhólfi frá súð inn á gólfið, þá hún var lokuð. Baðstofudyrnar voru á miðri vesturhlið baðstofunnar, sem var þrepabaðstofa, sjö rúmlengdir að lengd og um tvær að breidd. Baðstofan var þrískipt, afþiljað Tvær rúmlengdir á hvorum enda, en miðbaðstofan því þrjár. Milliþiljur voru af hálftommu flettingum úr rekatrjám, hefluð en óplægð, Sömuleiðis veggþiljur í porthæð, sem var tæpar tvær álnir, svo og stafnar. Gólfið var eins og kvarttommu borðum úr rekatrjám mjög breiðum - sum allt að 15 þumlunga breið - en óplægð. Baðstofan var toppreist, sperrur á hverja rúmlengd, langbönd þvert á sperrur og klætt á þau með reisifjöl úr hefluðum, ófelldum rekaviðarborðum einnar tommu þykkum. Þak var gert af hrísi næst klæðningu og síðan þakið með þrem lögum af torfi með allþykkum myldingi undir ystu torfu, sem svo varð grasi vaxin. Þetta þak var ólekt um áratugi. Á mæni voru þrjár loft-túður, voru það timburstikkar, sem náðu í gegnum þekjuna og vel uppúr henni um 5x4 þumlungar að innan máli. Í baðstofunni voru 13 rúm, eitt á hverju stafgólfi við báðar hliðar - uppgangan var í einu að vestan. ... Á baðstofunni voru 7 einnar rúðu gluggar, rúðustærð nálægt 45 x 30 sentimetrar. ... Baðstofan var elsta húsið í bæjarþorpinu, byggt 1863, en var felld með jarðýtu ásamt öllu bæjarþorpinu 1948, en hafði hún þá staðið í 85 ár. Þegar gengið var inn úr "Stofuganginum" niður þrepin tvö til baðstofuganganna var stutt til þess að komið væri til móts við göng til beggja handa, sem stóðust á, og kölluðust "krossgöng". Þau til hægri lágu til suðurs, að húsi því er kallað

var “búrið”. Fyrir búrdyrunum var skellihurð, eða draghurð, er opnaðist til mótvægis til vinstri þá inn var gengið. Í suðurenda þessa húss var svonefnt “Innra-búr” um 1/4 af lengd alls hússins, aðskilið með timburþili í vegghæð - sem var um 240 sm, en að öðru leyti óþiljað, en timburbekkur var með þilinu frá dyrum þess, sem voru við vesturvegg. Við bekk þennan var matast.”

“ ... Fremrahúsið var þiljað með veggjum, en norðurstafninn óþiljaður. Við hann var eldavél - múrið á bakhlið. ... Fjær stafni við austurvegg var allvíð trúbyrða einangruð með lótorfi notuð til moðsuðu. Við þilið að austanverðu var búrbekkurinn, hár og breiður, en undir honum afþiljaðir skápar með hillum og á enda hans við “Innrabúrs”-þilið var smáskápur fyrir bollapör og þess háttar. ... Moldargólf var í búrinu öllu. Búrið var toppreist, langbönd á sperrum, klætt standreistum borðum , óplægðum úr rekaviði. Gluggi-allstór - var á þaki við mæni á vesturhlið. Sem áður getur voru gegnt búrgöngunum göng til norðurs, er lágu gegnum þykkan vegg til eldhússins. Það var mjög rúmgott, vegghátt, toppreist, skammbitar ofan til á sperrum og rár á milli þeirra á syðstu sperrunum. ... Í framhaldi af eldhúsinu - til norðurs - án skilrúms, var nokkru þrengra og lágreistara hús. Þar var eldiviðurinn geymdur, aðallega svörður, en þó jafnan nokkuð af sauðataði, ávallt nægilegt til vetrarnotkunar ... Skammt frá mótum þessara húsa var trérenna í gegnum austurvegg eldhússins til safngryfju austan veggjar við norðurstafn baðstofunnar. í þessa gryfju var safnað öllu skólpi og ösku er til féll í bænum. Yfir renunni - ofan veggjar- var smágluggi. Nyrst á vesturvegg eldhússins voru göng er lágu í norðvestur til suðurenda frjósgangna við fjósadyr, sem voru austast á norðurstafni fjóssins. Í fjósinu voru átta fullkomnir básar, þrír í austurhlið og sá fjórði fyrir ungviði og var sá næstur dyrum. Í vesturhliðinni voru fimm básar - einn þeirra fyrir þarfanaut er ávallt var til á Finnastöðum. Jötur voru með veggjum, en í miðju fjósi var tröðin, en flórar beggja vegna hennar. Fjósið var reist á tveim mæniásum, flettum úr sama rekatrénu, sem nægði lengd hússins, og skurðflöturinn a.m.k. 15 þumlungar. Mæniásarnir hvíldu á stoðum, er reistar voru á flórstokkum - básamegin - og afmörkuðu breidd þeirra. Á milli mæniása voru lögð sver þvertré og þvert á þau - langs eftir mæni - einnig sver tré til hækkunar á mæninum. Á honum var allvíður strompur, og niður undan honum var gluggi á miðri vesturhlið. Þakið var mjög þykkt, og vel gróið. Vatnsbyrður voru á traðarenda við norðurstafn, og vatn borið í þær úr brunni er var neðanvið túnið utanvert. ... Norðan við fjósstafninn var skemma, kölluð “Útskemma”, fjósstafninn var því suðurhlið hennar. ... Á bakvið stafn skemmunnar - að austan - lágu fjósgöngin til norðurs - alllöng - til nyrsta hússins í þorpinu, sem kallað var “Fjóskofi”, allstórt hús, en lágreistara en önnur hús bæjarins. Þar var áður fjós, og í því fjósdraugurinn, ... Við vesturhlið Fjóskofans var lítill kofi, allmikið niðurgrafinn. Milli þess kofa og norðurveggjar Útskemmunnar var allbreitt sund til vesturdyra Fjóskofans. ... Allir veggir bæjarins voru hlaðnir úr grjóti og torfi. Undirstaðan alls staðar grjót, yfirleitt í meiri hæð á innbrún, en annarsstaðar í miðsmunandi hæð hinna ýmsu veggja, sums staðar - frammhúsið - um 3/4 vegghæðar. hvergi voru torflög í grjóthleðslunni og öll veggjagerð traust og útlitsgóð. Þök bæjarins voru öll í megindráttum af sömu gerð, þykk og víðast grasivaxinn.”

Heimildir: Túnakort 1918; Ingvar Guðjónsson: “Finnastaðir í Eiðaþinghá, Suður-Múlasýslu, 64-69; Ö-Finnastaðir, 3

SM-018:002 *Ystahús* heimild fjárhús

IG: “Fjárhús dreifð um tún - sjö að tölu - Ystahús, Traðarkofi, Garðhús, Ærhús, Miðhús, Fremstuhús og Fjóshús, öll til fyrir aldamót.” “Fyrir ofan brunnsléttu er Yztahússlétta. Þar var fjárhús, sem var kallað Ystahús.” segir í örnefnalýsingu. “Hlöður voru við öll peningahúsin nema Fjóshúsið ... ”

Heimildir: Ingvar Guðjónsson: “Finnastaðir í Eiðaþinghá, Suður-Múlasýslu, 69-70; Ö-Finnastaðir, 5

SM-018:003 *Traðarkofi* heimild fjárhús
IG: “Fjárhús dreifð um tún - sjö að tölu - Ystahús, Traðarkofi, Garðhús, Ærhús, Miðhús, Fremstuhús og Fjóshús, öll til fyrir aldamót.” “Hlöður voru við öll peningahúsin nema Fjóshúsið ... ” “Öll voru þessi hús komin undir járn fyrir og um 1930, það fyrsta svonefnd Timburhlaða - töðuhlaða við Traðarkofa - um aldamótin 1900.”

Heimildir: Ingvar Guðjónsson: “Finnastaðir í Eiðaþinghá, Suður-Múlasýslu, 69-70

SM-018:004 *Garðhús* heimild fjárhús
IG: “Fjárhús dreifð um tún - sjö að tölu - Ystahús, Traðarkofi, Garðhús, Ærhús, Miðhús, Fremstuhús og Fjóshús, öll til fyrir aldamót.” “Fram og niður af Kvíabóli var fjárhús, sem hét Garðhús. kringum það var Garðhústún. Neðan við Garðhús var Hrútakofi. Við hann var hlaða, sem kölluð var Timburhlaða, af því að hún var með timburþaki.” segir í örnefnalýsingu. “Hlöður voru við öll peningahúsin nema Fjóshúsið ...”

Heimildir: Ingvar Guðjónsson: “Finnastaðir í Eiðaþinghá, Suður-Múlasýslu, 69-70; Ö-Finnastaðir, 5

SM-018:005 *Ærhús* heimild fjárhús
OG: “Fjárhús dreifð um tún - sjö að tölu - Ystahús, Traðarkofi, Garðhús, Ærhús, Miðhús, Fremstuhús og Fjóshús, öll til fyrir aldamót.” “Inn af gamla bænum hét Ærhússlétt. Þar var fjárhús sem hét Ærhús (Langa-Ærhús).” segir í örnefnalýsingu. “Hlöður voru við öll peningahúsin nema Fjóshúsið ...”

Heimildir: Ingvar Guðjónsson: “Finnastaðir í Eiðaþinghá, Suður-Múlasýslu, 69-70; Ö-Finnastaðir, 3

SM-018:006 *Miðhús* heimild fjárhús
IG: “Fjárhús dreifð um tún - sjö að tölu - Ystahús, Traðarkofi, Garðhús, Ærhús, Miðhús, Fremstuhús og Fjóshús, öll til fyrir aldamót.” “Inn og upp af Ærhúsinu var annað fjárhús, kallað Miðhús.” segir í örnefnalýsingu. “Hlöður voru við öll peningahúsin nema Fjóshúsið ...”

Heimildir: Ingvar Guðjónsson: “Finnastaðir í Eiðaþinghá, Suður-Múlasýslu, 69-70; Ö-Finnastaðir, 4

SM-018:007 *Fremstuhús* heimild fjárhús
IG:”Fjárhús dreifð um tún - sjö að tölu - Ystahús, Traðarkofi, Garðhús, Ærhús, Miðhús, Fremstuhús og Fjóshús, öll til fyrir aldamót.” “Inn af Miðhúsi er Fremstahús.” segir í örnefnalýsingu. Þessi hús - ásamt Fremstuhúsum, eru þau einu sem enn standa og eru í notkun. “Hlöður voru við öll peningahúsin nema Fjóshúsið ...”

Heimildir: Ingvar Guðjónsson: “Finnastaðir í Eiðaþinghá, Suður-Múlasýslu, 69-70; Ö-Finnastaðir, 4

SM-018:008 *Fjóshús* heimild fjárhús
IG:”Fjárhús dreifð um tún - sjö að tölu - Ystahús, Traðarkofi, Garðhús, Ærhús, Miðhús, Fremstuhús og Fjóshús, öll til fyrir aldamót.”

Heimildir: Ingvar Guðjónsson: “Finnastaðir í Eiðaþinghá, Suður-Múlasýslu, 69-70

SM-018:009 *Nýjuhús* heimild fjárhús
IG: “Fjárhús dreifð um tún - sjö að tölu - Ystahús, Traðarkofi, Garðhús, Ærhús, Miðhús, Fremstuhús og Fjóshús, öll til fyrir aldamót. Auk þessa Nýjuhús, sem byggð voru um 1924 - þrjú hús sambyggð ásamt hlöðu undir sama risi. Þessi hús - ásamt Fremstuhúsum, eru þau

einu sem enn standa og eru í notkun." "Út og upp af Fremstahúsi eru fjárhús, kölluð Nýjuhús. Þar stóð áður kofi, sem nefndur var Drengjakofi." segir í örnefnalýsingu. "Hlöður voru við öll peningahúsin nema Fjóshúsið ..."

Heimildir: Ingvar Guðjónsson: "Finnastaðir í Eiðaþinghá, Suður-Múlasýslu, 69-70; Ö-Finnastaðir, 4

SM-018:010 heimild hesthús

IG: "Þrenn hesthús voru á Undirtúni svonefndu, þ.e. á lægðarfleti rétt við kílinn, neðan undir hæðinni er bærinn stóð á." "Neðst á túninu, beint niður af bæ, var annað Hesthús." segir í örnefnalýsingu. "Í eitt þeirra - er lægst stóð-barst eitt sinn silungur í stórflóði er kaffærði allt nesið."

Heimildir: Ingvar Guðjónsson: "Finnastaðir í Eiðaþinghá, Suður-Múlasýslu, 70; Ö-Finnastaðir, 5

SM-018:011 heimild hesthús

IG: "Þrenn hesthús voru á Undirtúni svonefndu, þ.e. á lægðarfleti rétt við kílinn, neðan undir hæðinni er bærinn stóð á." "Upp af hallinu heitir Hesthústún. Þar eru rústir af Hesthúsi." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ingvar Guðjónsson: "Finnastaðir í Eiðaþinghá, Suður-Múlasýslu, 70; Ö-Finnastaðir, 3

SM-018:012 heimild hesthús

IG: "Þrenn hesthús voru á Undirtúni svonefndu, þ.e. á lægðarfleti rétt við kílinn, neðan undir hæðinni er bærinn stóð á."

Heimildir: Ingvar Guðjónsson: "Finnastaðir í Eiðaþinghá, Suður-Múlasýslu, 70

SM-018:013 heimild hesthús

IG: "Um svipað leyti og Nýjuhúsin var byggt hesthús fyrir 6 hesta. Það var notað um skeið á Finnastöðum I sem fjós, eftir að gamli bærinn var felldur, áður en núverandi gripahús voru byggð ..."

Heimildir: Ingvar Guðjónsson: "Finnastaðir í Eiðaþinghá, Suður-Múlasýslu, 70

SM-018:014 heimild hlaða

IG: "Hlöður voru við öll peningahúsin nema Fjóshúsið, auk kúahlöðu er var suðvestur af bænum skammt frá grafreitnum." Norðan við Ærhússléttu, á Hólnum áðurnefndum stóð Kúahlaða." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ingvar Guðjónsson: "Finnastaðir í Eiðaþinghá, Suður-Múlasýslu, 70; Ö-Finnastaðir, 3-4

SM-018:015 heimild smiðja

IG: "Loks ber að nefna smiðjuna. Hún stóð í lægð út og niður af hólbarðinu er bærinn stóð á, en á honum standa nú íbúðar- og peningshús Finnastaða II." "Utan við bæinn er lítill hóll, sem hét Smiðjuhóll." segir í örnefnalýsingu. "Smiðjan var lítið hús, veggir af grjóti og torfi nema stafn er sneri til suðurs, á honum var timburklæðning. Aflinn var hlaðinn úr grjóti, en að baki hans fýsibelgurinn, sem var handknúinn með vogarstöng. Í þessu húsi stundaði Jón Árnason járnsmíðar sínar, sem voru miklar og margvíslegar."

Heimildir: Ingvar Guðjónsson: "Finnastaðir í Eiðaþinghá, Suður-Múlasýslu, 70; Ö-Finnastaðir, 4

SM-018:016 *Ólafshöfðasel* heimild beitarhús

IG: “Enn eru beitarhúsin - Ólafshöfðasel - ónefnd, ásamt hlöðu og stekk eða smárétt við austurvegg. Þau féllu úr notkun um 1920 og voru rifin 1930.” “Innan við Höfðann eru tættur af beitarhúsum frá Finnastöðum, sem kölluð voru Ólafshöfðasel; nú er þau fyrir löngu aflögð. Rétt utan við tætturnar er lítill lækur, nefndur Ólafshöfðaselslækur.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ingvar Guðjónsson: “Finnastaðir í Eiðaþinghá, Suður-Múlasýslu, 70; Ö-Finnastaðir, 8

SM-018:017 tóft rétt

IG: “Fjárrétt - öll hlaðin úr grjóti - var austan undir kletti, á há-Holti austur af bænum, byggð um sl. aldamót. Þar standa enn hlutar veggjanna, svo vel má greina gerð hennar.” “Ofan við túnið er hæð sem heitir Holt. Utan við það er Háahraun, grýtt hæð; austan við það var fjárrétt.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ingvar Guðjónsson: “Finnastaðir í Eiðaþinghá, Suður-Múlasýslu, 70; Ö-Finnastaðir, 7

SM-018:018 heimild brunnur

IG: “ Vatnsbyrður voru á traðarenda við norðurstafn, og vatn borið í þær úr brunni er var neðanvið túnið utanvert. Á málum voru kýrnar leystar, og þær látnar drekka lyst sína úr þessum byrgðum, en framyfir síðustu aldamór var alltítt að kúnum væri brynnt út við brunninn ef ekki var vont veður.”

Heimildir: Ingvar Guðjónsson: “Finnastaðir í Eiðaþinghá, Suður-Múlasýslu, 68

SM-018:019 heimild fjós

IG: “Annars var sérstakt sumarfjós í notkun fram yfir sl. aldamót. Það hús stóð ofan túns, en féll úr notkun sem slíkt, er heimreiði var breytt.” “Utan við Ruddaklett er Móslétta. Utan við hana heitir Fjósatunga. Þar stóð fyrrum sumarfjós.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ingvar Guðjónsson: “Finnastaðir í Eiðaþinghá, Suður-Múlasýslu, 69; Ö-Finnastaðir, 3

SM-018:020 garðlag túngarður

“Túngarður.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 227

SM-018:021 heimild mylla

“Myllutótt við Uppsalaá.” segir í Sveitum og jörðum. “Inn af Langholti er Galtafoss í Uppsalaá, skammt neðan við brúna. Framan við fossinn var vatnsmylla og fossinn var stundum nefndur Myllufoss.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: SJM II, 227; Ö-Finnastaðir, 8

SM-018:022 varða landamerki

“ ... að utanverðu ræður kíll úr Lagarfljóti, að Járnsíðulækjarósi og þaðan í Merkistein, sem stendur upp með tjeðum læk, svo upp í vörðu, sem stendur framan við svokallað Merkisund ...” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Finnastaðir, 2

SM-018:023 varða landamerki

“ ... að utanverðu ræður kíll úr Lagarfljóti, að Járnsíðulækjarósi og þaðan í Merkistein, sem stendur upp með tjeðum læk, svo upp í vörðu, sem stendur framan við svokallað Merkisund, þaðan beina leið í stóran stein utan undir Ekruhrauni og svo beint í vörðu, sem stendur á Stórasteinshlíð framan við Merkilækjarfoss og svo þaðan upp á heiði.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Finnastaðir, 2

SM-018:024 þjóðsaga draugur
"Norðan við Smiðjuhól var stórþýft tún, sem var kallað Jónsteigur, ca 1/2 vallardagslátta á stærð." segir í örnefnalýsingu. "Þetta stykki var kennt við mann, sem hét Jón Hannesson. Hann var 1/2 mánuð að slá þetta stykki og hafði hjá sér, þegar verkið hólfs, 20 potta brennivínskút, sem hann lauk við að drekka úr á þessum tíma. Þegar Jón var búinn að slá blettinn, lagði hann af stað út í Mýnes. Hann reið illa tömdum hesti, og datt af baki milli bæjanna og dó þegar af þeirri byltu. Þar heitir Jónshall, norðan í Neðrahálsi. Eftir þetta gekk Jón aftur og fylgdi ættingjum sínum. Skyggnir menn sáu hann og, og var hann þá venjulega ríðandi. Þessi atburður mun hafa skeð í kringum 1860."
Heimildir: Ö-Finnastaðir, 4

SM-018:025 *Kvíaból* örnefni kvíar
"Fram af Yztamó [ofan við Yztahús] hét Kvíaból." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Finnastaðir, 5

SM-018:026 heimild fjárhús
"Fram og niður af Kvíabóli var fjárhús, sem hét Garðhús. Kringum það var Garðhústún. Neðan við Garðhús var Hrútakofi. Við hann var hlaða, sem kölluð var Timburhlaða, af því að hún var með timburþaki." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Finnastaðir, 5

SM-018:027 *Stekkoddi* örnefni stekkur
"Milli Kíls og Leirtjarnar er langur og mjór tangi, sem heitir Stekkoddi." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Finnastaðir, 6

SM-018:028 heimild vað
"Norður af því [Ytra-Melshorni] eru þrír hólmar í Eyvindará; næst horninu er Vaðhólmi, þá Litlihólmi og nyrst Lambhólmi. Austan við hann var Lambhólmavað yfir Eyvindará." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Finnastaðir, 6

SM-018:029 *Torfklettur* örnefni rista
"Upp af Melshornamó eru klettar sem heita Neðriklaufaklettar og Efriklaufaklettur. Upp af þeim eru Fremriklaufir og Ytriklaufir. Út af Melhornamó eru smáklettar, sem heita Neðri-Torfklettur og Efri-Torfklettur. (Svæðið milli Torfkletta og Ytriklaufa er nú ræktað." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Finnastaðir, 7

SM-018:030 heimild mógrafir
"Upp af Melshornamó eru klettar sem heita Neðriklaufaklettar og Efriklaufaklettur. Upp af þeim eru Fremriklaufir og Ytriklaufir. Út af Melshornamó eru smáklettar, sem heita Neðri-Torfklettur og Efri-Torfklettur. (Svæðið milli Torfkletta og Ytriklaufa er nú ræktað. Upp af Torfklettum er Svarðarmýri og Svarðarholt. Í mýrinni voru svarðargrafir." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Finnastaðir, 7

SM-018:031 *Kvígutjörn* þjóðsaga

“Ofan við Efriháls er Kvígutjarnarblá. Í blánni er tjörn, sem heitir Kvígutjörn. Við hana loða forneskjusagnir.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Finnastaðir, 7

SM-018:032 þjóðsaga skrímsli

“Ofan við Efriháls er Kvígutjarnarblá. Í blánni er tjörn, sem heitir Kvígutjörn. Við hana loða forneskjusagnir. Framar í blánni er Litlatjörn, mjög djúp. Þar átti að vera nykur.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Finnastaðir, 7-8

SM-018:033 *Stekkás* örnefni stekkur

“Upp af Bugum er Háabjarg á landamörkum Uppsala og Finnastaða. Utan við Háabjarg er Stekkás og nær út að landamerkjum Finnastaða og Fossgerðis.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Finnastaðir, 8

SM-018:034 *Vörðumelar* örnefni

“Inn af Fossum eru Kaplahnjúkar. Á utanverðum hnjúknum eru landamerki Uppsala og Finnastaða. ... Út af kaplahnúkum eru Vörðumelar.” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Finnastaðir, 9

SM-018:035 *Kötluhraun* þjóðsaga tröllabústaður

“Nálægt vatnaskilum á Fjarðarheiði er grýtt hæð, sem heitir Kötluhraun. Þar bjó í fyrndinni tröllkona, sem hét Katla. Önnur sögn, segir að vinnukona (selráðskona) Margrétar ríku á Eiðum, sem Katla hét, hafi orðið þar úti. Það hefði átt að gerast á fyrri hluta 16. aldar.” segir í örnefnalýsingu. Ekki ljóst hvort Kötluhraun sé í Finnastaðalandi, landamerki óglögg.

Heimildir: Ö-Finnastaðir, 9

SM-018:036 *Bænahringur* þjóðsaga

“Talið er að völvuleiði sé á F þar sem Bænahringur heitir, óraskaður blettur í túni.” segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM V, 358

SM-018:037 þjóðsaga draugur

ÞSS: “Það var í seinni tíð Þórðar Gíslasonar á Finnsstöðum í Eiðaþinghá og eftir það að Jón tengdasonur hans Einarsson var farinn að búa þar að reimt þótti gerast þar í bænum; kvað einna mest að því þar á bæjardyralofti. Þar sváfu húskarlar tveir og stundum fleiri. Bar það oft til að þeir hrukku þaðan inn í baðstofu á nóttum og kváðust engan frið hafa og föt tylldu ei ofan á þeim. ... Það er talin orsök til reimleikans þar í bænum að grafin var hústóft þar austur í hólinn og fundust þar mannsbein; voru þau þar niðursett aftur. Síðan var tóft þessi gerð að fjósi. En þá bar svo við að þar gerðist draugagangur mikill í fjósinu og slæðingur inn í bæinn.” Guðni bóndi lenti í slagsmálum við drauginn og hvarf draugurinn upp úr því.

Heimildir: ÞSS II, 138-139

SM-019 Finnastaðasel

Hjáleiga Finnastaða. “Selsland er 1500-2000 m breið skák úr Finnastaðalandi norðaustanverðu, nær neðan frá Fossgerðismörkum og austur á fjall. ... Selið fór í eyði 1956,

en nú hefur það á leigu Sigfús bóndi í Fossgerði síðar ´73 og hefur hafið þar ræktun, en ræktunarskilyrði eru allmikil og hagfelld." SJM II, 232.

1918: Tún 1,3 ha. garðar 100 m2. "Í F ´18 er landkostum lýst, tún sagt snögglent og hálf þýft, engjar nærtækar, grasgefnar og þurrlendar, auk þess slægjur í fjalli, heitiland hagsælt, skjólgott og kjarngott ..." SJM II, 232.

SM-019:001 *Finnastaðasel* bæjarhóll bústaður
"Baðstofa endurbyggð ´06, um 5x6 álnir, portb., niðri, óþiljað eldhús með moldargólfi, uppi lág í mæni og í einu lagi, reisfjöl úr rekaviðarflettingum afviðir úr rekaviði, en þiljur og gólf úr kaupstaðaviði, m.a. í kompu niðri. Árið 1951 var byggð um 3x6m steypuhús, einlyft og eitt herbergi, fordyr úr timbri við." Segir í Sveitum og jörðum. Minnst á sel í Finnsstaðalandi í Olaviusi, en þar segir hann að óvíst sé með búsetu.
Heimildir: SJM II, 232; ÓO II, 142

SM-019:002 heimild hesthús
"Framan við lækinn var Hesthús, neðan við Hesthúsið var slétt grund, sem var kölluð Hesthúsbali. Ekki voru fleiri örnefni í túni, enda var það mjög lítið." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Finnastaðasel, 2

SM-019:003 heimild hlaða
"Meðal útihúsa var kringlótt topphlaða djúp og eins og blikkskjóla í laginu tók 80-90 hb." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 232

SM-019:004 heimild mylla
"Hins vegar komið upp myllu við Stóralæk ´06 og notuð meðan ómalað korn fékkst fram um ´14." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 232

SM-019:005 garðlag
"... grjót-torfgarður vandaður um tún og stærra svæði, 663 m hlaðnir um aldamóti. Garðinum var haldið við fram á síðari búskaparás Þórðar, aldrei gaddavír." segir í Sveitum og jörðum.
Heimildir: SJM II, 232

SM-019:006 tóft stekkur
"Utan við túnið er slétt harðvellissvæði meðfram fjallsfótum, sem heitir Aur. ... Ofan við Aurinn eru rústir af Stekk." segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Finnastaðasel, 2

SM-020 Eyvindará

20 hndr 1847. Eyvindará er þekkt víða úr Austfirðingasögum. Í Fljótsdælu er Eyvindará sögð "eitthvert bjagmesta land í héraðinu og þokkaland allmikið." Eyvindará var í bændaeign frá fornu fari en mun þó hafa verið Skriðuklausturseign um tíma fyrr á öldum. Talið er að Eyvindarárland hafi á fyrri tímum náð að Valagilsá. Síðan voru jarðirnar Uppsalir, Miðhús og Dalhús byggðar út úr landi Eyvindarár. Í manntali 1703 voru Miðhús og Dalhús orðin lögbýli. Árið 1889 voru Miðhús keypt undir Eyvindará og voru þar höfð beitarhús. Miðhús tiheyrðu

Eyvindará fram til 1959. Á Eyvindará var fyrsti þingstaður Eiðahrepps frá 1892 og fram um 1918 eða lengur. SJM II, 212; Ö-Eyvindará, 7

"Neðan heiðar skiptast á móahæðir og ásar og mýrar. Á Eyvindarárnesi við ána eru harðvellisbakkar og gott slægjuland. Fjallið er höllótt, vel gróið og gott beitarland." Túnslétta 4472m2, vel hlaðinn garður utan um hluta túnsins. Meirihluti túnsins var þaksléttaður. Síðasta túnþýfið var unnið með dráttarvél 1938 eða 1939. Í fasteignamati 1918 voru tún 5,2 ha, taða 100 hb., úthey 300 hb. Þriðjungur túnsins var sléttaður, nokkuð var harðlent og brunahætt. Engjar voru nærtækar, þýfðar og þurrar og sumar hegóðar. Beitiland var í betra langi en skjóllítið og snjóþungt. Upprekstrarland var gott en fjárgeymsla erfið. Mótaka var langsótt en góð. Ekki var þar neinn skógur." SJM II, 212; Ö-Eyvindará, 7.

SM-020:001 *Eyvindará* bæjarhóll bústaður 65°16.651N 14°22.988V
Síðasti torfbærinn stóð á lágum hól milli Krosshóls og núverandi bæjarhúsa.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: HH 1996, 1

SM-020:002 *Gróufjós* heimild 65°16.659N 14°22.900V
Svokallað Gróufjós var staðsett á Krosshól norður af bænum. Fleiri tóttir voru á hólnum er Gróufjós var þeirra stærst. Einhverjar mishæðir eru á hólnum og gróður er þar grænni en umhverfis, en ekki er að sjá neinar greinilegar tóttamyndir. Sigfús Sigfússon segir að á hólnum séu margar tóttir fornlegar og að sumir telji að þar hafi staðið bær. Tóftin var friðlýst 1930 en þó hefur verið sléttað yfir hana.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: HH 1996, 1; Ö-Eyvindará, 4

SM-020:003 *Norðurhús* heimild um fjárhús 65°16.673N 14°22.953V
Staðsetning fjárhúsanna var yst í túninu. Hleðslur útflattar, sléttað hefur verið yfir.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: HH 1996, 1; Ö-Eyvindará, 3

SM-020:004 *Hesthús* heimild um hesthús 65°16.673N 14°22.953V
Staðsett ofan við Norðurhús yst í túni. Hús þessi eru nú horfin sökum túnasléttunar.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: HH 1996, 1; Ö-Eyvindará, 3

SM-020:005 *Hólhús* heimild um fjárhús
Fjárhús þessi stóðu innan og ofan Hesthúss, yst í túninu. Engin merki eru um hús þessi og ekki er vitað nákvæmlega hvar þau voru.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Eyvindará, 3

SM-020:006 *Sigmundarhús* heimild um fjárhús
Fjárhús þetta á að hafa staðið á milli Hólhúss og Hesthúss. Ekkert sést lengur til tóttarinnar og hefur hún verið sléttuð.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Eyvindará, 3

SM-020:007 *Stórhús* heimild um fjárhús 65°16.609N 14°22.923V
Aðalfjárhúsið á Eyvindará stóð á hól austan og ofan bæjar. Þarna stendur ennþá grunnur

fjárhúss þess er seinast var í notkun. Það hefur verið grjóthlaðið með steypu til styrkingar grjóthleðslum. Torfhleðslur hafa verið utan um steinveggina. Í grunninum liggur timbur og bárujárn. Umhverfis grunninn er mjög gróið og þýft og þar kunna að vera eldri tóftir.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Eyvindará, 3

SM-020:008 *Elínarkofi* tóft 65°16.557N 14°22.874V
"Innan við Stórhúsið er lægð í túninu niður af Elínartjörn. Innan við lægðina var Elínarkofi", segir í Örnefnaskrá. Tóttin stendur við klett (Elínarklett) beint austur af og stutt frá núverandi hlöðu. Ferhyrn smátótt, um 2x1,5 m. að innanmáli sem stendur fast suðaustan við klettinn.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Eyvindará, 4

SM-020:009 *Jónshús* heimild um fjárhús 65°16.557N 14°22.874V
Stóð neðan við Elínarkofa. Ekkert sést til tóftarinnar því sléttað hefur verið yfir hana.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Eyvindará, 4

SM-020:010 heimild um hesthús 65°16.671N 14°22.852V
Húsið var staðsett þar sem elsta núverandi einbýlishús á Eyvindará stendur. Það er nú horfið.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Eyvindará, 4

SM-020:011 *Sæmundarhús* heimild um fjárhús
Skammt neðan elsta íbúðarhúss. Hús þessi eru nú horfin og óvíst um nákvæma staðsetningu þeirra.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

SM-020:012 hleðsla brunnur 65°16.671N 14°23.003V
Við gamlan lækjarfarveg neðan við hól, um 20-30 m neðan og vestan við gamla bæjarstæðið er hleðsla. Þarna er hringlaga vegghleðsla, um 1,5x1,5 m, í kring um gamalt brunnstæði Líklega leifar brunnhúss.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

SM-020:013 kvíatóft 65°16.644N 14°22.710V
Á hól beint niður af einbýlishúsinu á Eyvindará III. Ferhyrnd tótt sem skiptist í tvö hólf, það stærra er 9x3 m og það minna 2x2 m. Útgangur er í austur og smærra hólfið er áfast við SV horni þess stærra. Í norð-austur horni standa tvær grjóthellur og mynda nokkurnskonar bás.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

SM-020:014 sögustaður legstaður
"Innaf túni er lægð sem kölluð var Leyningur. Þar var Helgahaugur (leiði Helga Droplaugarsonar). Þess sér nú ekki merki, og ekki vitað nákvæmlega hvar er", segir í Örnefnaskrá. Ekki er vitað um staðsetningu haugsins, hafi hann á annað borð verið til.

Heimildir: HH 1996, 1

SM-020:015 garðlag túngarður 65°16.732N 14°22.938V
Utan og neðan við gamla túnið á Eyvindará er túngarður. Garðurinn er víða jarðsokkinn og er í nokkurri hættu af vindrofi. Hleðslur standa grónar. Garðurinn liggur í sveig á um 30 metra kafla norðan við túnið. Um 3 metra beitt "hlið" er á garðinum beint út af gamla

einbýlishúsinu. Garðurinn liggur svo á um 230 -250 m löngum kafla í sveig til austurs og er núverandi girðing á honum þar. Má vera að garðurinn hafi að hluta til verið endurgerður á þeim kafla.

Hættumat: hætta vegna rofs
Heimildir: HH 1996, 1

SM-020:016 gata leið
Meðfram gamla túngarðinum. Göturnar liggja til fjalls, líklega frá Einhleypingsvaði á Lagarfljóti.

Heimildir: HH 1996, 1

SM-020:017 garðlag leið 65°16.580N 14°23.134V
Utan við túnið. Sést beint niður af grafreitnum. Liggur þar niður af grafreitnum A-V á um 50 metra löngum kafla og eru um 30 m milli vesturenda hans niður af grafreitnum og áveitugarðs. Vegurinn liggur í hlykkjum og er mjög útflattur. Hann er einna helst sýnilegur í dældum. Á honum eru ummerki um ágang hesta og vindrof.

Hættumat: hætta vegna rofs
Heimildir: HH 1996, 1

SM-020:018 garðlag áveita 65°16.594N 14°23.113V
Á Eyvindarárnesi á sléttlendinu skáhallt neðan við grafreitinn. Garðurinn liggur áfram yfir mýrina til norðurs. Svæðið er mikið sparkað af hestum og erfitt að átta sig á görðum. Grafirnar renna og 20-30 sm hár garður liggja NV-SA. Norður endi garðs er við svarðargrafir neðan við Krosshólinn. Líklega er garðurinn frá seinni hluta 19. aldar.

Hættumat: hætta vegna rasks
Heimildir: SJM II, 212

SM-020:019 brunnur vatnsból
Í mýrinni vestan við Krosshól nálægt svarðargröfunum. Járnþak er yfir uppsprettunni. Þar ofan í lá stígi og var í botni uppsprettunnar svokallaður “vatnshrútur” er dældi vatni upp í Eyvindarárbæinn.

Hættumat: hætta vegna rasks

SM-020:020 *Fjárhúsvarð* heimild um vað 65°16.530N 14°22.488V
Vað þetta er á Uppsalaá stutt sunnan við heimreiðina að Eyvindará. Leiðin yfir varið lá upp að beitarhúsunum á Grásteinsseli.

Heimildir: HH 1996, 2

SM-020:021 hleðsla brú 65°16.634N 14°22.535V
Hlaðnar undirstöður eldri brúar yfir Uppsalaá eru staðsettar um 50-70 m NA af núverandi brú á heimreiðinni niður til Eyvindarár. Klettur gengur út í ána að austanverðu og hefur brúin legið af honum yfir í brekkuna vestan megin. Þar sjást leifar af grjóthleðslu. Brúin er löngu horfin.

Hættumat: engin hætta

SM-020:022 myllutóft 65°16.294N 14°22.808V
Við smáfoss í Uppsalaá í Mylluhvammi þar sem hún rennur í Eyvindarána. Myllan hefur verið byggð við klöpp NA megin við fossinn. Hleðsla er við ána á um 1,5 m kafla og samanstendur hún af 3 stórum steinum. Bak þeim er dæld og kann að vera að vatni úr ánni hafi verið beint í gegnum tóftina. Í um 16 metra fjarlægð er 3x1,5 m þúst sem kann að vera

mannvirki. Gamall lækjarfarvegur liggur út ánni meðfram þúst þessari.
Heimildir: HH 1996, 2;Ö-Eyvinará, 4

SM-020:023 *Mylluvað* heimild um vað
Utan við girðinguna við Myllufoss.
Heimildir: HH 1996, 2

SM-020:024 stekkjartóft 65°16.411N 14°23.243V
Í grunnum hvammi innan og neðan við núverandi tún um 23 m frá malarnámi, á móts við Melshorn. Tóttin er aflöng og liggur fast upp við lága brekku og myndar brekkan eystri vegg tóttarinnar. Þetta eru tvö samliggjandi hólf. Það stærra er 6x2 en það minna 2x2,5 m. Veggjahæð er mest um 1 m. Dyr hafa verið í SA horni. Það má vera að innangengt hafi verið milli hólfanna. Mikil hætta vegna grjótnáms í um 20 metra fjarlægð.
Hættumat: mikil hætta vegna rasks
Heimildir: Ö-Eyvindará, 5

SM-020:025 *Melhornsvað* heimild um vað 65°16.330N 14°23.449V
Undan Fremra-Melshorni er vað yfir Eyvindará. Malarnám er á norðurbakka Eyvindarár á móti Melshorni.
Heimildir: Ö-Eyvindará, 5

SM-020:026 *Bjarmóar* stekkjartóft 65°16.364N 14°21.438V
Utan við Blána út og upp af spennistöðinni um 100 m út frá Seyðisfjarðarvegi. Tóftin er milli steina syðst í móunum niður við blána. Hún er hlaðin upp við og kring um stóra jarðfasta steina. Tóftin er mjög þýfð og gróin en þó má greina að þarna hafa verið 3 hólf, tvö þeirra samföst norðan megin steinanna og eitt minna hólf á milli og sunnan þeirra.
Hættumat: hætta
Heimildir: HH 1996, 2

SM-020:027 *Grásteinssel* beitarhúsatóft 65°16.269N 14°20.366V
"Upp af Langás, syðst, eru rústir af beitarhúsum frá Eyvindará, sem heita Grásteinssel" segir í Örnefnaskrá. Þarna hefur ef til vill verið sel áður fyrr en tóftirnar sem nú standa þarna munu hafa verið beitarhús. Þau eru staðsett beint í austur frá Eyvindarárstaðabænum, upp undir brekkum Fjarðarheiðar. Hlíðin kallast Grásteinshlíð eftir risastórum steini er stendur skammt fyrir innan og ofan beitarhúsin og taka þau einnig nafn sitt af steini þessum. Tóftirnar eru um 50-70 metra austan við rafstauralínu. Tóftirnar eru mjög grasi grónar. Grenitré hafa verið gróðursett í brekkunni rétt neðan við tóftirnar. Þær eru þrjár, sú stærsta hefur verið fjárhús og hlaða. Fjárhúsið er að innanmáli um 13x4 m en hlaðan sem er áföst er um 4x4 m. Öll er tóftin gróin en þó má greina steinhleðslur víða í henni og virðast þær standa nokkuð vel. Grjóthleðslan er einnig undir og niður af hlöðunni og virðist vera nokkurs konar upphlaðin stétt. Ekki er hægt að greina garða í fjárhúsinu. Leifar eldri bygginga er líklega að finna undir tóftinni.
Hættumat: hætta vegna trjáræktar
Heimildir: HH 1996, 3; Ö-Eyvindará, 7

SM-020:028 tóft 65°16.269N 14°20.366V
Tóft virðist vera við ytri enda fjárhússins á Grásteinsseli, fremur óregluleg. Tóftin liggur neðan við fjárhúsið og gengur undir norðurgafl þess. Þetta er ferkantaður garður um 8x5 að innanmáli. Veggjahæðin er um 0,4 m. Garður þessi er mun lægri og lyngvaxnari en fjárhústóttin og kann að tilheyra eldri byggingu.

Hættumat: hætta vegna trjáræktar
Heimildir: HH 1996, 3

SM-020:029 tóft

Um 3 m NV af fjárhúsinu er lítil tóft, líklega heystæði, um 3,5 m að innanmáli. Hóllinn sem tóftin stendur á er þó umfangsmeiri eða um 5x5 m.

Hættumat: hætta vegna trjáræktar
Heimildir: HH 1996, 3

SM-020:030 hola kolagröf 65°16.269N 14°20.366V

Um 4-5 kolagrafir eru staðsettar efst í brekku ofan við veg sem liggur að vinnusvæði Vegagerðarinnar, um 25 m. suður frá fjárhúss- og hlöðutótt. Grafirnar eru mjög grónar og hefur grenitrjám verið plantað nýlega í og kringum þær. Stærsta gröfin er um 1,5x1,5 að ummáli og um 40 cm djúp. Allar eru grafirnar mjög grónar og gras í botni þeirra.

Hættumat: hætta vegna trjáræktar
Heimildir: HH 1996, 3

SM-020:031 seltóft 65°15.986N 14°19.984V

Tóftirnar eru staðsettar í hvammi fram undan gljúfri Miðhúsaár inn af Grásteinshlíð u.þ.b. 50 m. austan við þar sem Seyðisfjarðarvegur beygir frá ánni út með Lönguhlíð. Tóftirnar eru all nokkuð hærri en umhverfi þeirra og mjög þýfðar og lyngi vaxnar eins og umhverfið. Stærsta tóftin er sporöskjulaga en er svo hrunin að veggjalag er næsta ógreinilegt. Þessi tóft er um 5x3 m að innanmáli. Áfast við SA hlið tóftarinnar er smáhólf um 2x1 m að innanmáli. Inngangur hefur verið við SV horn á vestari langveggnum. Þar liggur gata frá tóftinni gegn um þýfið umhverfis. Ferköntuð gröf er um 1 m frá SV horni tóttarinnar. Þessi gröf er um 2x1 m, og um 80 cm djúp. Einhverskonar hleðsla er kring um hana. Fjárgötur liggja bæði meðfram norður og suður hliðum tóftarinnar. Vera kann að þetta sé hið upprunalega Grásteinssel sem beitarhúsin á Eyvindará hafi síðan dregið nafn sitt af.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: HH 1996, 3

SM-020:032 tóft 65°15.986N 14°19.984V

Tóft þessi er staðsett á milli Miðhúsaár og Seyðisfjarðarvegar um 4 m suður af stærri tóft. Mjög lyngi gróin og útflött tóft. Mjög lyngi gróin og útflött tóft. Hún er ferhyrnd um 4x2 m á stærð og veggjahæð um 0,3 m. Þessi tóft stendur nokkuð hátt yfir umhverfið. Inngangur hefur verið í vestur. Ekki er neitt grjót sjáanlegt í hleðslum.

Hættumat: hætta
Heimildir: HH 1996, 3

SM-020:033 stekkjartóft 65°15.985N 14°19.915V

Um 14 m SA af seltóftum við Miðhúsaá og um 4 m. ofan við hyl í ánni er ferhyrnd tóft sem byggð hefur verið utan í lága brekku þannig að brekkan myndar einn veggja hennar. Tóftin er 6x3 m og veggjahæð um 0,4 m. Hleðslurnar eru grónar grasi og lyngi en ekki sést grjót í þeim. Inngangur hefur verið við SV horn hólfsins. Gata liggur iður frá þessum inngangi.

Hættumat: hætta
Heimildir: HH 1996, 3

SM-020:034 tóft 65°16.280N 14°19.659V

Tóftin er staðsett undir Lönguhlíð hér um bil beint upp af Grásteinsseli aðeins um 2 m. neðan núverandi Seyðisfjarðarvegar. Tóftin er mjög fornleg, gróin og þýfð. Hún er nær eingöngu

vaxin lyngi og er aflöng 17x3,5 m að innanmáli og er hleðsluhæð um 0,4 m. Veggir eru svo útflattir að þeir eru um 2 m þykkir á köflum. Nyrðri endi tóftarinnar liggur á bakka lítils lækjar. Þar eru veggirnir eitthvað veigaminni og kann að vera að smærra hólf (e.t.v. heystæði) hafi verið í þeim helmingi tóftarinnar.

Hættumat: mikil hætta vegna rasks
Heimildir: HH 1996, 3

SM-020:035 *Eyvindarárbrú* heimild um brú
Á þjóðvegi til Seyðisfjarðar og Borgarfjarðar. Þar var fyrst byggð sperrureist trébrú 1880.

Heimildir: HH 1996, 2

SM-020´:036 *Fjárhúsholt* örnefni fjárhús
Austur af Eyvindarárbænum, stutt ofan Úthéraðsvegar. Íbúðarhúsið Randaberg hefur nýlega verið byggt á holtinu yst. Ekki fannst neitt fjárhús við skráningu þrátt fyrir mikla leit.

Heimildir: HH 1996, 2; Ö-Eyvindará, 5

SM-020:037 kvíatóft
Smáhóll um 250 m NA af bænum skammt utan túns. Sunnan til í hólnum er hálfhringlaga dæld og framan hennar hálfhringlaga garðlag sem myndar um 7x6 m, hringlaga, rétt eða gripheldi einhverskonar. Um 25 m NA réttarinnar er ferkantað hólf, 4x2 m, sem er byggt utan í hólinn og myndar hann annan langveggja tóftarinnar. Dyr eru til SV og garðlag liggur frá horni tóftarinnar á um 20 m kafla í átt til réttarinnar. Garðurinn endar um 5 m frá réttinni.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: HH 1996, 2

SM-020:038 *Vaðhólmi* örnefni vað
Í Eyvindaráa skammt austan Sandhóla.

SM-020:039 *Sæmundarmór* örnefni
Rétt neðan við túnið. Í móunum er mýrarsund og var það kallað Sæmundarsund.

SM-020:040 stekkjartóft 65°16.364N 14°21.438V
Tóftin er staðsett undir brekku um 150 metra N frá Seyðisfjarðarvegi og um 50 m norðan við stekk þann sem standur í Bjargmóum. Tóftin stendur á grösugum bala rétt neðan brekku, en neðan hennar eru mjög þýfðir móar. Þarna eru tvö hólf, líklega fjárhús og gripheldi. Fjárhúsið er ferkantað hólf, 3x7 m. Hleðslurnar standa í um 1 m hæð og eru en nokkuð heillegar þó svo að grjót sjáist hvergi í þeim. Inngangur er úr tóftinni á NV hlið hennar yfir í stærra hólfið. Það er 3x9 m og er inngangur í það í horninu þar sem hleðslur hólfanna tveggja mætast.

Hættumat: engin hætta

SM-020:041 hola kolagröf 65°15.979N 14°22.877V
Í þýfðum lyngmóa utan við Eyvindarárbrúna um 20 m neðan við Seyðisfjarðarveg og álíka langt utan gaddavírsgirðingar. Í móanum hefur verið verið sáð birki sem nú er u.þ.b. 1 m hátt. Gröfin er 1,5x1,5 m og er hleðsluhæð 0,5 m. Óregluleg en nokkuð hringlaga. Um 1 m þykkir veggir eru umhverfis gröfina, mjög grónir og nokkuð hrundir inn á við. Uppblásnar þúfur eru utan við gröfina og í þeim sést mikið af viðarkolum.

Hættumat: hætta vegna rofs

SM-020:042 hola mógrafir

Utan við Seyðisfjarðarveg í mýrarsundi ofan við Bjargmóa. Jarðstrengur liggur út eftir sundinu, merktum með rauðum og gulum stikum. Lækur rennur suður eftir sundinu. Staðurinn er austan við ás þar sem Bjargmóar eru, út af Steinholti.

SM-020:043 þúst

Í mýrarsundi neðan við Bjargmóa um 50 m utan við Seyðisfjarðarveg. Hún er umflotin vatni. Tóttin er um 2x2 m. Þetta er hringlaga upphækkun sem stendur um 40 sm hærra en mýrin. Þetta er greinileg hleðsla en innan hennar var einhverskonar uppfylling. Þetta kann að hafa verið heytótt eða e.t.v. í einhverjum tengslum við jarðstreng sem liggur í gegnum mýrina á þessum stað.

Hættumat: hætta vegna vatnsaga

SM-020:044 garðlag 65°16.343N 14°21.968V

Í mýrinni sunnan og ofan Randabergs norðan Seyðisfjarðarvegar. Þarna liggja nokkrir lágir samsíða garðar í mýrinni, líklega ætlaðir til að veita vatni út mýrinni niður í læk sem rennur í gegn um mýrina.

Hættumat: hætta vegna rofs

SM-020:045 heimild um útkirkju

EYVINDARÁ Í EIÐAÞINGHÁ (SM) (EIÐAÞING) - Tómasi - HÁLFKIRKJA. 1598: hálfkirkja

Heimildir: AM 263 fol. bl. 99

SM-020b Þuríðarstaðir

Þuríðarstaðir voru innsta jörð í Eiðaþinghá áður en Egilsstaðahreppur var stofnaður. Bæjarins er ekki getið í Austfirðingasögum en “gömul munnmæli segja að Þuríður blákinn, systir Gróu á Eyvindará hafi búið á Þuríðarstöðum, og við hana sé bærinn kenndur” segir í Örnefnaskrá. Jörðin er ekki til í manntali 1703 og ekki nefnd í jarðatali 1847 en er kölluð eyðijörð í fasteignamati 1961[1861?]. Ef til vill hafa Þuríðarstaðir upphaflega byggst úr landi Eyvindarár. Þuríðarstaðir voru og eru enn Eiðastólsjörð og er fyrst talin með Eiðajörðum í Gíslamáldaga 1575. Byggð virtist hafa verið eitthvað slitrótt fyrr á öldum og jörðin fór í eyði 1905. Hún tilheyrði nú Egilsstöðum. SJM II, 205-6 Ö-Þuríðarstaðir.

Bærinn stóð á bakkahorni niður við Eyvindará skammt innan við þar sem áin mætir Fagradalsá. Lítill túnbali er umhverfis túnið. Inn dalinn liggur grösug mýri milli fjalls og ár. Ofan mýrar er algróin hlíð Gagnheiðar. Kring um bærinn eru stórgrýtisurðir, nokkrar grónar og góð beitarlönd. Engjar voru hér og þar um landið og fengust af þeim um 50 hestar af góðu heyi. Fé frá Eiðum var rekið þar til beitar meðan fjárbú var á Eiðum. SJM II, 205-6 Ö-Þuríðarstaðir

SM-020b:001 *Þuríðarstaðir* bæjarhóll bústaður 65°10.714N 14°18.097V

Bærinn stóð á allháum hóli nálægt brekkurótum. Túnblettur var þar fyrir utan og ofan. Bæjarstæðið er vel varðveitt, bæjartóttin og útihús greinileg. Einnig eru túngarðsleifar, traðir og brunnur í bæjarlandinu. Gömul gata sést sumsstaðar á leiðinni út dalinn frá Þuríðarstöðum. Framhlið bæjarhúsatóttanna snýr vestur. Heildarlengd hólsins er um 25 m. Veggjaþykkt u.m.b. 1,5 m og veggjahæð er einnig um 1,5 m. Göng hafa legið úr bæjardyrum til fjögurra vistarvera. Bærinn hefur staðið framan til á löngu halli ofan við sléttlendið við ána. Neðan við hallið er grjótröð eins og túngarður, en virðist ekki hafa verið lokið við hann, ellega grjót

verið tekið út honum til annarra nota.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: HH 1996, 8

SM-020b:002 útihúsatóft 65°10.718N 14°18.152V
Tóftin stendur frammi á brekkubrún og er um 7 m neðan (NV) bæjartóttarinnar. Þetta eru tóftir sambyggðra húsa. Tvöföld grjóthleðsla er í veggjum. Veggjaþykkt er um 1,5 m og vegir standi í allt að 1 m hæð. Veggir eru grónir sinu.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: HH 1996, 8

SM-020b:003 þúst 65°10.714N 14°18.097V
Um 5 m suðvestan bæjaróftarinnar er hóll, um 10x5 m og eru á honum ummerki einhverra mannvirkja. Veggjaskipulag er ekki greinilegt.

Hættumat: engin hætta

SM-020b:004 þúst
Um 35 m NV bæjarhúsanna er ílangur 4x11 m langur hóll sem greinilega hefur verið einhverskonar mannvirki. Einungis sjást ógreinilegar útlínur lítils 2x2 m hólfs við norðurenda hólsins.

Hættumat: engin hætta

SM-020b:005 brunnur vatnsból 65°10.714N 14°18.097V
Tveir brunnar, annar heima við bæjarhúsin, hinn um 40 metra frá þeim. Lindarlæk hefur verið veitt heim að bænum þannig að þessir tveir brunnar hafa myndast. Brunnurinn við bæjarhúsin er um 1 m í þvermál, upphlaðinn en ekki sést hvort hann er grjóthlaðin að innan.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: HH 1996, 8

SM-020b:006 hleðsla traðir 65°10.714N 14°18.097V
Niðurgrafnar traðir liggja upp á bæjarhólinn sunnan frá og út á milli húsanna og sjást einnig greinilega utan við bæjarstæðið.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: HH 1996, 8

SM-020b:007 útihúsatóft 65°10.745N 14°18.030V
Útihúsatóft stendur um 60-70 m ofan bæjarstæðis Þuríðarstaða. Tóftin er grjóthlaðinn um 3x2 m að stærð. Gjót sést í öllum veggjum. Dyr hafa verið að ofan til austurs.

Hættumat: engin hætta

SM-020b:008 2 tóftir+garðlag útihús 65°10.745N 14°18.030V
Tvær útihúsatóftir standa innst á túni á Þuríðarstöðum um 50 m SA bæjarstæðisins, rétt norðan Þuríðarstaðaár. Þetta eru tvö greinileg hús og ógreinilegir veggir einhverrar byggingar eða garðs. Efsta húsið er um 2x4 m, með dyr til SV. Tvöfaldir grjótveggir og sést grjót víða í veggjum. Veggjahæð og breidd eru um 1 m. Um metra framan og neðan hússins er ógreinilegur garður um 30 cm á hæð og 40 cm breiður, innanmál um 2x3 m. Um 15 m sunnan og neðan þessara tófta, frammi á barði, er þriðja tóftin, um 2x4 að innanmáli. Hún er einnig hlaðin með tvöfaldri grjóthleðslu og eru dyr til vesturs. Við vesturhlið hefur verið grafinn mjór skurður e.t.v. til að veita frá vatni. Um metra austan tóftarinnar eru 4 steinar hlaðin í kring um einhverskonar holu.

Hættumat: engin hætta

SM-020b:009 3 tóftir beitarhús
"Innan við túnið á Þuríðarstöðum er Þuríðarstaðaáin. Þar fyrir innan heita Grundir. Á Grundunum eru rústir af beitarhúsum, nafnlausar" Segir í örnefnalýsingu. Þar eru þrjár greinilegar tóftir. Sú stærsta er lengja þriggja sambyggðra húsa. Fjárhús og áföst hlaða norðan við og er innangengt á milli. Þriðja hólfið er sunnan við en ekki virðist hafa verið innangengt í það. Veggir eru torf og grjóthlaðnir og vel grónir sínu. Veggjaþykkt og hæð eru um 1 m. Sex metrum neðan þessara húsa er tótt um 3x11 m og hefur timburþil snúið fram í dalinn. Þessi tóft er öllu máðari og ógreinilegri en sambyggðu húsin. Um 8 m sunnan þessara tóftar eru leifar þriðju húsanna. Þessi tóft er mjög gróin og hlaupin í þúfur en virðist hafa verið þrjú sambyggð smáhólf sem kann að benda til þess að þetta hafi verið stekkur. Stærstu húsin standa á dálitlum hóli og er ekki ólíklegt að það sé byggt á leifum eldri húsa. Sérstaklega er þýft vestan við tóftina en ekki sést þar neitt veggjalag. Niðurtroðnar traðir liggja frá fjárhúsinu að stóru tóftinni neðan við.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: HH 1996, 8; Ö-Þuríðarstaðir, 3

SM-020b:010 2 tóftir beitarhús 65°11.081N 14°18.689V
"Innan við Holtin er Stórilækur. þar nálægt eru rústir af beitarhúsum, nafnlausum" segir í Örnefnaskrá. Rústirnar liggja um 50 m utan við Stóralæk, sem rennur út hlíðinni um 1 km utan við bæjarstæðið á Þuríðarstöðum. Þarna eru tóftir tveggja samsíða fjárhúsa og liggur hlaða þvert aftan húsanna. Innangengt er úr nyrðra húsinu í hlöðuna en ekki hefur verið innangengt í syðra húsið. Dyr eru á báðum húsum fram í dalinn. Veggir eru grjóthlaðnir og standa mjög vel og sést víða grjót. Veggir eru grjóthlaðnir og standa mjög vel og sést víða grjót. Veggir eru grjóthlaðnir og standa mjög vel og sést víða grjót. Veggir eru allt að 2 m að þykkt og er veggjahæð mest 1,5 m. Áfast norðurvegg húsanna er garður eða hólf, um 3x6 m að stærð. Þetta hólf er ógreinilegra en húsin sjálf. Um 5 m neðan húsanna eru ógreinilegar útlínur garðs eða húss, 3x6 m að stærð. Þetta hólf liggur þvert á fjárhúsin. Hleðsla sést á einum stað. Stórþýft er neðan við beitarhúsin og kunna fleiri mannvirki að leynast þar en engin veggjalög sjást. Beitarhúsin standa á smá hóli sem er líklega til komin vegna endurtekna bygginga á svæðinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Þuríðarstaðir, 3

SM-020b:011 tóft 65°1.984N 14°18.528V
Um 60-70 m innan Stóralækjar uppi í hlíðinni er grjóthlaðin tóft. Tóftin er 3x5 m að stærð. Tóftin er nokkuð hrunin inn á við en einn veggur stendur þó vel. Veggir eru um hálfur metra á breidd og veggjahæð er mest um 60 cm. Dyr hafa verið í SV horni fram í dalinn.
Hættumat: engin hætta

SM-020b:012 *Eskifjarðarvegur* vegur leið
Liggur framhjá Þuríðarstöðum um Eyvindardal austanverðan og áfram um Tungudal yfir Eskifjarðarheiði til Eskifjarðar og Breiðuvíkur. Vegurinn lá á þessum stað fyrir aldamótin síðustu. Enn sést vel til hans og má ganga eftir honum víðast hvar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: HH 1996, 8

SM-020b:013 myllutóft
Um 30-40 m frá bæjarstæðinu, miðja vegu milli þess og Þuríðarstaðaár. Tóftin er 1x1 að

innanmáli og veggjahæð er um 0,7 m. Grasi grónir veggir.

Hættumat: hætta

SM-020b:014 réttartóft

Upp með Þuríðarstaðaá þar sem hún kemur úr gljúfrinu er rétt á eystri bakka árinnar. Réttin er þríhyrnd og grjóthlaðin utan í klett þannig að kletturinn myndar eina hlið hennar. Hver hlið hennar er um 10 m og veggjahæð um ,4

Hættumat: hætta vegna vatnsaga

SM-021 Uppsalir

Jarðarinnar er getið í Fljótsdælasögu, þar kallað gerðið Uppsalir. IF XI, 244. Hjáleiga Eyvindarár. "Eyvindarármörk eru við ána og liggja síðan upp rétt sunnan við tún á U til fjalls í vörðu á Fjarðarheiðarbrún skammt innan við járnmastrakrans (fjarskiptastöð) sem Flugmálastjórn á þar ásamt húsi og tveggja ha. bletti í landi U; síðan austur á vatnaskil á Fjarðarheiði. Ytri mörk við Finnastaði, eru utan við svonefndan Sigguhöfða við Uppsalaá, um Háubjörg ekki langt utan við bæ, fremst á nyrsta Snæfell á Fjarðarheiðabrún og áfram austur á vatnaskil." SJM II, 225.

1918: Tún 1,8 ha, garðar 95 m2. "Neðst í landinu eru þurrlendir leirmóar upp að vegi, síðan flatlendi, mýri, ræktuð nú, Uppsalablá. Þá er bærinn á brekkubrún og stendur hátt og gamla túnið." SJM II, 225.

SM-021:001 *Uppsalir* bæjarhóll bústaður

"Torfbær til íbúðar til ´45. Stafnar upp úr og báðar hliðar úr torfi. Óþiljað niður, en uppi alþiljað plægðum viði. Stærð um 5x6 m 2 skemmur með timburstöfum í vestur. (Rifnar um ´36 og byggðar úr þeim hlaða og fjárhús). Fjós og hlóðaeldhús austast í bæjarþorpinu. A.m.k. 6 útihús ´30. Þakjárn á öll hús ´36-´59:" Segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: Túnakort 1918; SJM II, 225

SM-021:002 *Ekru-hús* heimild fjárhús

"Yst og efst á túninu var nær afmarkað svæði - ár ávalur hóll- er hét Ekra. Yst á hólnum var fjárhús sem hét Ekru-hús og við það var hey-hlaða Ekruhlaða." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Uppsalir, 2

SM-021:003 *Miðhús* heimild fjárhús

"Nokkru neðar vestar var annað fjárhús, sem hét Miðhús og stuttu neðar þriðja fjárhúsið sem hét Ærhús." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Uppsalir, 2

SM-021:004 *Ærhús* heimild fjárhús

"Nokkru neðar vestar var annað fjárhús, sem hét Miðhús og stuttu neðar þriðja fjárhúsið sem hét Ærhús." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Uppsalir, 2

SM-021:005 lind brunnur

"Utan við bæinn var vatnsbólið, brunnur. Hann var alldjúpur ca 3 m og vatnið undið upp í skjólu sveifu sem fest var í járnfesti sem vafðist um tréöxul sem snúið var með sveif er fest var á enda hans, sem var efst í yfirbyggingu Brunnsins, sem var úr timbri. Frá bæjarhlaði lá upphlaðinn tröð, Brunnatröð. Hún klauf því sléttuna utan við bæinn ..." segir í

örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Uppsalir, 2

SM-021:006 *Brunntröð* heimild leið
“Utan við bæinn var vatnsbólið, brunnur. Hann var alldjúpur ca 3 m og vatnið undið upp í skjólu sveifu sem fest var í járnfesti sem vafðist um tréöxul sem snúið var með sveif er fest var á enda hans, sem var efst í yfirbyggingu Brunnsins, sem var úr timbri. Frá bæjarhlaði lá upphlaðinn tröð, Brunnatröð. Hún klauf því sléttuna utan við bæinn ...” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Uppsalir, 2

SM-021:007 heimild hesthús
“Skammt niður af bænum var Hesthús og enn neðan þó aðeins utar - var fjárhús sem hét Brekkuhús.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Uppsalir, 2

SM-021:008 *Brekkuhús* heimild fjárhús
“Skammt niður af bænum var Hesthús og enn neðan þó aðeins utar - var fjárhús sem hét Brekkuhús.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Uppsalir, 2

SM-021:009 garðlag túngarður
“Öll fjárhúsin stóðu við fornt garðlag sem umlukti túnið frá suðvestri til austurs að Ekru meðtalinni - Hinsvegar lá túnið að austan og sunnan að hálfdeigu mýrlendi, sem hét einu nafni Fit.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Uppsalir, 2

SM-021:010 *Brúnavarða* varða landamerki
“Upp til fjallsins er landamerkjalína úr Krókalækjarás, bein lína upp í Bjargaraðir í Merkjavörðu á Björgum, þaðan bein lína í Bjargarlæk, þá skálína í merkistein suðvestan við Arnarhraun, þaðan bein lína í grafning vestan við Lönguhlíðarhnaus, þá sjónhending í Brúnavörðu og til heiðar.” segir í landamerkjaskrá.
Heimildir: Landamerki milli Uppsala og Eyvindarás

SM-021:011 *Ekrugata* gata leið
“Í túninu voru götur, líklega stungnar í upphafi - sem lágu frá bænum í einskonar geisla til allra útihúsanna og hafði hver gata sitt tilsvarandi nafn: Ekrugata, Miðhúsagata, Ærhúsgata, Smiðjugata, Hesthúsgata, Eyvindarárgata. Hún lá til suðvesturs, í átt til mógrafa og umferðarleiðar þar sem nú liggur Út-Héraðsvegur.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Uppsalir, 3

SM-021:012 *Miðhúsagata* gata leið
“Í túninu voru götur, líklega stungnar í upphafi - sem lágu frá bænum í einskonar geisla til allra útihúsanna og hafði hver gata sitt tilsvarandi nafn: Ekrugata, Miðhúsagata, Ærhúsgata, Smiðjugata, Hesthúsgata, Eyvindarárgata. Hún lá til suðvesturs, í átt til mógrafa og umferðarleiðar þar sem nú liggur Út-Héraðsvegur.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Uppsalir, 3

SM-021:013 *Ærhúsagata* gata leið
“Í túninu voru götur, líklega stungnar í upphafi - sem lágu frá bænum í einskonar geisla til

allra útihúsanna og hafði hver gata sitt tilsvarandi nafn: Ekrugata, Miðhúsagata, Ærhúsgata, Smiðjugata, Hesthúsgata, Eyvindarárgata. Hún lá til suðvesturs, í átt til mógrafa og umferðarleiðar þar sem nú liggur Út-Héraðsvegur." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Uppsalir, 3

SM-021:014 *Smiðjugata* gata leið

"Í túninu voru götur, líklega stungnar í upphafi - sem lágu frá bænum í einskonar geisla til allra útihúsanna og hafði hver gata sitt tilsvarandi nafn: Ekrugata, Miðhúsagata, Ærhúsgata, Smiðjugata, Hesthúsgata, Eyvindarárgata. Hún lá til suðvesturs, í átt til mógrafa og umferðarleiðar þar sem nú liggur Út-Héraðsvegur." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Uppsalir, 3

SM-021:015 *Hesthúsagata* gata leið

"Í túninu voru götur, líklega stungnar í upphafi - sem lágu frá bænum í einskonar geisla til allra útihúsanna og hafði hver gata sitt tilsvarandi nafn: Ekrugata, Miðhúsagata, Ærhúsgata, Smiðjugata, Hesthúsgata, Eyvindarárgata. Hún lá til suðvesturs, í átt til mógrafa og umferðarleiðar þar sem nú liggur Út-Héraðsvegur." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Uppsalir, 3

SM-021:016 *Eyvindarárgata* gata leið

"Í túninu voru götur, líklega stungnar í upphafi - sem lágu frá bænum í einskonar geisla til allra útihúsanna og hafði hver gata sitt tilsvarandi nafn: Ekrugata, Miðhúsagata, Ærhúsgata, Smiðjugata, Hesthúsgata, Eyvindarárgata. Hún lá til suðvesturs, í átt til mógrafa og umferðarleiðar þar sem nú liggur Út-Héraðsvegur." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Uppsalir, 3

SM-021:017 heimild mógrafir

"Í túninu voru götur, líklega stungnar í upphafi - sem lágu frá bænum í einskonar geisla til allra útihúsanna og hafði hver gata sitt tilsvarandi nafn: Ekrugata, Miðhúsagata, Ærhúsgata, Smiðjugata, Hesthúsgata, Eyvindarárgata. Hún lá til suðvesturs, í átt til mógrafa og umferðarleiðar þar sem nú liggur Út-Héraðsvegur. ... Fremst í landi ofan við veginn er mógrafir miklar. Þar var tekinn svörður frá Eyvindará og Uppsölum, sitt hvoru megin við Krókalakinn." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Uppsalir, 3

SM-021:018 *Kvíagata/Kaupstaðagata* gata leið

"Enn var Kvíagata sem lá til Kvía á Kvíaholti ofan við Fitina austur af bænum. Frá Kvíahalla lá hún til suðausturs, allt til vegarins yfir Fjarðarheiði til Lönguhlíðarenda - syðri- og á þeim kafla kölluð Kaupstaðagata." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Uppsalir, 3

SM-021:019 heimild kvíar

"Enn var Kvíagata sem lá til Kvía á Kvíaholti ofan við Fitina austur af bænum." "Á því eru rústir af lítilli rétt eða kvíum og klettur sem veggur að hluta og heitir Kvíaklettur." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Uppsalir, 3, 5

SM-021:020 tóft stekkur

"Sunnan á því [Háabjargi] er lagðarhvilft. Í henni eru rústir af Uppsalastekk og syðst á bjarginu Merkjasteinn á landamörkum Uppsala og Finnastaða." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Uppsalir, 4

SM-021:021 heimild mógrafir
“Efst á Fitinni á milli holts og bæjar var um skeið mikill svörður. Hann reyndist vera á miklu dýpi, en vegna vatnsaga úr Ekrumýri náðist aldrei meiri dýpt en 14 rekustungur.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Uppsalir, 5

SM-021:022 heimild
“Örskammt frá þeim aðeins vestan en á miðjum ásnum [Uppsalaásnum] var stór steinn er hét Klofasteinn, klofinn í tvo misstóra hluta. Utar á ásnum er klöpp, umkring mel sem heitir Mósauðsmell. Á honum var eitt sinn smá torfkofi og í hafðist blind kona, sem verja átti engjasvæðið austan við ásinn með aðstoð hunds, og hrossabrests fyrir ágangi gripa allt frá voru til sláttarloka.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Uppsalir, 6

SM-021:023 heimild leið
“Út botninum er lægðardrag utan við melinn og áfram vaxandi til suðausturs með melnum allt niður í Uppsaladalinn sem í daglegu tali Dalur. Þessi lagðarsneiðingur er kallaður Heybandsstakki.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Uppsalir, 6

SM-021:024 heimild mógrafir
“Út botninum er lægðardrag utan við melinn og áfram vaxandi til suðausturs með melnum allt niður í Uppsaladalinn sem í daglegu tali Dalur. Þessi lagðarsneiðingur er kallaður Heybandsstakki. ... Mógrafir fremst í Dalnum.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Uppsalir, 6

SM-021:025 heimild smalakofi
“Uppsalalækur á upptök sín á mýrarhöllum uppundir brúnum, Fjarðarheiðar ofan Kofamela ... Á Kofamel höfðu smalar byggt sér kofa til afdreps í hjásetunni.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Uppsalir, 7-8

SM-021:026 heimild stekkur
“Uppsalalækur á upptök sín á mýrarhöllum uppundir brúnum, Fjarðarheiðar ofan Kofamela og fellur síðan utan við þá niður í Kappladal. Þar sveigir hann fyrir syðri enda Kapplahnjúka og áfram utan við Lönguhlíðarhrauns og þaðan næst þráðbeint niður fjallið og áfram uns hann sveigist út fyrir það ofan við Dalinn sem heitir Stekkjarhraun. utan við það er slétt bogamynduð grund og heitir Stekkjargrund. Á henni miðri voru rústir af stekk.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Uppsalir, 7

SM-021:027 *Uppsalasel* heimild beitarhús
“Ofan við Stekkjarhraun er hálfdeigjulægð, en ofan við hana - innan við lækinn er hæðaland, sem kallast Höfðar - en samhliða þeim utan lækinn er hálfdeigjuland, sem er hallandi suðvestur til lækjarins og heitir Enni. Þar var oft heyjað, einkum meðan fé var haft á beitarhúsunum Uppsalasel en þau voru rétt ofan við Ennin, rétt við Uppsalafjallsins.” segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Uppsalir, 7

SM-021:028 varða landamerki
Landamerki: “Upp til fjallsins er landamerkjalína úr Krókalækjarás, bein lína upp í Bjargaraðir í Merkjavörðu á Björgum ...”

Heimildir: Landamerki milli Uppsala og Eyvindarás

SM-022 Miðhús

12 hndr 1847. Jörðin hefur verið bændaeign frá fornu fari þangað til 1959 er Skógrækt ríkisins keypti hana. Árið 1967 keyptu ábúendur búlið. Talið er að Miðhús hafi upprunalega byggst úr Eyvindarárlandi. Á Miðhúsum voru vegamót. Þar lágu í gegn götur yfir Fjarðarheiði og gamla kaupstaðaleiðin til Eskifjarðar og Breiðuvíkur. Gamla íbúðarhúsið (líklega byggt um 1884) sem enn er uppistandandi var notað sem vertshús og fundarstaður. Nýbýlið Steinholt var að miklu leyti byggt út landi Miðhúsa 1947. SJM II, 207-208; Ö-Miðhús.

“Miðhúsalandi hallar öllu mót norðvestri frá Gagnheiði og niður í Eyvindará. Mikill birkiskógur vex í Miðhúsalandi allt upp í 300 m hæð. Miðhúsaá rennur í geng um landið og í Eyvindará rétt innan við túnið. Í fasteignamati 1918 eru tún talin 2,6 ha., taða 60 hb og úthey 100hb. Rétt fyrir 1960 lauk sléttun túnþýfis þótt hún hafi hafist löngu fyrr. Tún voru bæði þak- og vélsléttuð. Í Sveitum og jörðum segir: “Gamla túnið var kargaþýft og fremur harðlent, engar aðallega á mýrum út af túni, annars dreifðar og víðast þýfðar, ekki votar til baga, heygóðar. Beitiland gott fyrir allan pening, skýlt og nærtækt”. Mótal og torfrista voru góð og skógur til eldsneytis. Gott var þar rjúpuland. SJM II, 207-208; Ö-Miðhús.

SM-022:001 *Miðhús* bæjarhóll bústaður 65°15.852N 14°22.148V
Í túni ofan og austan við Miðhús(eldra íbúðarhúsið). Ílangur hóll, 48x20 m, sem snýr NV-SA. Þetta kann að vera óraskaður bæjarhóll þó svo að engar heimildir séu um búsetu á hólnum. Einhverjar dokkir eru á hólnum en þar munu hafa verið ræktaðar kartöflur á seinni tíð. Ekki sjást neinar tóftarmyndir.

“Rústirnar á Miðhúsum voru ekki kannaðar með skurðum sumarið 1996, heldur eingöngu með jarðbor. Rústasvæðin eru tvö. Annað þeirra liggur steinsnar frá fundarstað silfursjóðsins en hitt er hóll sem stendur að baki gamla íbúðarhússins á Miðhúsum, í daglegu tali kallaður Sturluhól. Hóllinn var sléttaður út fyrir nokkrum áratugum og hann notaður sem kartöflugarður. Rústirnar eru því ekki sjáanlegar á yfirborðinu. Jarðborssýni benda til þess að jhætt hafi verið að nota fyrrnefndu rústirnar á 13. eða 14. öld en hlutverk þeirra er enn óljóst, því ekki náðist í nein gólflög þar. Sturluhóllinn byggðist greinilega upp á mannvistarlögum upp úr og niður úr. Líklegt má telja að í honum séu bæjarhús falin, því jarðborinn sýndi fram á torfhleðslur og gólflag, sem sennilega er úr íveruhúsi frekar en útihúsi. Í gólflaginu fannst lítil víðigrein, sem send var til kolefnisaldursgreiningar, en niðurstöður greiningarinnar hafa enn ekki borist.”

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Miðhús, 3; SK 1996; Steinunn Kristjánsdóttir: “Rannsóknir á fornum rústum á Austurlandi”, 15

SM-022:002 hús 65°15.861N 14°22.207V
Húsið stendur á gamla bæjarstæðinu ofan eldra íbúðarhússins, milli þess og Sturluhóls. Þetta er gamalt forskalað timburhús, nú að hruni komið, byggt sem frammihús við torfbæ, að talið er um 1884. Þar er Búnaðarskólinn á Eiðum talinn stofnaður. Húsið er að hruni komið.

Hættumat: mikil hætta vegna ábúðar

SM-022:003 *Miðhús* bæjarstæði bústaður 65°15.861N 14°22.207V
Var þar sem gamla vertshúsið 002 stendur nú. Þarna stóð torfbærinn síðast, en leifar hans eru nú algerlega horfnar og voru þær sléttaðar

Hættumat: engin hætta

SM-022:004 *Silfurjóður* gripir
Silfursjóðurinn fannst um 1 m út frá SV horni einbýlishúss Eddu Björnsdóttur og Hlyns Halldórssonar. Sjóðurinn fannst 31 ágúst 1980 vegna jarðraks vegna byggingaframkvæmda. Hann var þegar kannaður af Kristjáni Eldjárn og Þór Magnússyni. Var sendur til frekari rannsóknar til Kaupmannahafnar 1995. Eldbrunnir steinar (eldstæði eða smiðja?) fundust í um 3-4 metra fjarlægð frá fundarstað sjóðsins hið sama haust.

Heimildir: Þór Magnússon: 'Silfursjóður frá Miðhúsum í Egilsstaðahreppi.' *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1980*, 5-20.

SM-022:005 heimild um kolagröf 65°15.861N 14°22.311V
Í vegastæði um 20 m suður frá húsi Eddu og Hlyns. Svæðið kannað í september 1996, en þá komu minjar í ljós þegar unnið var að endanlegum frágangi heimreiðar. Auk kolaleifa fundust leifar torfhleðslu.

Heimildir: Óbirt skýrsla Safnastofnunar Austurlands

SM-022:006 *Hólhús* fjárhústóft 65°15.862N 14°22.108V
"Út og upp (A) á túni var fjárhús, sem nefnt var Hólhús" segir í Örnefnaskrá. Tóftin er á lágur mól beint upp af bænum efst í gamla túninu. Tóftin er aflöng, mjög gróin og fremur óljós en hún hefur skemmst við sléttun túna. Einnig kann hún að hafa verið niðurgrafin að einhverju leyti. Fjárhús er 3,5x10m en hlaðan er 3x6m. Mjög ógreinilegar útlínur húss eða garðs má greina framan og norðan við tóftina. Innanmál þeirrar tóftar eru um 5x9 m en hún er mjög útflött og ógreinileg.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

SM-022:007 garðlag túngarður 65°15.909N 14°22.282V
Á hólbrún ofan við trjáreit með birki, greni, ösp og fl, um 30-40 metra norður af húsi Eddu og Hlyns. Garðurinn liggur í átt að eldra íbúðarhúsinu (NV-SA). Hann er mjög gróinn og ógreinilegur á kafi í þýfi og gróðri. GPS hnit tekin við NV enda garðsins, sem er of ógreinilegur til að hægt sé að rekja hann frekar.

Hættumat: hætta

SM-022:008 hrútakofatóft 65°15.904N 14°22.103V
Upp á melhæð nokkru utar og neðar en Sturluhól, um 15 m NA við gamla vegastæðið heim að Miðhúsum. Þetta er ferköntuð smátótt 3x2,8 m, mjög gróin. Garði sést fyrir miðju og dyr eru e.t.v. á NA hlið.

Hættumat: hætta

SM-022:009 *Stórusteinar* garðlag 65°15.913N 14°22.220V
Norðan gamla túngarðs beint út af hlöðunni. Veggjabrot liggja milli stórra jarðfastra steina. Veggjaþykkt 2-3 m, mjög jarðsokknir veggir, sundurslitnir og signir. Ílangur hóll er að norðanverðu. Hann er líklega tilkominn vegna einhverja mannvirkja en engin garðlög eru sýnileg. Garðurinn er sundurslitinn af gömlum vegaslóða.

Hættumat: mikil hætta vegna rasks

SM-022:010 *Stórusteinar* garðlag 65°15.931N 14°22.220V
Innan af vegastæði það er sker í sundur garðinn sem nefndur er hér á undan, 009,. Kann að vera framhald af 009. Veggirnir eru ógreinilegir og allir hlaupnir í þúfur, vaxnir kafgresi og punti.

Hættumat: mikil hætta vegna rasks

SM-022:011 tóft 65°15.928N 14°22.164V
Á holtinu utan við bæinn rétt utan gamla túngarðsins. Þetta eru tveir smákofar 2,5x1,5 m, byggðir utan í stóran stein. Kunna að hafa verið leikkofar byggðir af börnum.

Hættumat: hætta vegna trjáræktar

SM-022:012 garðlag 65°15.928N 14°22.164V
Á holtinu utan við bæinn, utan gamla túngarðsins. Þarna er ferkantaður garður, 8x7 m, byggður utan í stóra jarðfasta steina. Hleðsluhæð er mest um 0,8 m. Frá þessari tóft liggur reiðgata í átt til gamla Seyðisfjarðarvegar.

Hættumat: hætta vegna trjáræktar

SM-022:013 *Seyðisfjarðarvegur* vegur leið 65°15.998N 14°22.024V
Gamli Seyðisfjarðarvegurinn liggur uppp yfir bæjarhálsinn (Miðhúsahálsinn). Liggur NV-SA yfir mólendi út að Miðhúsum og sést þar vel. Í móanum hefur verið pantað birkihríslum.

Hættumat: hætta vegna rofs
Heimildir: HH 1996, 5

SM-022:014 mannabein
Óglögg steinröð innst á Bæjarásnum, rétt ofan við veginn, ofan efsta sumarhússins. Lærleggur út hesti fannst þarna fyrir nokkru og var steinaröð í kring. Mjög óvíst er hvort þarna er legstaður.

Heimildir:

SM-022:015 *Sturlasel/Sturlusel* beitarhúsatóft 65°15.673N 14°20.865V
Í landi Miðhúsa ofan við Selás og Sellæk. “Utan við Grágæsarhöfða er Sturlasel, beitarhús frá Miðhúsum (aflögð ... “ segir í Örnefnaskrá. Þarna hefur verið sel í eina tíð en síðar beitarhús fram á miðja þessa öld. Túnblettur í kring um tóftina.

Þarna er túnblettur á kúpulaga holti og eru tættur beitarhúsa á kjalarlaga hóli í miðju túni. Stærsta og nýlegasta tóftin er fjárhús og hlaða. Fjárhúsið er 13x9 m en hlaðan fyrir enda þess 3x9 m með um metra breiðum garða norðan fyrir miðju hússins. Hæð vegghleðslu er mest 1,5 m. Við NA hlið fjárhússins er áfast smærra hólf um 3x10 m. Framan við fjárhúsið um 1 m frá framstafni þess eru mjög grónar leifar hólfs um 3x7 m. Tóftirnar eru mjög greinilegar. Fjárhúsið hefur verið hlaðið úr grjóti og torfi en bárujárn á þaki. Smærri hólfin tvö eru grónari. Húsin voru í notkun fram um 1960, en ekki er vitað hvenær þau voru byggð.

Hættumat: hætta
Heimildir: HH 1996, 5; Ö-Miðhús, 3

SM-022:016 tóft 65°15.673N 14°20.865V
Um 10 metra ofan við beitarhúsin á Sturlaseli, austan megin í hólnum er ferhyrnd smátóft. Kringum hana eru mishæðir og þúfur sem kunna að vera leifar annarra bygginga en ekki er neitt lag á þeim.

Hættumat: hætta

SM-022:017 tóftir 65°15.673N 14°20.865V
Á kolli hólsins og austan við þar sem beitarhúsin standa er kraðak þústa og mishæða sem eru líklega tóftarleifar, en þær eru mjög ógreinilegar og máðar.
Hættumat: hætta

SM-022:018 2 tóftir 65°15.640N 14°20.744V
Efst innan túngarðs í SA frá hóli með beitarhúsatættum. Þetta eru tvær samliggjandi tóftir. Yngri tóftin er 2x7 m, áföst við SV hlið hennar er önnur tóft um 4x4,5 m. Túngarður liggur í sveig við austurhlið tóftarinnar áfastur þeim.
Heimildir: HH 1996, 5

SM-022:019 *gjallhaugur* heimild 65°15.673N 14°20.865V
Við túnjaðarinn að vestan, skammt frá Sellæk. Fannst ekki við skráningu 1996, haft eftir Páli Pálssyni.
Heimildir: HH 1996, 5

SM-022:020 garðlag túngarður 65°15.662N 14°20.844V
Það mótar fyrir túngarði ofan (A) og utan (N) túnsins. Garðurinn er mjög útflattur, þýfður og lyngi vaxinn. Hann er greinilegur á um 250 m kafla. Hann liggur í sveig, austur fyrir túnið og út yfir mýrarsund til norðurs. Eystri hluti túnsins stendur á holti ofan hólsins með beitarhúsatættunum. Garðurinn er mjög greinilegur í sveig utan um þetta svæði en innan þess eru fleiri garðar sem hólfa það niður. Smáhólf eða rétt er við SV enda garðsins. Garðbrotið sem liggur yfir mýrarnar og norður fyrir beitarhús er mun slitróttari en garðurinn austan í túninu.
Hættumat: hætta
Heimildir: HH 1996, 6

SM-022:021 réttartóft 65°15.662N 14°20.844V
Ferhyrnt hólf er við Sv horn garðsins 020, þar sem hann liggur utan um eystri enda túnsins. Réttin er ferhyrnd um 6x4 að innanmáli og er veggjahæð 0,4 m. Veggir eru nokkuð grónir og engar hleðslur sjást.
Hættumat: hætta
Heimildir: HH 1996, 5

SM-022:022 heimild 65°15.662N 14°20.844V
"Á móaholti utan við mjótt mýrarsund eru einhverjar tóftarmyndir. Mjög þýft." Fannst ekki við skráningu 1996.
Heimildir: HH 1996, 5-6

SM-022:023 heystæðistóft
Í mýrarflóa, Seldal svokölluðum, neðan og sunnan lækjar um 200 m beint SV af Sturlaseli. Rétt neðan birkivaxinnar hlíðar. Grasi gróin tóft, 6x3 m veggjahæð 0,5 m. Tóftin er öll þýft að er staðsett í mýrarþýfi.

SM-022:024 *Taglarétt* réttartóft 65°15.214N 14°21.942V
"Framan við Miðhúsaá neðst, er svæði sem kallað er Tögl. Þar er skilarétt sem heitir Taglarétt. Utan við réttina er smáholt sem heitir Réttarholt" segir í Örnefnaskrá. Réttin stendur á hálf-hringlaga tanga sem Eyvindaráin myndar um 1 km innan við Miðhús. Réttin er grjóthlaðin á milli kletta er standa frammi við Eyvindará og er mjög óregluleg í laginu. Réttin var notuð fram á 7. tug þessarar aldar. Einhver hætta stafar af hruni úr veggjum réttarinnar og

e.t.v. ágangi árinnar sem rennur í stríðum streng sunnan hennar.

Hættumat: hætta vegna vatnsaga

Heimildir: HH 1996, 6

SM-022:025 náma mógrafir 65°15.328N 14°22.026V

Í grafningi sem liggur til NV frá nyrðri enda Taglaréttar. Þarna eru ein kringlótt og nokkrar ferkantaðar grafir e.t.v. svarðargrafir. Grafir þessar eru lyngi og birki vaxnar og er gras í botni þeirra. Hringlaga gröfin er um 1,5x1,5 m að þvermáli með hlöðnum veggbrúnum um 40 sm háum. Þykkt veggjanna er um 1,5 m. Kola- og mógrafir eru um allan skógin.

Hættumat: hætta

SM-022:026 fjárhústóft 65°15.338N 14°21.925V

Utan við Taglarétt á skóglausu holti er fjárhús og hlöðutóft. Fjárhúsið er um 9x3 m að innanmáli. Hlaðan er áföst aftan við og er um 3x1,5 m. Veggjaþykkt er um metri að breidd og veggjahæð er um 20-30 sm. Dyr eru til vesturs. Tóftin er mjög máð og sinugróin. Mjög lítið grjót virðist í tóftinni. Lítil hola um 80 cm í þvermál og 50 sm djúp, með hlöðnum veggja um er grafin inn í melinn fáeina metra norður af tóftinni.

SM-022:027 *Ytrasel* heimild um beitarhús

Inn af Kiðustekkshöfða, innan við Miðhúsaá í tungu milli hennar og Sellækjar. Fyrrum beitarhús frá Miðhúsum, e.t.v. hefur fyrrum verið þarna sem frá Eyvindará. Árið 1948 voru byggð þar fjárhús sem enn standa á gömlu beitarhúsatættunum.

Heimildir: HH 1996, 4; Ö-Steinholt, 3-4

SM-022:028 myllutóft

Um 6 metra frá ánni innan við túnið var vatnsmylla frá Miðhúsum. Tóftin sést enn, 3x1,5 m og 1 m í vegghæð. 80 m löng vatnsrás liggur út ánni í N í átt til myllunnar og þar aftur út í ána. Um 13 m frá myllutóftinni greinist vatnsrásin í tvennt og liggur annar farvegurinn fast við austurvegg myllunnar. Tóftin mun á seinni tíð hafa verið leikstaður barna. Framan við mylluna er svokallað Mylluvað.

Heimildir: Ö-Steinholt, 3

SM-022:029 *Mylluvað* heimild um vað

Um 6 metra frá ánni innan við túnið var vatnsmylla frá Miðhúsum. Framan við mylluna er svokallað Mylluvað.

Heimildir: Ö-Steinholt, 3

SM-022:030 *Ferðamannavað* heimild um vað 65°15.931N 14°20.659V

Upp af Kiðustekk við “Bugur” í ánni. Ein aðalleiðin inn í dalinn. Þarna liggur vegaslóði inn á tún á Steinholti.

Heimildir: HH 1996, 4

SM-022:031 *Smalaskáli* örnefni smalakofi

“Suður og upp af Fardagafossi í Miðhúsaá er melbunga sem heitir Smalaskáli” segir í Örnefnaskrá. Ekki er vitað um neinar tóftir þar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HH 1996, 4; Ö-Steinholt, 4

SM-022:032 heimild um landamerki

Á Miðhúsaási ASA af Miðhúsum innan við veginn er lítill klettur merktur (að SV) með

stöfunum L.M. segir í Örnefnaskrá. Steinn er ekki finnanlegur nú.

Heimildir: Ö-Steinholt, 2

SM-022:033 hola kolagröf 65°16.136N 14°21.071V
Ofan við bæinn, við ána. Vegur liggur frá Steinholti upp á höfðann. Á höfðanum eru kolagrafir, a.m.k. ein innan við vegaslóðann og 2-3 utan við hann.

Hættumat: hætta

Heimildir: HH 1996, 4; Ö-Steinholt, 4

SM-022:034 *Kiðustekkshöfði* örnefni stekkur 65°16.136N 14°21.071V
Ofan við bæinn, við ána. Vegur liggur frá Steinholti upp á höfðann. Á höfðanum eru kolagrafir, a.m.k. ein innan við vegaslóðann og 2-3 utan við hann. Ekki eru nein merki um stekk eða aðrar tóftir.

Hættumat: hætta

Heimildir: HH 1996, 4; Ö-Steinholt, 4

SM-022:035 stekkjartóft 65°15.964N 14°20.515V
Ofan við Bugur í ánni um 12 m utan árbakkans. Tóftin er ferhyrnd 7x9 og hleðsluhæð 0,7m. Tóftin hefur verið byggð í gömlum lækjarfarvegi þannig að hliðar hans munda langhliðar stekksins. Hleðslur eru þvert á farveginn með 9 m millibili. Inngangur hefur við í NA horni. Þetta hefur e.t.v. verið stekkur eða einhverskonar gripheldi.

Hættumat: hætta

SM-022:036 hola kolagröf 65°15.953N 14°20.469V
Um 10 metra ofar en rétt/stekkur ofan við Bungur í Miðhúsaánni. Stór kolagröf um 1,5x1 m, mjög lyngi vaxin. Fleiri grafir eru í móunum umhverfis.

Hættumat: hætta

SM-022:037 *silfurskúfuhólkur* gripir 65°16.078N 14°21.612V
Silfurskúfuhólkur fannst eitt sinn í túnstykki neðan nýrra íbúðarhússins. Ekki er að sjá ummerki um neinar byggingar þar.

SM-022:038 frásögn um heystæði 65°15.998N 14°21.612V
Heytóft var staðsett miðja vegu frá Miðhúsakíl, læk í túni, að Mylluvaði. Aflöng tóft sem stóð þar til fram um 1965, en hvarf þá við túnsléttun.

Hættumat: hætta vegna jarðræktar

SM-022:039 *Áningasteinn* heimild um áfangastaður 65°16.025N 14°20.153V
Rétt neðan við “gamla Grásteinssel” í vegakanti þar sem Seyðisfjarðarvegurinn beygir út frá Miðhúsaánni.” Steinn var ekki færður þegar nýi Seyðirfjarðarvegurinn var lagður en grjóti var hlaðið upp í kring um hann.

SM-023 Dalhús

6 hndr 1847. Talið er að að Dalhús hafi upphaflega byggst út úr Eyvindarárlandi en býlið er talin sjálfstæð jörð í jarðatali 1847. Innsti malarhóllinn heitir Kálfshóll og er þekktur úr Droplaugasonasögu. Á Kálfshól var afbýli frá Dalhúsum 1851-1863. Nú tilheyrir jörðin

Egilsstöðum og var nytjað af samvinnubúinu Búbót í Egilsstaðakauptúni um 1950. SJM II, 206; Ö-Dalhús; HS: Eyðibýlaskrá, 5

Ekki er um neitt eiginlegt undirlendi að ræða í þessum hluta Eyvindardals því öllu landinu hallar nokkuð niður að ánni. Þar er mishæðótt, víða hjallar og malarhólar, einkum innan til. Tún þótti gott á Dalhúsum, engjar voru góðar á harðvellisbökkum við Eyvindará, en litlar og mjög reytingssamar. Sauðaland var þar ágætt. Í fasteignamati 1918 voru tún 4,8 ha, taða 100 hb, taða 100 hb., úthey 50 hb. Túnsléttur voru 3192 m2, sáðreitir 300 m2. Tún voru dálítið þaksléttuð á 3ja og 4ða tug aldarinnar. Tún sléttað með jarðýtu 1950. Gott upprekstrarland en oft mikill ágangur af aðkomufé. Nokkur skógur, og var þar gott rjúpnaland. Slæm torfrista en góð svarðartekja. SJM II, 206; Ö-Dalhús; HS: Eyðibýlaskrá, 5

SM-023:001 *Dalhús* bæjarhóll bústaður 65°14.309N 14°20.089V
Þarna stóð baðstofa fram yfir 1970. Húsið var síðan brennt og sléttað yfir á 8. áratugunum. Engin veggjalög sjást á bæjarstæðinu, en það er nú mjög gróið og hlaupið í púfur. Þar er nú einungis þýfð upphækkun um 30x30m að ummáli. Dokkir eru á milli púfnanna en húsaskipan sést ekki. Á suðurhlið upphækkunarinnar er hlaðkantur á um 20 m svæði og sést enn grjóthleðslan í honum. Meðfram bæjarstæðinu að innan er uppþornaður lækjarfarvegur.

Hættumat: hætta
Heimildir: HH 1996, 7

SM-023:002 fjárhústóft 65°14.350N 14°20.192V
Yst og efst í túni er fjárhústóft. Í túni. Fjárhúsið er 13x3,5 með innangi til SV. Garði er efir því miðju. Aftan við og áföst er hlaðan og hefur verið innangengt á milli. Hún liggur þvert á fjárhúsið og er að grunnmáli um 7x3m. Grjóthlaðinn austurveggir í hlöðu stendur mjög vel. Á nokkrum stöðum sést grjót í veggjum en annars er tóftin öll mjög sinugróin. Veggjahæð er mest 2 m og veggjaþykkt um 1,5 m. Allt umhverfis tóftina er mjög stórþýft.

Heimildir: HH 1996, 7

SM-023:003 þúst mylla 65°14.307N 14°20.072V
Lækurinn innan við túnið kallast Myllulækur. Um 20 m innan við bæjarstæðið er grafin rás út úr læknum sem liggur aftur í lækinn um 12 m neðar. Ofarlega í rásinni er eins og smáhólf, um 3x1,5 m sem kann að vera leifar myllunnar sem lækurinn er kenndur við. Engar byggingarleifar sjást þó.

SM-023:004 tóft 65°14.287N 14°20.062V
Kofatóft er skammt innan við læk þann sem rennur innan við bæjarstæðið. Tóftin er tvíhólfa, nyrðra hólfið er 2x3 m að innanmáli, en syðra hólfið er um 2x2m Vegur um 1,5 m þykkur er á milli hólfanna. Kofinn er algróinn og sést hvergi í hleðslur. Dyr eru á nyrðra hólfinu til vesturs.

Hættumat: hætta

SM-023:005 heystæðistóft 65°14.350N 14°20.192V
Um 15 m ofan við skurð þann sem liggur ofan túnsins á Dalhúsum, beint ofan fjárhústóftarinnar yst í túninu, er ferköntuð smátóft. Hún er um 2x3,5 m og um 50 cm djúp, en veggir eru fremur ógreinilegir og hrundir. Þeir hafa verið um 40 cm að þykkt og standa nú í um 30 cm hæð. Inngangur virðist hafa verið til norðurs en tóftin er mjög gróin og ógreinileg.

Hættumat: hætta

SM-023:006 heystæðistóft 65°14.350N 14°20.192V
Um 30 metra ofan skurðarins ofan túns, og um 15 m ofar en tóft 006, er ferköntuð smátóft.

Tóftin er um 2x2 m, opin til vesturs. Veggir eru í um 30 cm hæð og um 20 cm þykkir. Tóftin er mjög gróin.

Hættumat: hætta

SM-023:007 fjárhústóft 65°14.321N 14°20.264V

Um 50 m neðan bæjarstæðisins á Dalhúsum er mjög stórþýft svæði. Mjög erfitt er að sjá nákvæmt veggjalag á þúst þessari en þó má greina útlínur fjárhúss með hlöðu áfastri aftan við. Fjárhúsið er um 8x3 m að innanmáli og má greina garða eftir því miðju. Hlaðan aftan við er um 3x7 m að innanmáli. Veggir eru mjög óljósir og horfnir í þýfi og hvergi sést grjót í hleðslu.

Hættumat: hætta

SM-023:008 tóft 65°14.982N 14°20.264V

Um 15-20 m vestan lækjarins sem rennur innan við túnið á Dalhúsunum er lítil tóft grafinn inn í brekku. Hún er 2x2,5 að innanmáli og myndar brekkan þrjá veggi í tóftinni. Veggir eru um 30 cm breiðir og hæstir um 40 cm. Inngangur virðist hafa verið í SA. Framan tóftarinnar er grasbali um 5c7 m, en kring um hann er lyngi vaxið stórþýfi.

Hættumat: hætta

SM-023:009 stekkjartóft 65°13.637N 14°20.396V

"Framan við Hóla eru rústir af Stekk. Þar heitir líka Stekkjargrund." segir í örnefnaskrá. Stekkurinn er staðsettur í kvos milli hólanna um 10-15 m vestar en lækurinn sem rennur milli hólanna og út í Eyvindará. Norðvestan Sekkjarins er nokkuð stór starartjörn milli melhóla.

Stekkurinn er tvíhólfa og er aðahólfið um 7x6 með dyr á suðurvegg. Það er grjóthlaðið, og sést enn grjót í veggjum og dyrum. Tóftin er annars mjög sinugróin. Veggir eru um metri á þykkt og standa hæst í um 1,5 m. Áfast á suðurvegg aðalhólfsins er smærra hólf og eru veggir þess mun lægri og mjórri og mjög grónir lyngi. Það er opið til austurs og virðist vera eldra en aðalhólfið. Tvö hólf eru áföst austurhlið stekkjarins en veggjalag þeirra er mjög ógreinilegt. Stekkurinn stendur á eins og smáhóli og eru mishæðir í kring um hann sem benda líklega til eldri byggingarstiga. Um 7 m vestan við stekkinn er djúp gata sem liggur frá tjörninni inn að læknum, hluti af reiðgötum þeim sem sjá má eftir endilöngum dalnum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Dalhús, 3

SM-023:010 2 tóftir

Um 10-15 m na austur af stekknum á Stekkjargrund eru tvær smátóftir. Önnur er byggð fast upp við stóra melhólinn sem stendur næst norðan stekkjarins. Tóftin er ferköntuð, um 1,5x1,5m að innanmáli með dyr til vesturs. Um 3 m SA hennar er önnur smátóft, hringlaga. Hún er 2 m í þvermál en veggjalag hennar er ógreinilegt. Tóftirnar eru báðar vaxnar lyngi og virðast vera eldri en stekkurinn.

Hættumat: engin hætta

SM-023:011 *Kálfshóll* bæjarstæði beitarhús 65°12.995N 14°20.439V

"Innan við Kálfshólslæk er stór melhóll sem heitri Kálfshóll. Vestan í honum er skógarkjarr. Innan við hólinn eru samnefnd beitarhús, og var þar býli sem mun hafa verið í eyði. Í ábúð 1851-1863" segir í Örnefnalýsingu. Beitarhús þessi eru gegnt Hnútunni og sjást mjög vel frá þjóðveginum. Þarna eru greinilegar tóftir tveggja fjárhúsa og liggur tún umverfis og neðan þeirra. Efra húsið er áfast túngarðinum sem er mjög heillegur og liggur allt umhverfis túnið. Þar er um að ræða fjárhús og áfasta hlöðu. neðra húsið hefur haft timburþil fram í dalinn og

má þar enn sjá hálffallna staura. Garði er greinilegur aftur í mitt húsið. Bæði eru húsin um 4x14m að innanmáli. Sunnan neðra hússins er um 15-20 m hóll þar sem greinilega eru leifar einhverra bygginga, en veggjalag þeirra er nú horfið. Tvær ógreinilegar heytóftir eru neðan við mitt tún. Túnið er nokkuð þýft og hafa þarna eflaust verið fleiri byggingar en þær eru nú horfnar.

Heimildir: Ö-Dalhús, 3

SM-611 Fornleifar á fleiri en einni jörð

SM-611:001 heimild leið

"Á einokunartímanum var verslað í Stóri-Breiðuvík, og lá þá verslunarleið um Tungudal og Eskifjarðarheiði." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 220

SM-611:002 heimild leið

"Um miðja 19. öldina fluttist verslunin til Seyðisfjarðar, og voru þangað farnar Vestdalsheiði (um 600 m) og Fjarðarheiði (620 m) eftir búsetu manna í sveitinni. Báðir þessir fjallvegir eru snjóþungir og erfiðir, um sex stunda lestargangur í góðu." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 220

SM-611:003 heimild leið

"Um miðja 19. öldina fluttist verslunin til Seyðisfjarðar, og voru þangað farnar Vestdalsheiði (um 600 m) og Fjarðarheiði (620 m) eftir búsetu manna í sveitinni. Báðir þessir fjallvegir eru snjóþungir og erfiðir, um sex stunda lestargangur í góðu." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 220

SM-611:004 heimild leið

"Til Loðmundarfjarðar var oftast farin Tó upp af Brennistöðum." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 220

SM-611:005 *Eiðaþinghárbraut* vegur leið

"...þegar fasteignamatið 1918 er gert, er kominn kerrufær akvegur út fyrir Mýnes, kallaður Eiðaþingárbraut. Þá eru sagðir 6 km á þann veg frá Eiðum ..." segir í Sveitum og jörðum.

Heimildir: SJM II, 221

SM-611:006 heimild leið

"Gilsárteigsfjall nær suður að Gilsárdal að ánni. Þar lá áður fyrr kaupstaðaleið Úthéraðsmanna á Seyðisfjörð um Vestdalsheiði." segir í Sveitum og jörðum. "Ennþá sjást götuslóðar, og nokkur örnefni minna á þessa gömlu leið." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: SJM V, 373; Ö-Gilsárteigur, 4

SM-612 Óstaðsetjanlegar fornleifar

SM-612:001 *Lagarfljótsormurinn* þjóðsaga

Sjá SM-622:001

Heimildaskrá

Adolf Friðriksson: Dagbók úr hofleiðangri 1992, Fornleifastofnun Íslands.

Ágúst Ó. Georgsson: *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*, Reykjavík, 1993.

Biskupasögur I-II, Kaupmannahöfn 1858, 1878

Björn Lárusson: *The Old Icelandic Land Registers* Lundi 1967

Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823 I-II, Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar, Reykjavík 1983

Halldór Stefánsson: 'Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum.' *Múlaþing V, 1970,* bls. 172-187

Hannes Þorsteinsson: "Rannsókn og leiðrjettingar á nokkrum bæjarnöfnum á Íslandi" *Árbók hins íslenska Fornleifafélags 1923*, bls. 1-96

Helgi Gíslason. "Um vöð og ferjur á Lagarfljóti" *Múlaþing* XIII 1984. 5-10

Helgi Hallgrímsson: Yfirlit um minjar í Austfirðingafjórðungi [óbirt], 1996

Ingvar Guðjónsson: "Finnastaðir í Eiðaþinghá, Suður-Múlasýslu"

Islandske Annaler indtil 1578, Kristjania 1888

Íslenskt fornbréfasafn I-XVI, Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972

Íslenzk fornrit I- Reykjavík 1933

Íslenzkar þjóðsögur og sagnir. Safnað hefir og skráð Sigfús Sigfússon I-XVI Seyðisfjörður 1922-1958

Íslenskar þjóðsögur og sagnir. Safnað hefir og skráð Sigfús Sigfússon I-XI Reykjavík 1982-1993

Íslenskar þjóðsögur og ævintýri. Safnað hefur Jón Árnason I-VI Reykjavík 1993

J.Johnsen: *Jarðatal á Íslandi,* Kaupmannahöfn 1847.

Jarðabréf frá 16. og 17. öld. Útdrættir, Gunnar F. Guðmundsson bjó til prentunar, Kaupmannahöfn 1992.

Jón Steffenssen: "Kumlafundur að Gilsárteig í Eiðaþinghá" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1959* , 121-126

Kaalund, Kristian: *Bidrag til en topografisk-historisk Beskrivelse af Island* I-II Kaupmannahöfn 1877-82

Kaalund, Kristian: *Íslenzkir sögustaðir. Austfirðingafjórðungur* IV Reykjavík 1986

Kristján Eldjárn: "Blástursjárn frá Mýnesi" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1975* , 103-105

Kristján Eldjárn: *Kuml og haugfé,* Akureyri 1956.

Kristján Eldjárn: "Kumlatíðindi 1966-7" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1967* , 94-109

Óbirt skýrsla Safnastofnunar Austurlands

Ólafur Olavius: *Ferðabók* I-II, Reykjavík 1964.

Sigurður Matthíasson Long "Sagnaþættir" Austurland. Safn Austfirzkra fræða III, Akureyri 1954, 170-231

Steinunn Kristjánsdóttir: "Rannsóknir á fornum rústum á Austurlandi"*Fréttabréf safnamanna* 6. árg. 2 tbl 1997, 5-20

Sveinn Níelsson: Prestatal og prófasta, 2. útg, Reykjavík 1950.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi II Egilstaðir 1975.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi V Egilstaðir 1995.

Túnakort. Þjóðskjalasafn Íslands. Jarðadeild XIV. Uppdrættir af túnum 1918. Eiðaþinghá

Þór Magnússon: 'Silfursjóður frá Miðhúsum í Egilsstaðahreppi.' *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1980*, 5-20.

Ö-Ásgeirsstaðir, *Ásgeirsstaðir*, Þorsteinn Eiríksson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Ásgeirsstaðir (Hús), *Ásgeirsstaðir*. Þorsteinn Eiríksson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Breiðavað, *Breiðavað*, Eiríkur Eiríksson skráði 1970. Örnefnastofnun.

Ö-Brennistaðir, *Brennistaðir*, Eiríkur Eiríksson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Dalhús**,** *Dalhús*, Þóroddur Guðmundsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Dalhús, *Dalhús*, Eiríkur Eiríksson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Eiðar, *Eiðar*, Þóroddur Guðmundsson skráði 1944-45. Örnefnastofnun.

Ö-Eiðar, *Skrá yfir örnefni á Eiðum í Eiðaþinghá*, Eiríkur Eiríksson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Eyvindará**,** *Eyvindará*, Þóroddur Guðmundsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Finnastaðasel, *Finnastaðasel*, Eiríkur Eiríksson skráði 1970. Örnefnastofnun.

Ö-Finnastaðir, *Finnastaðir*, Eiríkur Eiríksson skráði 1970. Örnefnastofnun.

Ö-Fljótsbakki, *Fljótsbakki*, Eiríkur Eiríksson skráði 1970. Örnefnastofnun.

Ö-Fossgerði, *Fossgerði*, Eiríkur Eiríksson skráði 1970. Örnefnastofnun.

Ö-Fossgerði ath og viðb, *Fossgerði. Athugasemdir og viðbætur*, Ingvar Guðjónsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Gilsárteigur, *Gilsárteigur*, Eiríkur Eiríksson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Gilsárteigur ath og viðb, *Gilsárteigur. Athugasemdir og viðbætur*, Jón A. Kristjánsson, skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Gröf, *Örnefni í Grafarlandi*. Örnefnastofnun.

Ö-Gröf, *Gröf*, Eiríkur Eiríksson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Hamragerði, *Hamragerði*, Eiríkur Eiríksson skráði 1970. Örnefnastofnun.

Ö-Hjartarstaðir, *Hjartarstaðir*, Eiríkur Eiríksson skráði 1970. Örnefnastofnun.

Ö-Hleinargarður, *Hleinargarður*, Eiríkur Eiríksson skráði 1970. Örnefnastofnun.

Ö-Hreimsstaðir, *Hreimsstaðir*, Eiríkur Eiríksson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Miðhús, *Miðhús*, Þóroddur Guðmundsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Miðhús, *Miðhús*, Eiríkur Eiríksson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Mýnes, Mýnes, Eiríkur Eiríksson skráði 1971. Örnefnastofnun.

Ö-Ormsstaðir, *Ormsstaðir*, Eiríkur Eiríksson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Snjóholt, *Snjóholt*, Eiríkur Eiríksson skráði 1970. Örnefnastofnun.

Ö-Steinholt**,** *Steinholt*, Eiríkur Eiríksson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Tókastaðir, *Tókastaðir*, Eiríkur Eiríksson skráði 1970. Örnefnastofnun.

Ö-Uppsalir, *Örnefnaskrá, í landi Uppsala í Eiðaþinghá, Suður-Múlasýslu*, Ingvar Guðjónsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Þrándarstaðir, *Þrándarstaðir*, Eiríkur Eiríksson skráði 1970. Örnefnastofnun.

Ö-Þuríðarstaðir, *Þuríðarstaðir*, Þóroddur Guðmundsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Þuríðarstaðir, *Þuríðarstaðir*, Eiríkur Eiríksson skráði. Örnefnastofnun.